



# Sveitarfélagið Strandabyggð

Aðalskipulag 2010-2022

GREINARGERÐ



---

3. maí 2011



# **STRANDABYGGÐ**

## **Aðalskipulag 2010-2022**



**LANDMÓTUN®**

**Yngvi Þór Loftsson**

**Kt. 110252 4479**

**Óskar Örn Gunnarsson**

**Margrét Ólafsdóttir**

*Forsíðumynd : ..... (Ljósm. YPL 2008).*

# Strandabyggð

Aðalskipulag 2010-2022

Aðalskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum var samþykkt af sveitarstjórn Strandabyggðar


þann 3. maí 2011.

*Engilbjörg Vaugeirsdóttir*  
Sveitarstjóri Strandabyggðar

Aðalskipulag þetta var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar ráðherra samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum

þann 3. 6 2011.

*Guðrún S. Þórunn*  
Bjarna Bj. Alnaldottir



Aðalskipulag Strandabyggðar var staðfest af umhverfisráðherra

þann 21. júní 2011.

*Strandís Ólafsdóttir*  
*Jóns Þórunn*



Aðalskipulag Strandabyggðar 2010-2022 er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000

## Efnisyfirlit

STRANDABYGGÐ .....	4
AÐALSKIPULAG 2010-2022 .....	4
SAMANTEKT .....	8
<b>1 INNGANGUR .....</b>	<b>8</b>
1.1 MARKMIÐ AÐALSKIPULAGS .....	8
1.1.1 Samráð við íbúa.....	9
1.1.2 Samráð við hagsmunaaðila.....	10
1.1.3 Samráð við stofnanir og fyrirtæki.....	10
1.2 FYRIRLIGGJANDI SKIPULAGSÁÆTLANIR OG AÐRAR ÁÆTLANIR.....	11
1.3 AFGREIÐSLA AÐALSKIPULAGS STRANDABYGGÐAR 2010-2022 (SBR. 9. GR. LAGA NR. 105/2006):.....	12
1.4 KORTAGRUNNAR OG UPPDRÆTTIR .....	13
<b>2 UMHVERFISSKÝRSLA .....</b>	<b>13</b>
2.1 YFIRLIT YFIR EFINI ÁÆTLUNAR.....	13
2.2 TILGANGUR UMHVERFISMATS.....	14
2.3 TENGLI VIÐ AÐRA ÁÆTLANAGERÐ.....	15
2.3.1 Áætlanir á landsvísu.....	15
2.3.2 Alþjóðlegar samþykktir.....	16
<b>3 UMFANG, ÁHERSLUR OG FRAMSETNING .....</b>	<b>17</b>
3.1 MARKMIÐ ÁÆTLUNAR SEM TEKIN ERU TIL MATS.....	17
3.2 UMHVERFISÞÆTTIR OG VIÐMIÐ .....	17
<b>4 UMHVERFISMAT .....</b>	<b>18</b>
4.1 STEFNA AÐALSKIPULAGS STRANDABYGGÐAR UM BYGGÐ .....	18
4.1.1 Áhrif stefnu aðalskipulags vegna íbúðabyggðar.....	19
4.1.2 Valkostir fyrir íbúðarbyggð.....	19
4.1.3 Niðurstaða samanburðar.....	20
4.1.4 Mótvægisáðgerðir vegna stefnu aðalskipulags .....	20
4.1.5 Heildarniðurstaða umhverfisáhrifa fyrir byggð.....	20
4.2 STEFNA AÐALSKIPULAGS STRANDABYGGÐAR UM VERND OG NÁTTÚRUVÁ .....	20
4.3 STEFNA AÐALSKIPULAGS UM ATVINNU.....	21
4.3.1 Áhrif stefnu aðalskipulags vegna sorpfögunar .....	21
4.3.2 Valkostir fyrir sorpfögun .....	22
4.3.3 Niðurstaða samanburðar.....	22
4.3.4 Mótvægisáðgerðir vegna stefnu aðalskipulags .....	23
4.3.5 Heildarniðurstaða umhverfisáhrifa fyrir sorpfögun .....	23
4.4 STEFNA AÐALSKIPULAGS UM SAMGÖNGUR OG VEITUR.....	23
4.4.1 Áhrif stefnu aðalskipulags fyrir vegi.....	23
4.4.2 Valkostir: fyrir samgöngur.....	23
4.4.3 Niðurstaða samanburðar.....	24
4.4.4 Mótvægisáðgerðir vegna stefnu aðalskipulags .....	25
4.4.5 Heildarniðurstaða umhverfisáhrifa fyrir samgöngur og veitur.....	25
<b>5 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM FRAMKVÆMDA, SAMRÁÐ, HEILDARNIÐURSTAÐA OG VÖKTUNARÁÆTLUN... 25</b>	
5.1 FRAMKVÆMDIR HÁÐAR MATI Á UMHVERFISÁHRIFUM .....	25
5.2 SAMRÁÐ .....	25
5.3 KYNNING UMHVERFISSKÝRSLU .....	25
5.4 SAMLEGÐARÁHRIF OG HEILDARNIÐURSTAÐA MATSVINNU .....	25
5.5 VÖKTUNARÁÆTLUN .....	25



<b>6</b>	<b>MEGINÞÆTTIR SKIPULAGSÁÆTLUNAR</b> .....	<b>26</b>
6.1	LÝSING AÐALSKIPULAGS.....	26
6.2	MEGINÞÆTTIR AÐALSKIPULAGS.....	26
<b>7</b>	<b>DREIFBÝLI</b> .....	<b>27</b>
7.1	ATVINNA.....	27
7.1.1	<i>Landbúnaðarsvæði</i> .....	27
7.1.2	<i>Verslunar- og þjónustusvæði</i> .....	31
7.1.3	<i>Svæði fyrir þjónustustofnanir</i> .....	32
7.1.4	<i>Athafnasvæði</i> .....	33
7.1.5	<i>Iðnaðarsvæði</i> .....	33
7.1.6	<i>Hafnarsvæði</i> .....	34
7.1.7	<i>Efnistökusvæði</i> .....	35
7.1.8	<i>Sorpförgunarsvæði</i> .....	37
7.1.9	<i>Umhverfisáhrif atvinnu</i> .....	37
7.2	BYGGÐ.....	37
7.2.1	<i>Svæði fyrir fristundabyggð</i> .....	37
7.2.2	<i>Opin svæði til sérstakra nota</i> .....	38
7.2.3	<i>Umhverfisáhrif byggðar</i> .....	39
7.3	NÁTTÚRA OG VERNDARSVÆÐI.....	41
7.3.1	<i>Óbyggð svæði</i> .....	41
7.3.2	<i>Náttúruverndarsvæði</i> .....	41
7.3.3	<i>Þjóðminjavernd</i> .....	42
7.3.4	<i>Verndarsvæði vegna neysluvatns</i> .....	46
7.3.5	<i>Skilgreining vatnsgæða og flokkun vatns</i> .....	47
7.3.6	<i>Hverfisverndarsvæði</i> .....	47
7.3.7	<i>Svæði undir náttúruvá</i> .....	49
7.3.8	<i>Umhverfisáhrif náttúra og verndarsvæði</i> .....	51
7.4	SAMGÖNGUR OG VEITUR.....	52
7.4.1	<i>Vegir</i> .....	52
7.4.2	<i>Gönguleiðir</i> .....	55
7.4.3	<i>Reiðleiðir</i> .....	56
7.4.4	<i>Vatnsveita</i> .....	59
7.4.5	<i>Hitaveita</i> .....	59
7.4.6	<i>Fráveita</i> .....	59
7.4.7	<i>Rafveita</i> .....	60
7.4.8	<i>Fjarskipti</i> .....	60
7.4.9	<i>Umhverfisáhrif samgöngur og veitur</i> .....	61
<b>8</b>	<b>ÞÉTTBÝLIÐ Á HÓLMÁVIK</b> .....	<b>61</b>
8.1	ATVINNA.....	61
8.1.1	<i>Verslun og þjónusta</i> .....	61
8.1.2	<i>Svæði fyrir þjónustustofnanir</i> .....	62
8.1.3	<i>Athafnasvæði</i> .....	65
8.1.4	<i>Iðnaðarsvæði</i> .....	66
8.1.5	<i>Sorpförgunarsvæði</i> .....	66
8.1.6	<i>Hafnarsvæði</i> .....	67
8.2	BYGGÐ.....	68
8.2.1	<i>Landbúnaðarsvæði</i> .....	68
8.2.2	<i>Svæði fyrir íbúðabyggð</i> .....	68
8.2.3	<i>Svæði fyrir fristundabyggð</i> .....	70
8.2.4	<i>Opin svæði til sérstakra nota</i> .....	72
8.3	UMHVERFISÁHRIF VEGNA BYGGÐAR.....	73



8.4	NÁTTÚRA OG VERNDARSVÆÐI.....	73
8.4.1	Óbyggð svæði.....	73
8.4.2	Vernd, vá og friðun.....	73
8.4.3	Hverfisverndarsvæði.....	74
8.5	SAMGÖNGUR OG VEITUR.....	75
8.5.1	Vegir.....	75
8.5.2	Rafveita.....	77
8.5.3	Hitaveita.....	77
8.5.4	Vatnsveita.....	77
8.5.5	Fráveita.....	78
9	HEIMILDIR .....	79
9.1	RITAÐAR HEIMILDIR:.....	79
9.2	VEFSÍÐUR: .....	79
10	VIÐAUKI.....	80



## SAMANTEKT

### 1 INNGANGUR

Vinna við gerð nýs Aðalskipulags fyrir Strandabyggð í Strandasýslu hófst árið 2007. Sveitarfélagið varð til árið 2006 við sameiningu tveggja hreppa, Broddaneshrepps og Hólmavíkurhrepps. Áður hafði Hólmavíkurhreppur stækkað mikið, með sameiningu við Nauteyrrahrepp við Ísafjarðardjúp árið 1994 og önnur sameining varð síðan árið 2002 við Kirkjubólshrepp. Hið nýja sveitarfélag er því allstórt eða nítján hundruð ferkílómetrar að flatarmáli.

Í greinargerðinni er nánari lýsing á skipulagsuppdrætti og stefnumörkun fyrir þá landnotkun sem stefnt er að á svæðinu. Hver landnotkunarflokkur hefur sinn ákveðna lit og tákni á uppdrætti og gilda þær reglur og viðmiðanir sem lýst er nánar í greinargerð.

#### 1.1 MARKMIÐ AÐALSKIPULAGS

##### LEIÐARLJÓS

Skipulagið skal stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnulíf og mannlíf og að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða.

##### MEGINMARKMIÐ

Aðalskipulag Strandabyggðar 2010-2022 miðast við að sjá fyrir nægu landrými fyrir mismunandi starfsemi á tímabilinu 2010-2022. Höfuðmarkmið aðalskipulagsins er að sporna við neikvæðri íbúapróun. Það er gert með því að búa enn frekar í haginn fyrir fjölbreytt og gott mannlíf, með því að efla og rækta þá góðu eiginleika sem fylgja búsetu í litlu samfélagi. Tryggja góðar aðstæður fyrir atvinnulíf, m.a. með framboði fjölbreyttra lóða.

Nánar eru helstu markmið aðalskipulags þessi :

- Að varðveita og auka **fjölbreytni í atvinnulífi** sveitarfélagsins.
- Að **bæta þjónustu** við íbúa hreppsins og ferðamenn.
- Að **varðveita ósnortna náttúru** hreppsins og vernda menningarverðmæti.
- Að þróa umhverfisvæna úrgangsméðhöndlun.
- Að stuðla að **hagkvæmri þróun byggðar** á svæðinu, m.a. að taka frá byggingaland fyrir vöxt þéttbýlis og að leggja fram áætlan sem gæti stuðlað að hagstæðum búsetuskilyrðum. Þessu markmiði verði náð með því að efla þætti sem m.a. varða atvinnulíf, menntun, félagslega aðstöðu og samgöngur.
- Að stuðla að **auknum og fjölbreyttum atvinnutækifærum** með nægu framboði lóða undir iðnað, ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi og með aukinni nýsköpun.
- Að stuðla að hagkvæmri **nýtingu orkulinda**. Að jarðefnanámur verði skrásettar og stærð þeirra skilgreind.
- Að standa vörð um **landbúnað** á svæðinu til að sveitir haldist í blómlegri byggð.
- Að leita hagkvæmustu lausna í **vegagerð** og stuðla að umferðar- og rekstraröryggi, samtengingu byggðar, m.a. vegna skólaaksturs og atvinnu utan býla.
- Að stuðla að **góðum samgöngum** í byggðarlaginu.
- Að stuðla að **varðveislu náttúruminja og söguminja** og annarra umhverfislegra gæða sem styrkir m.a. ferðaþjónustu.
- Að styrkja stoðir og **auka vægi ferðaþjónustu** á svæðinu sem byggir á sérstöðu svæðisins.
- Að standa vörð um vernd **grunnvatns** sem nytjavatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi.





- Að stuðla að **gróðurvernd og landgræðslu** og að landnýting verði í samræmi við landgæði og ástand lands.
- Að skráð verði þekkt **hættusvæði**, t.d. þar sem ofanflóða- eða annars konar flóðahætta er til staðar.
- Að stuðla að því að nýting lands, auðlinda og mannaúðs sé í samræmi við markmið **sjálfbærrar þróunar**.
- Að stefnt verði að því að **afmarka svæði fyrir frístundabyggð**, núverandi og fyrirhuguð.
- Að benda skýrt á gildi **skógræktar** enda er líklegt að um verði að ræða umtalsverða breytingu á landnotkun vegna skógræktar, bæði almennrar skógræktar og nytjaskógræktar.

### 1.1.1 Samráð við íbúa

Þegar hafa verið haldnir nokkrir fundir vegna skipulagsvinnunnar, bæði með fulltrúum sveitarstjórnar og einnig tveir íbúafundir.

Íbúafundur var haldinn 29. apríl 2008, þar sem kynntar voru forsendur fyrir aðalskipulagið og núverandi ástand var kynnt og safnað var hugmyndum til stefnumótunar aðalskipulagsins og ræddir ýmsir þættir viðkomandi því:

- Atvinnu og íbúamál.
- Landnotkun og þróun byggðar.
- Samgöngur og veitur.
- Umhverfismál.
- Þéttleika byggðar og byggða-mynstur.
- Takmarkanir á landnotkun.

Annar íbúafundur var haldinn 10. nóvember 2009, þar sem kynnt voru forsendur, drög að Aðalskipulagi Strandabyggðar 2010-2022 sem og umhverfisskýrsla. Þriðji íbúafundur var haldinn 20. maí 2010, þar sem farið var yfir tillögu að aðalskipulagi. Þann 29. apríl og 10. nóvember 2009 voru haldnir fundir með sveitarstjórn og nefndum og ráðum í Strandabyggð og 2. febrúar 2010 var haldinn fundur með sveitarstjórn og nefndum þar sem farið var yfir athugasemdir sem borist höfðu.



Mynd 1-1. Frá íbúafundi í nóvember 2008.



### 1.1.2 Samráð við hagsmunaaðila

Haft verður samráð við fjölmarga aðila sem á einn eða annan hátt tengjast þeim þáttum sem aðalskipulagið tekur til. Hér á eftir er gerð grein fyrir samráði sem skilyrt er skv. skipulagsreglugerð, gr. 3.2.

### 1.1.3 Samráð við stofnanir og fyrirtæki

Þegar fyrir liggja fyrstu drög að tillögu þá verður haft samráð við aðila er tengjast eftirfarandi efnisflokkum:

- Landbúnaðarsvæði. Tillagan var send Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Skógrækt ríkisins og Skjólsgógum í mars 2010. Tillagan var einnig send til Náttúrustofu Vestfjarða vegna umfjöllunar um gróðurfar.
- Vegagerðin um vegi og reiðleiðir. Haldnir voru samráðsfundir við Vegagerðina í byrjun aðalskipulagsvinnunnar vegna fyrirhugaðra breytinga á vegakerfi innan Strandabyggðar, t.a.m. tillögur um breytingar á Strandavegi og vegtenginga og vegna nýrra vegtenginga við stofn- og tengivegi. Tillagan var send Vegagerðinni til umsagnar í mars 2010. Tillagan var ennfremur send Flugstöðum til umsagnar vegna flugvallarins á Hólmavík í mars 2010.
- Náttúruverndarsvæði og hverfisverndarsvæði vegna náttúruminja. Leitað var til Umhverfisstofnunar varðandi afmörkun verndarsvæða. Tillagan var send til umsagnar í mars 2010. Tillagan var send til Veðurstofunnar í mars 2010 vegna umfjöllunar um náttúruvá.
- Vatnsból, vatnsvernd og verndarsvæði strandmengunar og mengunar í ám og vötnum. Fundur var haldinn með Orkustofnun varðandi afmörkun vatnsverndarsvæða og var tillagan send Orkustofnun og Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða til umsagnar í mars 2010.
- Fornminjaverndarsvæði og hverfisverndarsvæði vegna fornminja. Tillagan var send Fornleifavernd ríkisins til umsagnar í mars 2010.
- Efnistökusvæði. Leitað var til Vegagerðarinnar vegna upplýsinga um efnistökusvæði. Farið var ítarlega með þeim sem til þekkingar í sveitarfélaginu um fjölda og staðsetningu efnistökusvæða. Tillagan var send Vegagerðinni og Umhverfisstofnunar til umsagnar í mars 2010.
- Veitur. Samráð hefur verið haft við Landsnet vegna flutningskerfis raforku og einnig við RARIK vegna dreifikerfis raforku. Tillagan var send Orkubúi Vestfjarða til umsagnar í mars 2010.
- Samráð við nágrennasveitarfélög. Skipulagstillagan verður kynnt fyrir nágrennasveitarfélögum Kaldrananeshreppi, Árneshreppi, Ísafjarðarbæ, Súðavíkurbæ, Reykhólahreppi, Dalabyggð og Bæjarhreppi til umsagnar í mars 2010.
- Tillagan var send Kirkjugarðsráði til umsagnar í mars 2010.
- Tillagan var send til Siglingastofnunar til umsagnar í mars 2010.
- Þegar sveitarstjórn sendi tillöguna til Skipulagsstofnunar með ósk um leyfi til auglýsingar var eftirfarandi stofnunum send aðalskipulagstillöguna til umsagnar.
- Umhverfisstofnun
- Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
- Kirkjugarðsráð (Skipulagsnefnd kirkjugarða)
- Fornleifavernd ríkisins\*
- Vegagerðin\*
- Siglingastofnun\*
- Skógrækt ríkisins\*
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða



- Orkustofnun\*
- Skjólskógar
- Veðurstofu Íslands
- Flugstoðir\*
- Orkubú Vestfjarða\*
- Ísafjarðarbær\*
- Skagabyggð\*
- Reykhólahreppi
- Dalabyggð
- Bæjarhreppi
- \*Umsagnir bárust áður en sveitarstjórn samþykkti að auglýsa tillöguna.

## 1.2 FYRIRLIGGJANDI SKIPULAGSÁÆTLANIR OG AÐRAR ÁÆTLANIR

Fyrir liggja nokkrar eldri skipulagsáætlanir í Strandabyggð:

### Aðalskipulag

a. Hólmavík Aðalskipulag 1994 - 2004, endurskoðun Aðalskipulags Hólmavíkur 1985 - 2005.

b. Kirkjubólshreppur. Tillaga að Aðalskipulagi 2003 – 2014. Hlaut ekki endanlega staðfestingu vegna sameiningar sveitarfélaganna sem varð um þetta leyti.

c. Hólmavík. Breyting á Aðalskipulagi. 12.08.88. Samþykkt. (Skipulag ríkisins).

### Deiliskipulag eða erindi afgreidd af Skipulagsstofnun skv. 3. tl. bráðbirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997

- 1991 Hólmavík. Smáhúsasvæði. Samþykkt. 21.05.91. (Skipulag ríkisins).
- 1992 Hólmavík. Skipulag hafnarsvæðis. Deiliskipulag. Samþykkt 10.06.92. (Skipulag ríkisins).
- 1997 Hólmavík. Brekkusel. Samþykkt 25.06.97. 3. tl. (Benedikt Björnsson FAÍ).
- 1999 Hólmavík. Djúpvegur, Laugarból – Ísafjarðarbotn. Samþykkt 26.11.99. (Vegagerðin).
- 2000 Hólmavík. Þverárvirkjun. Samþykkt 11.05.00. (VST).
- 2001 Kirkjubólshreppur. Heydalsá. Samþykkt 11.10.2001. 3.tl. (Jón Guðmundsson).
- 2003 Strandabyggð. Arngerðareyri, Langadal. Samþykkt 06.11.03. 3. tl. (Tækniþjónusta Vestfjarða).
- 2006 Strandabyggð. Kirkjuból, Staðardal. samþykkt 16.02.06. 3. tl.

### Aðrar áætlanir

Fyrir liggur Vestfjarðaráætlun og tekur aðalskipulagið mið af þeirri áætlun.

Í gildi er Samgönguáætlun 2007 – 2010 og tekur aðalskipulagið mið af þeirri áætlun.

Umhverfisstofnun gaf út árið 2003 Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Í áætluninni, sem lögð var fram á Alþingi sem þingsályktunartillaga 2003 er gerð tillaga að friðlandi er nái milli Ísafjarðardjúps og Stranda. Í raun færir þetta svæði út friðlandið á Hornströndum. Náttúruverndaráætlun 2009-2013 hefur nú tekið við þeirri eldri.



### 1.3 AFGREIÐSLA AÐALSKIPULAGS STRANDABYGGÐAR 2010-2022 (SBR. 9. GR. LAGA NR. 105/2006):

Samkvæmt niðurstöðum umhverfismatsins eru áhrif vegna stefnumörkunar aðalskipulag í megin atriðum talin óveruleg. Líkleg áhrif Aðalskipulags Strandabyggðar eru á heildina litið jákvæð á samfélag sveitarfélagsins en gert er ráð fyrir fjölbreyttu framboði íbúðarhúsnæðis, eflingu atvinnutækifæra sem byggir á sérstöðu svæðisins og er horft sérstaklega til uppbyggingar ferðaþjónustu t.a.m. með skilgreiningu hverfisverndarsvæða auk þeirra svæða sem þegar eru á náttúruminjaskrá. Horft er til þess að tengja byggðina í Hólmavík og hverfisvernda Plássið þar sem um er að ræða mjög heildsteypta bæjarmynd sem hefur mikið verndargildi. Bæta á samgöngur í sveitarfélaginu með almennum úrbættum á malarvegum og stuðla að bættu umferðaröryggi. Stefnumótunin og aðalskipulagsvinnan sýna mikinn vilja til að styrkja og efla sveitarfélagið á mörgum sviðum og leitast er við að samræma umhverfisvernd, nýtingu auðlinda og tækifæri á sviði atvinnu og samgangna. Neikvæðra áhrif gætu stafið af sorpförgunarsvæðis við Skeljavík vegna nálægðar við Hólmavík t.a.m. vegna lyktar og fuglagers en með viðeigandi aðgerðum á frágangi þá er hægt takmarka þau áhrif til muna. Með nýjum vegi um botn Steingrímsfjarðar verður landslag, gróður og dýralíf fyrir áhrifum.

Valkostir voru skoðaðir varðandi íbúðarbyggð, sorpförgunarsvæði og varðandi samgöngur. Fyrir íbúðarbyggð var horft á ný svæði fyrir íbúðarbyggð í Brandsskjóli og svæði norðan Skeiða. Núllkostur var einnig metinn þ.e. að byggð þróist áfram miðað við þá stefnu sem sett var fram í aðalskipulag Hólmavíkur 1994-2014. Niðurstaðan var að fylgja valkosti 1 sem gerir ráð fyrir nýju svæði í Brandsskjóli. Fyrir sorpförgunarsvæði voru tveir valkostir bornir saman varðandi staðsetningu á urðunarsvæði. Annars vegar núllkostur sem gerir ráð fyrir áframhaldandi sorpförgun í Skeljavík og hinsvegar að flytja sorpið út fyrir sveitarfélagið. Matið leiddi í ljós að æskilegra væri að halda áfram með urðunarstað í Skeljavík en um leið væri farið í aðgerðir til að minnka sorpmagn sem færi til urðunar með aukinni flokkun og endurvinnslu sorps í sveitarfélaginu. Fyrir samgöngur voru metin áhrif af færslu Strandavegar og núllkosta. Ekki var talið að tillaga um færslu Strandavegar hefðu veruleg neikvæð áhrif í för með sér og því þótti ekki nauðsynlegt að breyta um stefnu í þeim málum.

Við auglýsingu og kynningu aðalskipulagsins bárust 8 athugasemdir og 8 umsagnir bárust frá lögformlegum umsagnaraðilum sem var send tillagan fyrir auglýsingu. Öllum athugasemdum sem bárust við tillöguna var svarað efnislega og fékk hver og einn sem gerði athugasemdir svör frá sveitarfélaginu. Orðið var við nokkrum athugasemdum sem leiddu til breytinga á greinargerð og uppdrætti. Tekin var út náma E26 í Staðardal. Gerð var breyting á afmörkun hafnarsvæðis þar sem uppfylling við smábátahöfn er ekki sýnd á uppdrætti og þar með minnkar umfang hafnarsvæðisins. Gerð var breyting á Hafnarbraut 7 þar sem landnotkun var breytt úr íbúðarsvæði í svæði fyrir verslun og þjónustu. Tekið var undir athugasemd um að nauðsynlegt sé að færa umferð út fyrir gamla bæinn. En þar sem framkvæmdin er kostnaðarsöm þá er ekki gert ráð fyrir breytingu á Hafnarbraut í aðalskipulagi en sveitarfélagið áskilur sér rétt að breyta aðalskipulagi þegar hægt verður að fara í framkvæmdina.

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum og brugðist var við þeim þar sem við átti: Skógrækt ríkisins og Orkustofnun og Ísafjarðarbær gerðu engar athugasemdir við tillöguna. Fornleifavernd ríkisins gerði athugasemd við að fornleifaskráning fyrir sveitarfélagið í heild sinni hafi ekki farið fram samhliða aðalskipulagsgerð og bent á 11. gr. Þjóðminjalaga. Þar er kveðið á um að skylt sé að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá aðalskipulagi. Í framhaldi af umsögn Fornleifaverndar ríkisins var gert óformlegt samkomulag við Minjavörð Vestfjarða að fornleifaskráning fari fram í samræmi við þau markmið og fyrirvara sem sett eru fram í greinargerð aðalskipulagsins.

Umfjöllun um náttúruvá var bætt inn vegna umsagnar Siglingastofnunar þar sem er umfjöllun um sjávarflóð og gerð grein fyrir núverandi og fyrirhuguðum varnargörðum á uppdrætti og í greinargerð. Umsögn Umhverfisstofnunar leiddi til þess að texti var lagfærður og gerð grein fyrir 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda. Þar er bent á að öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó. Gerðar voru lagfæringar á umhverfisskýrslu þar sem fjallað var um neikvæð áhrif á votlendi vegna sorpförgunarsvæðis. Ekkert votlendi er á svæðinu og var það leiðrétt. Umhverfisstofnun gat ekki tekið undir umhverfisskýrslu að áhrif vegna færslu Strandavegar væru óveruleg og benti á óæskilega þróun í vegamálum þar sem vegir eru færðir í fjöruborð. Umsögn Umhverfisstofnunar og Skipulagsstofnunar leiddi ekki til breytinga á auglýstri tillögu varðandi Strandaveg þar sem sveitarfélagið taldi að breytt lega leiddi til



minni umferðaröryggis og að röskun á leirum og fjörum væri afar umfangslítill miðað við aðra þætti sem voru til umfjöllunar. Texti um vegi var lagaður m.t.t. athugasemda Vegagerðarinnar og hindrunarfletir fyrir flugbrautina á Hólmavík lagfærðir m.t.t. athugasemda Flugstoða.

Ekki var talin þörf á stefnubreytingu eða sérstökum mótvægisáðgerðum vegna aðalskipulagsins enda umhverfisáhrif talin óveruleg í öllum þáttum sem metnir voru fyrir utan áhrif á samfélag sem talin voru jákvæð. Ekki var heldur talin þörf á sérstakri vöktun vegna umhverfisáhrifa aðalskipulagsins. Lagt er til að Strandabyggð hafi umfjöllun umhverfisskýrslu til hliðsjónar við skipulagsvinnu hvers konar og grípi til þeirra mótvægisáðgerða sem eiga við hverju sinni og lagðar hafa verið til í umhverfisskýrslu. Gera skal ráð fyrir að nánari vöktunaráætlun framkvæmda verði við mati á umhverfisáhrifum þeirra sem og að fram komi nánari vöktunaráætlun á deiliskipulagsstigi.

#### 1.4 KORTAGRUNNAR OG UPPDRÆTTIR

Skipulagsgögnin eru unnin á stafræna kortagrunna frá Landmælingum Íslands í mkv. 1:50.000.

Auk skipulagsuppdráttar er skipulagsáætlunin sett fram á nokkrum séruppdráttum til þess að skýra forsendur og helstu þætti aðalskipulagsins. Skipulagsuppdrættir eru þessir:

**Nr. 1.** Sveitarfélagsuppdráttur af Strandabyggð, mkv. 1:100.000.

**Nr. 2.** Þéttbýlisuppdráttur af Hólmavík, mkv. 1:10.000.

**Nr. 3.** Skýringaruppdrættir, mkv. 1:250.000.

Til þess að auðvelda lestur skipulagsgagna eru helstu efnisþættir aðalskipulags dregnir saman til skýringar á sérstökum skýringaruppdráttum. Skipulagsuppdrættir gilda ef ósamræmi er milli skýringaruppdráttar og skipulagsuppdráttar:

- Landbúnaður og skógrækt
- Verndarsvæði og minjar
- Samgöngur
- Göngu- og reiðleiðir
- Frístundabyggð.

Sveitarfélagamörk eru frá Landmælingum Íslands. Landamerki voru unnin af Nyttjalandi og eru eingöngu sýnd til skýringar. Örnefni og bæjarnöfn eru frá Landmælingum Íslands.

## 2 UMHVERFISSKÝRSLA

### 2.1 YFIRLIT YFIR EFNI ÁÆTLUNAR

Samhliða gerð aðalskipulags var unnið umhverfismat aðalskipulagsáætlunarinnar eins og lög nr. 105/2006 gera ráð fyrir. Landmótun vann að gerð umhverfisskýrslu aðalskipulags Strandabyggðar í samvinnu við skipulags-, byggingar-, umferðar- og skipulagsnefnd Strandabyggðar.

Í aðalskipulagsáætlun kemur fram stefna Strandabyggðar um landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál sveitarfélagsins til ársins 2022. Aðalskipulagið er unnið í samráði við íbúa sveitarfélagsins og aðra hagsmunaaðila og er byggt á þeim markmiðum sem koma fram í skipulags- og byggingarlögum.

Aðalskipulag Strandabyggðar er skipulagsáætlun sem er háð umhverfismati skv. 3 gr. laga nr. 105/2006 um umhverfimat áætlana þar sem áætlunin markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 er undirbúin og samþykkt af stjórnvaldi unnin skv. lögum.



Hér er sett fram umhverfismat aðalskipulags Strandabyggðar í samræmi við kröfur laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 en í eftirfarandi töflu má sjá hvernig umhverfisskýrslan uppfyllir skilyrði um umfang og áherslur.

Samkvæmt lögum umhverfismat áætlana skal eftirfarandi koma fram í umhverfismati aðalskipulags:	Í Aðalskipulagi Strandabyggðar 2010-2022 og umhverfismatinu er fjallað um atriðin með eftirfarandi hætti:
Yfirlit yfir efni aðalskipulagsins.	Sjá kafla 1 og 6-8 í greinargerð aðalskipulagsins.
Tengsl við aðrar áætlanir.	Sjá kafla 1.3 í greinargerð aðalskipulagsins, heimildaskrá og kafla 1.3 í umhverfisskýrslu þar sem sjá má hvaða áætlunum öðrum byggt hefur verið á við gerð aðalskipulagsins.
Upplýsingar um grunnástand umhverfisins.	Sjá forsendur og kafla 3 í umhverfisskýrslu.
Umfjöllun um líklega þróun umhverfisins án framfylgdar aðalskipulagsins.	Sjá kafla 3 í umhverfisskýrslu, en þar er fjallað um núllkosta.
Lýsing á þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum af framkvæmd aðalskipulagsins.	Sjá kafla 3 í umhverfisskýrslu.
Lýsing á umhverfisvandamálum sem varða aðalskipulagið, sérstaklega sem varða svæði sem hafa sérstakt náttúruverndargildi.	Sjá forsendur og kafla 3 í umhverfisskýrslu.
Upplýsingar um umhverfisverndarmarkmið sem stjórnvöld hafa samþykkt og varða aðalskipulagið og hvernig tillit hefur verið tekið tillit til þeirra.	Sjá kafla 10 í umhverfisskýrslu.
Skilgreining, lýsing og mat á líklegum verulegum umhverfisáhrifum af framkvæmd aðalskipulagsins.	Sjá kafla 3 í umhverfisskýrslu.
Skilgreining, lýsing og mat á líklegum verulegum umhverfisáhrifum raunhæfra valkosta við aðalskipulagið.	Sjá kafla 3 í umhverfisskýrslu.
Upplýsingar um mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir, draga úr eða vega upp á móti verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum.	Sjá kafla 3 í umhverfisskýrslu.
Lýsing á því hvernig matið fór fram, upplýsingar um vöktun vegna líklegra verulegra umhverfisáhrifa.	Sjá kafla 3-4 í umhverfisskýrslu.
Samantekt.	Sjá kafla 5.4 í og niðurstöður umhverfismats í kafla 6-7 í skipulagsgreinargerð.

## 2.2 TILGANGUR UMHVERFISMATS

Umhverfismat áætlana er aðferð til þess að auka gæði áætlana, breyta þeim og samþætta fyrirliggjandi stefnu í umhverfismálum og sjálfbærri þróun. Umhverfismat áætlana er ákveðið ferli sem ber að fylgja við gerð áætlana svo leggja megi mat á hvort og þá hvaða áhrif tiltekin áætlun hefur á umhverfið í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Grundvallarhugmyndin með slíku mati er að sá sem mótar stefnuna átti sig á orsakasambandi milli áætlana og umhverfisáhrifa þeirra. Tilgangur umhverfisskýrslunnar er að greina frá því á hvaða hátt ákvarðanir um landnotkun og stefnumið Aðalskipulags Strandabyggðar 2010-2022 í tilteknum málaflokkum hafa áhrif á umhverfið og hvernig tekið var tillit til þessara áhrifa við mótnun aðalskipulagsins. Í 1.gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 kemur fram að markmið þeirra sé að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og stuðla að því að við gerð framkvæmda- og skipulagsáætlana sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Matsvinnan fyrir endurskoðun aðalskipulags miðaði við að tilgangi laganna yrði náð.





## 2.3 TENGLI VIÐ AÐRA ÁÆTLANAGERÐ

Við gerð umhverfisskýrslu verður horft til og tekið mið af eftirfarandi áætlunum. Horft var einnig til alþjóðlegra samninga og annarra stefnuskjala stjórnvalda eftir því sem við á.

### 2.3.1 Áætlanir á landsvísu

Áætlanir til athugunar	Tenging	Möguleg viðbrögð í Skipulagsvinnunni
Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 1989-2009.	Haft til hliðsjónar við gerð á Aðalskipulagi Strandabyggðar 2010-2022 og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum.	Skipulagsbreytingin tekur mið af gildandi áætlun og er í samræmi við þá landnotkun sem nær yfir sveitarfélagamörk. Tillagan er einnig í samræmi við endurskoðun Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020 sem hefur verið auglýst.
Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 1999-2018.	Haft til hliðsjónar við gerð á Aðalskipulagi Strandabyggðar 2010-2022 og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum.	Skipulagsbreytingin tekur mið af gildandi áætlun og er í samræmi við þá landnotkun sem nær yfir sveitarfélagamörk.
Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018	Haft til hliðsjónar við gerð á Aðalskipulagi Strandabyggðar 2010-2022 og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum.	Tillagan mun ekki hafa áhrif á Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018.
Aðalskipulag Kaldrananeshrepps 1994-2014.	Haft til hliðsjónar við gerð á Aðalskipulagi Strandabyggðar 2010-2022 og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum.	Tillagan mun ekki hafa áhrif á Aðalskipulag Kaldrananeshrepps. Endurskoðun aðalskipulag er í vinnslu og verður þess gætt að tillagan verði í samræmi við þá landnotkun sem nær yfir sveitarfélagamörk.
Aðalskipulag Bæjarhrepps 1995-2015	Staðfest Aðalskipulag Bæjarhrepps 1995-2015 nær einungis yfir Borðeyri.	Unnið er að endurskoðun aðalskipulags og verður þess gætt að tillagan verði í samræmi við þá landnotkun sem nær yfir sveitarfélagamörk.
Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016	Haft til hliðsjónar við gerð á Aðalskipulagi Strandabyggðar 2010-2022 og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum.	Tillagan mun ekki hafa áhrif á Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016.
Deiliskipulag á svæðum sem tillaga að breytingu nær yfir og aðliggjandi svæðum	Deiliskipulag á svæðinu höfð til hliðsjónar við gerð aðalskipulags og við gerð umhverfisskýrslu.	Tillaga að aðalskipulagi kallar á deiliskipulagsgerð.
Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2007-2020	Ekki hefur verið unnin svæðisáætlun fyrir Vestfirði.	Svæðisáætlun er í vinnslu hjá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða. Aðalskipulagið mun samræmast þeim kröfum sem löggjafinn setur þessum málaflokki



Velferð til framtíðar Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi Stefnumörkun til 2020	Tekið á öllum málaflokkum	Að breytingin samræmist þeim kröfum sem löggjafinn setur.
Samgönguáætlun 2007-2010	Höfð til hliðsjónar við gerð Aðalskipulags Strandabyggðar 2010-2022 og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum.	Breytingin er í samræmi við samgönguáætlun.
Náttúruverndaráætlun 2009-2013	Höfð til hliðsjónar við gerð Aðalskipulags Strandabyggðar 2010-2022 og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum.	Breytingin er í samræmi við náttúruverndaráætlun.

### 2.3.2 Alþjóðlegar samþykktir

Markmið og ákvæði eftirfarandi alþjóðlegra samþykpta liggja til grundvallar framtíðarsýn og stefnu aðalskipulags Strandabyggðar.

Áætlanir til athugunar	Tenging
Alþjóðasamþykkt um fugla-vernd (París 1950).	Allir villtir fuglar skulu verndaðir. Stjórnvöld mega veita undanþágu frá þessari almennu reglu í þágu vísinda og menntunar, og hvað varðar vargfugla.
Ramsarsamningur, samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi (Ramsar 1971).	Ekkert svæði nýtur verndar á grundvelli samningsins innan Strandabyggðar. En aðalskipulag Strandabyggðar tekur mið af samningnum með að raska sem minnst votlendi.
Samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979).	Gera ber nauðsynlegar ráðstafanir til að viðhalda, eða aðlaga, stofnstærð villtra dýra og plantna, í samræmi við vistfræðilegar, vísindalegar og menningarlegar kröfur.
Samningur um líffræðilega fjölbreytni (Río 1992).	Stuðla ber að verndun og sjálfbærri notkun líffræðilegrar fjölbreytni.
Rammasamningur sameinuðu þjóðanna um loftslags-breytingar (Río de Janeiro 1992).	Stemmt verði stigi við auknum gróðurhúsaáhrifum með því að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum og vernda og auka viðtaka og geyma (þ.e. lífmassa, skóga, höf og önnur vistkerfi á landi, á ströndum og í hafi) fyrir gróðurhúsa-lofttegundir.
Samningur um verndun menningar- og náttúru-arfleifðar heimsins (C 42/1995) <a href="http://whc.unesco.org">http://whc.unesco.org</a>	Skylda aðildarríkis til að skilgreina, vernda, varðveita, kynna og miðla til komandi kynslóða menningar- og náttúruarfleifð sem hefur sérstakt alþjóðlegt gildi og er á yfirráðasvæði þess.





### 3 UMFANG, ÁHERSLUR OG FRAMSETNING

#### 3.1 MARKMIÐ ÁÆTLUNAR SEM TEKIN ERU TIL MATS

Í eftirfarandi kafla er fjallað um helstu umhverfisáhrif sem tillaga að aðalskipulagi Strandabyggðar 2010-2022 er líkleg til að hafa í för með sér. Fjallað er um áhrif tiltekinna málaflokka og stefnumörkun þeirra á helstu umhverfisþætti. Lögð er áhersla á að meta umhverfisáhrif breytinga frá núverandi skipulagsáætlunum. Í lok kafla 3.1-3.3. í skipulagsgreinargerð er birt niðurstaða umhverfismats en málaflokkarnir eru:

**Náttúra og verndarsvæði** þar sem fjallað er um verndarsvæði, náttúruvá og óbyggð svæði.

**Byggð**, þar sem fjallað er um þjónustustofnanir, frístundabyggð, íbúapróun, íbúðarhúsnæði, íbúðarsvæði og opin svæði til sérstakra nota.

**Atvinna**, þar sem fjallað er um landbúnað, verslun og þjónustu, athafnasvæði, iðnaðarsvæði, efnistöku og sorpförgun.

**Samgöngur og veitur**, þar sem fjallað er um samgöngur og veitur.

Í aðalskipulagi Strandabyggðar eru tekin til mats stefnumið um byggð þ.e. um íbúðarsvæði, stefnumið um samgöngur og veitur og stefnumið um sorpförgun, þar sem í þessum málaflokkum möguleiki er á verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum.

#### 3.2 UMHVERFISÞÆTTIR OG VIÐMIÐ

##### Umhverfisþættir og umhverfisviðmið

Við gerð umhverfisskýrslu fyrir aðalskipulag Strandabyggðar var ákveðið að horfa til umhverfisþáttanna, náttúra, samfélag og auðlindir. Þar undir koma nokkrir undirþættir sem greinast eftirfarandi:

- **Náttúra:** Undirþættir eru landslag, jarðfræði og jarðmyndanir, gróðurfar og dýralíf og vatnafar.
- **Auðlindir:** Undirþættir eru landrými, verndarsvæði, orka, vatns /vatnsbúskapur, jarðefni, sorp og fráveita.
- **Samfélag:** Undirþættir eru samgöngur, efnahagur, félagslegt umhverfi, heilsa, menningarminjar og öryggi

Að baki hverjum umhverfisþætti eru lagðar fram forsendur þess að hann er valinn og hvar upplýsingar um hann er að finna. Að baki hverjum umhverfisþætti liggja matsspurningar og viðmið. Viðmið eru ýmist stefna sveitarstjórnar, lög og reglugerðir eða stefna íslenskra stjórnvalda. Þar sem hægt er að meta með mælingum áhrif og/eða breytingar af völdum aðalskipulags Strandabyggðar á tiltekinn umhverfisþátt eru notaðir umhverfisvísar. Með þeim er hægt að afmarka gagnasöfnun um tiltekinn umhverfisþátt við ákveðin atriði. Nánari skýringar á umhverfisþáttum og viðmiðum má finna í lok greinargerðar í viðauka.

##### Umhverfismatið – aðferðir og framsetning niðurstaðna

Upplýsingar sem nýttar verða við gerð umhverfisskýrslu eru gögn sem aflað hefur verið við gerð gildandi Aðalskipulags Hólmavíkur ásamt gögnum fyrir endurskoðun Aðalskipulags Strandabyggðar. Einnig gögn sem tengjast umhverfismati einstakra framkvæmda innan sveitarfélagsins sem og tilkynningargögn og gögnum sem aflað hefur verið í tengslum við þá vinnu. Byggt var á fyrirliggjandi upplýsingum um ástand umhverfis í Strandabyggð, þ.m.t. á fyrirliggjandi upplýsingum úr málsmeðferð einstakra framkvæmda skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Til að lýsa vægi áhrifanna eru notaðar venslatöflur þar sem áhrifum er lýst á eftirfarandi hátt:



Vægi áhrifa	Skýring
Jákvæð +	<p>Jákvæð áhrif á umhverfisþátt.</p> <p>Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði. Sú breyting eða ávinningur sem hlýst af framkvæmdinni/áætluninni er oftast varanleg. Áhrifin eru oftast svæðis- eða landsbundin en geta einnig verið staðbundin.</p>
Óveruleg/Óljós 0	<p>Óveruleg eða óljós áhrif á umhverfisþátt</p> <p>Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru minniháttar, m.t.t. umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrifin eru oftast stað- eða svæðisbundin.</p> <p>Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun.</p>
Neikvæð -	<p>Neikvæð áhrif á umhverfisþátt</p> <p>Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti skerða umfangsmikið svæði og/eða svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrfars og fornminja, og/eða rýra hag mikils fólks. Sú breyting eða tjón sem hlýst af framkvæmdinni er oftast varanleg og yfirleitt óafturkræft. Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin.</p>

## 4 UMHVERFISMAT

### 4.1 STEFNA AÐALSKIPULAGS STRANDABYGGÐAR UM BYGGÐ

Umfjöllun um byggð einskorðast við íbúðabyggð þar sem ekki er talið að stefna aðalskipulags Strandabyggðar um frístundabyggð og opin svæði til sérstakra nota geti haft verulega neikvæð áhrif í för með sér. Ekki er því fjallað um þau í þessu mati vegna lítils umfangs þeirra en um er að ræða fá og lítil svæði.

Megin markmið sveitarfélagsins um íbúðarbyggð er að stuðla að samfelldari byggð. Að mynda byggð sem samsvarar sér vel og sé aðlaðandi jafnt fyrir íbúa sem ferðalanga. Að varðveita og efla þau lífsgæði sem felast í fagurri náttúru, landslagi og lífríki, jafnframt því að bæta innra umhverfi bæjarins. Ennfremur að varðveita og bæta götumynd elsta bæjarkjarnans.

Í Aðalskipulagi Strandabyggðar er ekki gert ráð fyrir sérstakri uppbyggingu íbúðarbyggðar í dreifbýli en áhersla lögð á uppbyggingu þéttbýlis á Hólmavík.



Mynd 4-1. Valkostir fyrir íbúðabyggð



#### 4.1.1 Áhrif stefnu aðalskipulags vegna íbúðabyggðar:

Í aðalskipulagi Strandabyggðar 2010-2022 er gert ráð fyrir að íbúum muni fjölga um 0,5 á ári út skipulagstímabilið. Miðast sú spá við að íbúapróun fylgi nokkurn veginn landsmeðaltali. Gangi sú spá eftir þá er gert ráð fyrir að íbúar Strandabyggðar verði á bilinu 530-535 í lok skipulagstímabilsins, en íbúar í Strandabyggð voru 504 þann 1. júlí 2009. Miðað við framreiknaða íbúapróun þá er þörf fyrir um 11-13 íbúðum á skipulagstímabilinu. Innan núverandi byggðar eru um 6-7 lóðir lausar. Miðað við það þá fullnægir það ekki þörfinni fyrir nýtt húsnæði á skipulagstímabilinu og er því gert ráð fyrir nýju svæði fyrir íbúðarbyggð í Brandsskjóli þar sem rými er fyrir 17-25 íbúðir miðað við þéttleikann 10-15 íb/ha.

Fjölgun íbúa og uppbygging samhliða henni veldur aukinni eftirspurn eftir opinberri þjónustu ýmis konar eins og félagsþjónustu, þjónustu leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla, heilsugæslu og öldrunarþjónustu.

#### 4.1.2 Valkostir fyrir íbúðarbyggð

Við gerð aðalskipulags Strandabyggðar 2010-2022 var horft til tveggja kosta varðandi staðsetningu fyrir nýja íbúðarbyggð á Hólmavík auk núllkosta.

- Kostur 1. Stefna aðalskipulags um nýtt svæði fyrir íbúðarbyggð í Brandsskjóli.
- Kostur 2. Nýtt svæði norðan Skeiða.
- Kostur 3. Núllkostur, þ.e. að byggð þróist áfram miðað við þróun síðastliðinna ára þar sem íbúum hefur verið að fækka.

Íbúðasvæði	Náttúra	Auðlindir	Samfélag
<i>Kostur 1</i>	Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf en svæðið er að mestu mólent en einnig mýrlent að hluta. Óveruleg áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar og landslag þar sem um er að ræða samtengingu og þéttingu byggðar.	Óverleg áhrif á landrými þar sem svæðið er eðlilegt framhald af núverandi byggð. Óverleg áhrif á verndarsvæði, vatn, orku og jarðefni.	Jákvæð áhrif vegna minni fjarlægðar frá skóla og þannig minnkað umferð. Betra aðgengi fyrir fótgangandi og hjólandi vegfarendur. Jákvæð áhrif á efnahag þar sem uppbygging íbúðarhúsnæðis eykur atvinnustig í sveitarfélaginu og jákvæð áhrif á félagslegt umhverfi þar sem verið er að auka við framboð á húsnæði og, búsetukostum. Óveruleg/óljós áhrif á menningaminjar, öryggi og sorp og fráveitu.
<i>Kostur 2</i>	Svæðið er mestmegnis mólendi, melar og stöku mýrlendi. Ný íbúðarbyggð talin hafa óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir. Neikvæð áhrif á landslag þar sem nýtt svæði er meira úr tengslum við núverandi byggð og þar með ásýnd byggðar gisnari fyrir vikið. Hugsanleg neikvæð áhrif á læk sem rennur í gegnum svæðið.	Neikvæð áhrif á landrými þar sem gert er ráð fyrir stærra svæði undir byggð og samgöngumannvirki. Verið er að gera byggðina gisnari og eykur þar með orkunotkun á hvern íbúa vegna lengri fjarlægðar við skóla og heilbrigðisþjónustu. Óveruleg áhrif á vatn og jarðefni.	Fjarlægð frá skóla gæti gert það að verkum að börn verði keyrð frekar í skóla og aukið þannig umferð á vissum tímum sólarhrings. Akstursvegalengdir í sumum tilvikum lengri. Aukin umferð hefur meiri mengun í för með sér. Jákvæð áhrif á efnahag þar sem uppbygging íbúðarhúsnæðis eykur atvinnustig í sveitarfélaginu og jákvæð áhrif á félagslegt umhverfi þar sem verið er að auka við framboð á húsnæði og, búsetukostum. Óveruleg/óljós áhrif á



			menningaminjar, öryggi og sorp og fráveitu.
<i>Kostur 3</i>	Óveruleg áhrif á náttúrufer þar sem ekki er gert ráð fyrir nýjum svæðum fyrir íbúðarbyggð og þar með haldast svæðin í núverandi ástandi.	Óveruleg áhrif á auðlindir þar sem ekki er gert ráð fyrir aukinni íbúðarbyggð eða annarri þjónustu sem áhrif gæti haft á auðlindir.	Neikvæð áhrif á efnahag og félagslegt umhverfi þar sem íbúum fækkar og þar með minnkandi tekjur sveitarfélagsins og minnkandi þjónustustig. Óveruleg áhrif á samgöngur, heilsu, öryggi og menningarminjar, sorp og fráveitu.

#### 4.1.3 Niðurstaða samanburðar

Með stefnumörkun í aðalskipulagi Strandabyggðar 2010-2022 um íbúðarsvæði er komið til móts við líklegar þarfir fyrir frekari íbúðarbyggð en um leið er gætt að heildarmynd og að byggðamynstri þéttbýlisins. Með stefnu um byggð í Brandsskjóli og þéttingu byggðar er verið að stuðla að sjálfbærari og umhverfisvænni byggð vegna nálægðar við grunnþjónustu og stærri vinnuveitendur. Stefna aðalskipulags mun hafa óveruleg áhrif á náttúrfarslega þætti og auðlindir en jákvæð áhrif á samfélagslega þætti. Í samanburði við kost 2 um íbúðarbyggð norðan Skeiða þá hefur sá kostur neikvæðari áhrif í för með sér vegna meiri fjarlægðar við helstu þjónustustofnanir og stóra vinnuveitendur. Byggðin verður gisnari fyrir vikið og hlutfallslega stærra svæði fer undir byggð og önnur mannvirki. Í samanburði við núllkost þar sem gert er ráð fyrir fækkun íbúa í sveitarfélaginu með tilheyrandi áhrifum á þjónustustig, samfélag og efnahag þá er kostur 1 líklegri til skapa ákveðna heildarmynd íbúðarsvæða og mæta hugsanlegri eftirspurn á húsnæði.

#### 4.1.4 Mótvægisáðgerðir vegna stefnu aðalskipulags

Ekki eru settar fram mótvægisáðgerðir vegna íbúðarbyggðar þar sem íbúðarbyggð er talin hafa óverleg áhrif í för með sér.

#### 4.1.5 Heildarniðurstaða umhverfisáhrifa fyrir byggð

Umfjöllun um jákvæð og neikvæð áhrif markmiða aðalskipulags Strandabyggðar varðandi íbúðarsvæði sneri að því að stuðla að þéttingu núverandi íbúðarbyggðar með góðum tengslum við miðlæga þjónustu- og útivistarsvæði. Stuðlað verði að fjölbreyttu framboði íbúðagerð og lóða. Áhrif áforma sveitarfélagsins Strandabyggðar sem koma fram í aðalskipulagi 2010-2022 eru líkleg til að hafa jákvæð áhrif á samfélag en óveruleg áhrif á náttúrfarslega þætti og auðlindir.

## 4.2 STEFNA AÐALSKIPULAGS STRANDABYGGÐAR UM VERND OG NÁTTÚRUVÁ

Umfjöllun um náttúru- og verndarsvæði í aðalskipulagi tekur á eftirfarandi þáttum:

- Óbyggð svæði
- Náttúruverndarsvæði
- Þjóðminjavernd
- Verndarsvæði vegna neysluvatns
- Skilgreining vatnsgæða og flokkun vatns
- Hverfisverndarsvæði
- Svæði undir náttúruvá

Megin stefnumið sveitarfélagsins um náttúru- og verndarsvæði er að taka skal fyllsta tillit til umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða við skipulag og framkvæmdir á óbyggðum svæðum. Stefnit er að því að auka



möguleika fyrir heimamenn og ferðamenn til útivistar í sveitarfélaginu og stuðlað er að aukinni ferðaþjónustu t.a.m. með skilgreiningu á fyrirhuguðum frístundabyggðum.

Mörkuð er stefna um verndun og friðlýsingu einstakra svæða og varðveislu friðlýstra svæða, náttúruminja, þjóðminja og umhverfislegra gæða almennt. Alls eru sex svæði á náttúruminjaskrá innan Strandabyggðar sem ná yfir um 39 km<sup>2</sup> svæði, sem gerir um 2% af heildarstærð sveitarfélagsins. Stærstu svæðin eru þau sem ná yfir Kaldalón og austurhluta Drangajökuls sem og strandlengjan frá Sýruvíkurgjá að Rauðuskriðu. Tvær friðlýstar fornleifar eru innan Strandabyggðar og fjögur hús eru friðuð.

Að tryggt sé að ávallt verði nægilegt framboð á hágæða neysluvatni fyrir íbúa og fyrirtæki í Strandabyggð. Vatnsverndarsvæði Strandabyggðar sem skilgreint er fyrir þéttbýli Hólmavíkur er í Ósdal. Vatnsnám Vatnsveitu Hólmavíkur á óseyrum Ósár norðan bæjarins hófst 1988 er tekin var í notkun ný vatnslögn þaðan. Dælt er upp úr söfnunarbrunnum á áreyrunum í söfnunartank sem byggður var árið 1990 ofan Brandskjóla í bænum. Ofan flugvallar í landi Kálfaness eru einnig tvær borholur sem nýttar eru til vatnsöflunar. Alls ná vatnsverndarsvæðin yfir 48 km<sup>2</sup>, þar af er fjarsvæði 47 km<sup>2</sup> og grannsvæði 0,33 km<sup>2</sup>.

Skipulagsáætluninni er ætlað að skilgreina svæði þar sem talið er að náttúruvá sé til staðar. Metin verði þörf á endurbótum vegakerfis vegna ofanflóðahættu, þ.m.t. hugsanlegan flutning á vegarstæðum. Metin þörf á aðgerðum vegna landbrots af völdum sjávargangs

Í aðalskipulagi Strandabyggðar 2010-2022 er lagt til að komið verði hverfisvernd á nokkrum stöðum. Innan þéttbýlisins eru 3 svæði skilgreind sem hverfisverndarsvæði vegna náttúruminja en það eru Árnaklakkur, strandlengja frá Hólmavík að Lækjarósi og Kálfaness. Einnig eru þrjú svæði skilgreind vegna menningaminja en það eru Kópnes, Plássið og Skeljavík. Í dreifbýli Strandabyggðar eru gerð tillaga um hverfisvernd í Tungugróf, í Kálfaness og suðurhluta Drangajökuls. Alls eru þessi svæði 82 km<sup>2</sup> að stærð sem gerir það að verkum að verndarsvæði innan Strandabyggðar verða um 6% af heildarstærð sveitarfélagsins.

Á heildina litið kemur stefnumörkun aðalskipulags Strandabyggðar 2010-2022 sem snýr að náttúru- og verndarsvæðum fyrst og fremst til með að hafa jákvæð áhrif á þá umhverfisþætti sem metnir eru..

### 4.3 STEFNA AÐALSKIPULAGS UM ATVINNU

Meginmarkið aðalskipulags varðandi uppbyggingu atvinnulífs í Strandabyggð er að stuðla að auknum og fjölbreyttum atvinnutækifærum með nægu framboði lóða undir iðnað, ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi og með aukinni nýsköpun. Að stuðla að auknum og fjölbreyttum atvinnutækifærum með nægu framboði lóða undir iðnað, ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi og með aukinni nýsköpun. Að standa vörð um landbúnað á svæðinu til að sveitir haldist í blómlegri byggð. Að stuðla að varðveislu náttúruminja og söguminja og annarra umhverfislegra gæða sem styrkir m.a. ferðaþjónustu. Að styrkja stoðir og auka vægi ferðaþjónustu á svæðinu sem byggir á sérstöðu svæðisins.

Umfjöllun um atvinnusvæði skiptist í sorpförgunarsvæði og efnistökusvæði. Ekki er talið að stefna aðalskipulags Strandabyggðar um svæði fyrir þjónustustofnanir, landbúnaðar-, verslunar- og þjónustu-, athafna-, iðnaðar-, efnistöku- og hafnarsvæði geti haft verulega neikvæð áhrif í för með sér og eru því ekki með í þessu mati. Í öllum tilvikum er um að ræða frekar umfangslítill svæði sem talin eru hafa óveruleg áhrif á þá umhverfisþætti sem til skoðunar en jákvæð áhrif á samfélag og hefur ekki áhrif á önnur stefnumið sem geta tengst áðurtöldum málaflokkum.

#### 4.3.1 Áhrif stefnu aðalskipulags vegna sorpförgunar

Megin stefnumið sveitarfélagsins eru að minnka, flokka, hirða og farga sorpi á vistvænan hátt í samræmi við Staðardagskrá 21. Allur úrgangur sem hægt er að endurnýta, verði endurnýttur. Unnið verði að endurnýtingu og endurvinnslu þar sem það er mögulegt. Áhersla verður lögð á jarðgerð lífræns úrgangs og að móttöku- og flokkunarstöðvar í dreifbýli verði eflaðar. Ávallt sé leitað allra leiða til að draga úr myndun úrgangs og endurnýta hann eins og hægt er. Öll meðhöndlun úrgangs sé eins og best gerist á landinu. Núverandi sorpförgunarsvæði í Skeljavík mun verða áfram út skipulagstímabilið en urðunarstaðurinn verði skipulagður og lagaður með það að leiðarljósi hvar á hvaða úrgangur að vera urðaður. Útbúin verði svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, samanber lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og landsáætlun um meðhöndlun úrgangs. Útbúin verði



áætlun um hvernig eigi að laga núverandi urðunarstað að hertum kröfum, sbr. reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Útbúið verði lokað gámaplan með góðum flokkunarmöguleikum fyrir endurvinnanlegan úrgang.

Umfjöllun um jákvæð og neikvæð áhrif stefnumiða aðalskipulags Strandabyggðar varðandi sorpförgunarsvæði snýr að því að minnka sem mest úrgang sem annars þyrfti að urða með markvissri endurvinnslu og umhverfisfræðslu. Áhrif urðunarsvæðis í Skeljavík eru helst á jarðfræði og jarðmyndanir, lífríki, landrými, orkunotkun og landslag. Aðrir umhverfisþættir sem voru til athugunar en verða fyrir óverulegum áhrifum eru sjór og strandlengja, samgöngur, félagslegt umhverfi, heilsa fólks, menningarminjar, öryggi, verndarsvæði og loftgæði.

#### 4.3.2 Valkostir fyrir sorpförgun

Við gerð aðalskipulags Strandabyggðar 2010-2022 var miðað við að því halda í núverandi sorpförgunarsvæði en að minnka sorp sem fer til urðunar með aukinni flokkun og jarðgerð. Aðrir kostir sem voru til skoðunar var nýtt sorpförgunarsvæði utan Strandabyggðar.

- *Kostur 1:* Núllkostur, sorpförgunarsvæði í Skeljavík.
- *Kostur 2:* Nýtt sorpförgunarsvæði utan Strandabyggðar.

Sorpförgunarsvæði	Náttúra	Auðlindir	Samfélag
<i>Valkostur 1</i>	Neikvæð áhrif á náttúru vegna rasks og ásýnd landslags. Óveruleg á aðra náttúrufræðilega þætti.	Jákvæð áhrif af áframhaldandi sorpförgun í Skeljavík á auðlindir felast í því að ekki er tekið nýtt land undir sorpförgun sem og orkusparnaður vegna styttri vegalengda að sorpförgunarsvæði. Óveruleg áhrif á verndarsvæði, vatn og jarðefni.	Óveruleg áhrif á samgöngur, efnahag, félagslegt umhverfi, menningarminjar, öryggi og fráveitu. Líklegt er að sorpförgun á í Skeljavík hafi neikvæð/óveruleg áhrif á loftgæði og heilsu íbúa vegna lyktar, fuglagers og smithættu enda í næsta nágrenni við Hólmavík.
<i>Valkostur 2</i>	Óveruleg eða óljós áhrif þar sem staðsetning þess liggur ekki fyrir eða hvernig förgun/urðun verði háttáð.	Neikvæð áhrif ef nýtt svæði er tekið annars staðar undir sorpförgun og aukin orkunotkun við að flytja sorp annað og lengra. Óveruleg eða óljós á verndarsvæði, vatn og jarðefni þar sem staðsetning eða framkvæmd liggur ekki fyrir.	Neikvæð/Óveruleg eða óljós á samfélagslega þætti þar sem staðsetning og framkvæmd sorpförgunar er óljós. Vandamálin færð annað.

#### 4.3.3 Niðurstaða samanburðar

Með stefnumörkun í aðalskipulagi Strandabyggðar 2010-2022 um sorpförgun er komið til móts við hugsanlega eftirspurn eftir svæði undir slíka landnotkun í sveitarfélaginu en einnig eru sett fram markmið sem stuðla eiga að aukinni flokkun og endurvinnslu sorps í sveitarfélaginu og draga þannig úr urðun eins og kostur er sem gerir það kleift að halda áfram um sinn með núverandi urðunarsvæði og fullnýta það. Einnig að útbúin verði áætlun um hvernig eigi að laga núverandi urðunarstað að hertum kröfum, sbr. reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Útbúið verði lokað gámaplan með góðum flokkunarmöguleikum fyrir endurvinnanlegan úrgang. Í samanburði við valkost 2 þá er enn óljóst á þessu stigi hvernig staðið yrði að sorpförgun ef til þess kæmi að sorp yrði flutt úr sveitarfélaginu. Ljóst þykir þó að klára þarf það verkefni að útbúa svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, samanber lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og landsáætlun um meðhöndlun úrgangs til að tryggja sem bestu lausn fyrir þennan málaflokk.





#### 4.3.4 Mótvægisáðgerðir vegna stefnu aðalskipulags

Tillögur að mótvægisáðgerðum til að draga úr hættu á röskun á heildarásýnd lands í Skeljavík og neikvæðum áhrifum þess á umhverfið:

- Huga vel að tilhögun og ásýnd sorpförgunarsvæðisins. Við hönnun sorpförgunarsvæðis þarf m.a að fylgja þeirri stefnu sveitarfélagsins að framkvæmdir falli vel að landslagi. Vöktunartímabil hefst að rekstri loknum eins og frá greinir í 24. gr. reglugerðar nr. 738/2003 og stendur það að jafnaði 30 ár. Vöktun felst í áframhaldandi sýnatökum og mælingum á bæði sigvatni, grunnvatni og gasi.

#### 4.3.5 Heildarniðurstaða umhverfisáhrifa fyrir sorpförgun

Umfjöllun um jákvæð og neikvæð áhrif markmiða aðalskipulags Strandabyggðar varðandi sorpförgun sneri að því að bæta umhverfisvitund og minnka úrgang sem þarf að urða og þar með skapa þann möguleika að nýta núverandi svæði lengur. Áhrif áforma sveitarfélagsins Strandabyggðar sem koma fram í aðalskipulagi 2010-2022 eru líkleg til að hafa jákvæð áhrif á landrými og orku, neikvæð áhrif á gróður og landslag en óveruleg á aðra þætti umhverfisins.

### 4.4 STEFNA AÐALSKIPULAGS UM SAMGÖNGUR OG VEITUR

Megin markmið sveitarfélagsins er að leitað verði hagkvæmustu lausna í vegagerð og stuðlað að umferðar- og rekstraröryggi og samtengingu byggðar. Tengivegir innan byggðarinnar verða endurbættir vegna vinnusóknar utan heimilis. Ávallt sé unnið að öryggi í umferð og flutningum. Þær aðstæður séu skapaðar að öryggi sé sem mest bæði á vegum úti, sem og í þéttbýlinu. Lögð skal áhersla á heildarsýn á umferðarkerfi Hólmavíkur.

Ekki er talið að stefna aðalskipulags Strandabyggðar um reið-, göngu-, hjólaleiðir, hita-, vatns- og fráveitu gætu haft verulega neikvæð áhrif í för með sér og eru því ekki með í þessu mati.

#### 4.4.1 Áhrif stefnu aðalskipulags fyrir vegi

Í aðalskipulagi Strandabyggðar 2010-2022 er lögð til færsla vegstæðis Strandavegar af Djúpvegi í botni Steingrímsfjarðar að Geirmundarstaðavegi í mynni Selárdals. Vegurinn í dag liggur yfir Staðará fyrir innan og ofan Stakkaness og ofan Grænaness. Vegurinn er malarvegur og þykir brattur og blindur og mjög snjóþungur.

#### 4.4.2 Valkostir: fyrir samgöngur

Við gerð aðalskipulags Strandabyggðar 2008-2020 var miðað við að efla samgöngur á milli nágrennabyggðalaga og auka umferðaröryggi með bættum samgöngum. Umfjöllun um valkosti snéri að tveimur kostum ásamt núllkosti:

- Kostur 1. Færsla á Strandavegi (643).
- Kostur 2. Núllkostur sem er núverandi lega Strandavegar.



Samgöngur	Færsla á Strandavegi	Núllkostur
Náttúra	Rannsóknarsvæðið einkennist af þurrlandisgróðri. Í botni Steingrímsfjarðar eru sjávarfitjar næst sjónum, en ofar er graslendi með smárunnum aðallega krækilyngi. Nokkur ræktun er í kringum bæinn Stakkanes sem stendur við norðanverðan fjarðarbotninn. Þar eru tún á flatlendi beggja vegna núverandi vegar og einnig í hlíðinni norðan við bæjarstæðið. Út með firðinum að norðanverðu er nokkuð brött hlíð að mestu grasi vaxin með smárunnum, krækilyngi, bláberjalyngi og fjalldrapa en einnig eru fjalldrapamóar á milli. Gamalt tún er í kringum eyðibýlið Grænanes. Nokkuð votlendi er þegar kemur út undir Selárodna. Við afleggjara heim að bænum Geirmundarstöðum eru melar sem eru að hluta til gömul náma. Vistgerðir á svæðinu eru flestar algengar í landshlutanum og einnig á landsvísu og engar plöntur að finna sem eru á valista. Áhrif á gróður eru því talin óveruleg. Áhrif á landslag vegna ásjáðarbreytingar verður nokkur en ekki það mikið að það megi kallast verulegt. Framkvæmdin mun hafa hverfandi áhrif á jarðmyndanir. Framkvæmdin mun hafa óveruleg áhrif á vatnsbúskap á svæðinu en leita verður állits Fiskistofu á áhrifum framkvæmdanna á veiði.	Óveruleg áhrif á náttúrufarslega þætti þar sem ekki yrði farið í neinar framkvæmdir.
Auðlindir	Aukin jarðefnanotkun en þess verði gætt að ekki verði farið í að opna nýjar námur og því áhrifin talin óveruleg. Óveruleg áhrif á landrými, vatnsnotkun, orkunotkun og verndarsvæði.	Óveruleg áhrif á auðlindir þar sem ekki yrði farið í neinar samgöngubætur.
Samfélag	Jákvæð áhrif á umferðaröryggi með bættum vegi og vegurinn verður staðsettur á veðurfræðilega betri stað. Jákvæð áhrif á loftgæði vegna styttri vegalengda og bættra samgangna. Aðrir umhverfisþættir sem voru til athugunar en verða fyrir óverulegum/óljósum áhrifum eru efnahagur, félagslegt umhverfi og menningarmínjar.	Neikvæð samfélagsleg áhrif þar sem ekki yrði farið í neinar samgöngubætur í sveitarfélaginu.

#### 4.4.3 Niðurstaða samanburðar

Með stefnumörkun í aðalskipulagi Strandabyggðar 2010-2022 í samgöngumálum er m.a. verið að stuðla að bættu umferðaröryggi. Jákvæð áhrif valkosta sem til greina komu eru á samfélag vegna styttri vegalengda, bættra samgangna og aukins umferðaröryggis. Með nýjum samgöngumannvirkjum er líklegt að röskun verði á gróðri, dýralífi, ásjáð landslags, loftgæðum og aukinni jarðefnanotkun en eru þó ekki talin vera veruleg. Núllkostur er ekki í samræmi við stefnumið sveitarfélagsins.





#### 4.4.4 Mótvægisáðgerðir vegna stefnu aðalskipulags

Ekki eru settar fram mótvægisáðgerðir vegna stefnu um samgöngur þar sem nýr vegur í botni Steingrímsfjarðar er talin hafa óverleg áhrif í för með sér.

#### 4.4.5 Heildarniðurstaða umhverfisáhrifa fyrir samgöngur og veitur

Á heildina litið kemur stefnumörkun aðalskipulags Strandabyggðar 2010-2022 sem snýr að samgöngum og veitum hafa óveruleg áhrif á gróður, ásýnd landslags og jarðefnanotkun en jákvæð áhrif efnahag og vegalengdir styttest.

## 5 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM FRAMKVÆMDA, SAMRÁÐ, HEILDARNIÐURSTAÐA OG VÖKTUNARÁÆTLUN

### 5.1 FRAMKVÆMDIR HÁÐAR MATI Á UMHVERFISÁHRIFUM

Í aðalskipulagi Strandabyggðar eru ekki neinar framkvæmdir eða áðgerðir sem eru matsskyldar samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

### 5.2 SAMRÁÐ

Aðalskipulagstillaga fyrir Strandabyggð hefur verið til umfjöllunar hjá skipulags-, byggingar- og umferðarnefnd og sveitarstjórn síðan árið 2007. Við mótun aðalskipulags Strandabyggðar 2010-2022 var víða leitað eftir athugasemdum og ábendingum bæði hjá nágrannasveitarfélögum, ríkisstofnunum og öðrum hagsmunaaðilum. (Sjá einnig kafla 1.1.1-1.1.3)

### 5.3 KYNNING UMHVERFISSKÝRSLU

Tillaga að aðalskipulagi Strandabyggðar 2008-2020 og umhverfisskýrsla var kynnt umsagnar aðilum og almenningi og auglýst með lögformlegum hætti samhliða skipulagstillögunni (sjá kafla 1). Umsagnaraðilum og almenningi gafst sex vikur til að kynna sér aðalskipulagið og umhverfisskýrsluna og koma á framfæri athugasemdum áður en aðalskipulagið var afgreitt og staðfest.

### 5.4 SAMLEGÐARÁHRIF OG HEILDARNIÐURSTAÐA MATSVINNU

Líkleg áhrif Aðalskipulags Strandabyggðar eru á heildina litið jákvæð á samfélag sveitarfélagsins en gert er ráð fyrir fjölbreyttu framboði íbúðarhúsnæðis, eflingu atvinnutækifæra sem byggir á sérstöðu svæðisins og er horft sérstaklega til uppbyggingar ferðaþjónustu t.a.m. með skilgreiningu hverfisverndarsvæða auk þeirra svæða sem þegar eru á náttúruminjasrá. Horft er til þess að tengja byggðina í Hólavík og hverfisvernda Plássíð þar sem um er að ræða mjög heildsteypta bæjarmynd sem hefur mikið verndargildi. Bæta á samgöngur í sveitarfélaginu með almennum úrbætum á malarvegum og stuðla að bættu umferðaröryggi. Stefnumótunin og aðalskipulagsvinnan sýna mikinn vilja til að styrkja og efla sveitarfélagið á mörgum sviðum og leitast er við að samrýma umhverfisvernd, nýtingu auðlinda og tækifæri á sviði atvinnu og samgangna. Umhverfismat Aðalskipulags Strandabyggðar er því liður í að aðalskipulagsvinnan stuðli að sjálfbærri þróun í samræmi við markmið 1. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

### 5.5 VÖKTUNARÁÆTLUN

Ekki eru líkur á neikvæðum umhverfisáhrifum við framfylgd aðalskipulags og því ekki nauðsynlegt að gera tillögu að vöktunaráætlun. Lagt er til að Strandabyggð hafi umfjöllun umhverfisskýrslu til hlöðsjónar við skipulagsvinnu hvers konar og grípi til þeirra mótvægisáðgerða sem eiga við hverju sinni og lagðar hafa verið til í umhverfisskýrslu. Gera skal ráð fyrir að nánari vöktunaráætlun framkvæmda verði við mati á umhverfisáhrifum þeirra sem og að fram komi nánari vöktunaráætlun á deiliskipulagsstigi.



## 6 MEGINÞÆTTIR SKIPULAGSÁÆTLUNAR

### 6.1 LÝSING AÐALSKIPULAGS

Eftirfarandi er stutt samantekt um meginatriði í landnotkun á einstökum svæðum í sveitarfélaginu. Skipulagsuppdráttur fyrir sveitarfélagið í heild er í mkv. 1:100.000 og þéttbýlisuppdrættir Hólmavíkur eru í mkv. 1:10.000. Auk þess munu skýringaruppdrættir felldir inn í greinargerðina. Hver landnotkunarflokkur hefur sinn ákveðna lit og tákni á uppdrætti og gilda þær reglur og viðmiðanir sem lýst er nánar í greinargerð. Vegna mælikvarða á sveitarfélagsuppdrætti eru svæði sem eru 5 ha eða minni táknuð með hring en ekki afmörkuð. Lýsing á starfsemi á einstökum svæðum er samkvæmt núverandi notkun og er ekki bindandi umfram ákvæði skipulags- og byggingarlaga og skipulagsreglugerðar

### 6.2 MEGINÞÆTTIR AÐALSKIPULAGS

Strandabyggð er stórt sveitarfélag sem gengið hefur í gegnum nokkra þróun á síðustu árum og áratugum. Þar þar hæst sameiningar við nágrannasveitarfélög sem skilað hafa landfræðilega stóru sveitarfélagi og svo breytingar í atvinnulífi.

Hið síðasttalda á bæði við um þéttbýli og dreifbýli. Þannig hafa bæði breytingar í sjávarútvegi og samdráttur í landbúnaði komið illa niður á atvinnulífi á Hólmavík. Þetta birtist m.a. í að nú eru einungis gerðir út smábátar á Hólmavík og rekstri sláturhúss er hætt. Í dreifbýlinu hefur sauðfjárbúum heldur fækkað. Skipting ársverka í Strandabyggð samkvæmt tölum frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða frá 2007 sýnir að landbúnaður er stærsta atvinnugreinin í Strandabyggð, þar á eftir kemur opinber starfsemi eins og félagsþjónusta, skólar og heilbrigðisþjónusta. Sjávarútvegur er þriðja stærsta atvinnugreinin.

Hólmavík er þéttbýlisstaður í Strandabyggð er byggir á gömlum merg. Þar hefur átt sér stað talsverð nýsköpun í atvinnulífi undanfarin ár og nægir að nefna menntamál. Þar er miðstöð opinberrar þjónustu í sveitarfélaginu og sjávarútvegs. Aðalskipulagið gerir ráð fyrir vexti á Hólmavík og tekin eru frá svæði m.a. undir íbúðabyggð og atvinnulóðir.

Í Aðalskipulaginu er lögð áhersla á verndun götumyndar gamla bæjarins.

Samkvæmt skrá um friðlýstar fornminjar frá 1990 eru tvær friðaðar minjar í Strandabyggð, að Stað í Staðardal og að Víðidalsá. Fimm hús eru friðuð, Riis húsið og gamla barnaskólahúsið á Hólmavík og Staðarkirkja, Kollafjarðarneskirkja og Nauteyrarkirkja í dreifbýlinu.

Sjö staðir eru á náttúruminjaskrá í Strandabyggð og auk þess er eitt svæði á Náttúruverndaráætlun, tillaga að friðlandi milli Ísafjarðardjúps og Stranda sem að hluta er innan Strandabyggðar.



## 7 DREIFBÝLI

### 7.1 ATVINNA

#### 7.1.1 Landbúnaðarsvæði

##### LANDBÚNAÐARSVÆÐI

Landbúnaðarsvæði ná yfir allt land lögbýla sem nýtt er til landbúnaðar. Á landbúnaðarsvæðum er einkum gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengjast búrekstri á jörðunum. Nýjar búgreinar svo sem nytjaskógrækt teljast til landbúnaðar í skilningi þessa skipulags. Skógræktarsvæði eru því ekki skilgreind sérstaklega á skipulagsupprætti. Á landbúnaðarsvæðum er einnig heimilt að starfrækja þjónustu við ferðamenn. (Sjá einnig gr. 4.14 í skipulagsreglugerð).

Landbúnaðarsvæði eru skilgreind upp í 200 m hæð. Gert er ráð fyrir að góð landbúnaðarsvæði verði nýtt áfram til landbúnaðar og að landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum, með eðlilegum þróunarmöguleikum ýmissa atvinnugreina sem henta slíkum svæðum til rekstrar. Með því er staða landbúnaðar sem atvinnugreinar styrkt og leita verður leiða til uppbyggingar ýmissa stoðgreina hans í sátt við umhverfi sitt. Stuðlað verði að aukinni lífrænni ræktun í hinum ýmsu greinum landbúnaðarins, bæði í hefðbundnum greinum svo og í nýjum búgreinum. Stefnt að eflingu skógræktar á svæðinu til viðarframleiðslu, útivistar, skjóls og landbóta. Um land jarða og lögbýla á landbúnaðarsvæðum gilda að öðru leyti ákvæði jarðalaga nr. 81/2004 og ábúðarlaga nr. 80/2004.

##### LEIÐIR:

- Að landbúnaður á svæðinu sé stundaður í sátt við náttúruna og misbjóði henni ekki með ofbeit, mengun eða á annan hátt.
- Að bætt verði merking á lögbýlum, eyðibýlum og söguslóðum innan svæðisins
- Leitað verði eftir auknum ríkisframlögum til skógræktar.
- Jarðeigendur verði hvattir til að taka þátt í Skjólskógum. Einkum verði horft til svæða inn til dala, sem henta illa til annarra nytja, s.s. fyrir byggingarland.
- Stefnt skal að því að góð landbúnaðarsvæði verði áfram nýtt til landbúnaðar.
- Áfram verði unnið að þróun verkefnisins „Beint frá býli“.
- Unnið verði að markaðssetningu á Strandalambi sem gæðaafurð, m.a. þar sem sérstaðan byggist á að um ósýkt svæði er að ræða.
- Kannaðir verði möguleikar á að hafa færanlegt sláturhús á svæðinu.
- Landeigendur verði hvattir til að stunda æðarrækt með markvissum hætti.

Áður en ákvörðun er tekin um að breytta nýtingu á hefðbundnu landbúnaðarlandi skal meta virði svæðisins til m.t.t. ræktunargildis. Þetta á m.a. við þegar fyrir liggur tillaga um að nýta svæði undir skógrækt eða breyta landnotkun á landbúnaðarsvæðum í t.d. frístundabyggð. Til viðmiðunar skal land metið m.t.t. eftirfarandi flokkunar:

**Flokkur 1.** Gott ræktunarland á samfelldu sléttu svæði. Svæðin eru einkum á láglendi undir 100 m y.s. en einnig annað land sem auðvelt er til jarðvinnslu með tilliti til jarðvegsgerðar og aðgengi. Í þessum flokki er að jafnaði mikilvægasta landbúnaðarlandið og er því ekki ætlað til annarskonar landnotkunar en landbúnaðar

**Flokkur 2.** Rýrt og óslétt land undir 200 m y.s. sem hentar verr til ræktunar.

Ekki eins mikilvægt ræktunarland og því frekar hægt að fá undanþágu um að nýta það til annars s.s. skógræktar eða frístundabyggðar.



Sauðfjárrækt er aðal búgreinin í Strandabyggð en eins og víðar hefur búum fækkað á sveitarfélaginu. Á móti hefur komið að sum bú hafa stækkað, þannig að fjöldi skepna hefur ekki dregist eins mikið saman og búast hefði mátt við miðað við fækkun búanna.

Hér er fjallað sérstaklega um (i) skógrækt og landgræðslu á landbúnaðarsvæðum og (ii) byggingar

### Landgræðsla og skógrækt

Skógrækt á vegum Skjólskóga er ný grein í landbúnaði á svæðinu. Markmiðið með Skjólskógum er að gefa sem flestum tækifæri á að taka þátt í fjölnytjaskógrækt og stuðla þannig að þróun og viðhaldi byggðar á svæðinu jafnframt því að græða og bæta landið og byggja nýja náttúruauðlind fyrir komandi kynslóðir.

Skipulagsáætlunin gerir ráð fyrir að skógrækt í tengslum við Skjólskógaverkefnið verði ný atvinnugrein á hefðbundnum landbúnaðarsvæðum. Skógræktar- og landgræðslusvæði eru ekki afmörkuð sérstaklega á skipulagsuppdrætti.

Skógræktaráætlanir fyrir einstakar jarðir verða unnar samkvæmt þeim kröfum sem Skjólskógaverkefnið gerir á hverjum tíma og við gerð skógræktaráætlana fyrir einstakar jarðir skal leitast við að tryggja fjölbreytni trjátegunda og að tillit sé tekið til sem flestra umhverfisþátta. Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr.106/2000 skal tilkynna um skógræktaráætlanir sem taka yfir 200 ha eða meira á hverju býli til Skipulagsstofnunar sem ákvarðar matskyldu framkvæmdanna, sbr. einnig 3. viðauka laganna sem og landgræðsluáætlanir á verndarsvæðum. Landgræðslu- og skógræktaráætlanir eru framkvæmdaleyfisskyldar ef þær eru háðar ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum um tilkynningarskyldar framkvæmdir. Sveitarstjórn veitir framkvæmdaleyfi skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Skjólskógar hafa á síðustu árum sent sveitarstjórn Strandabyggðar útlínur skógræktarsvæða þar sem sveitarstjórn getur gert athugasemdir. Á grundvelli nákvæmrar vettvangsskoðunar og skoðunar á fyrirbyggjandi gögnum um forn- og náttúruminjar er síðan unnin skógræktaráætlun í samráði við skógarbónda og getur því sveitarstjórn gert athugasemdir við fyrirhuguð samningsvæði.

Þar sem stunduð er skal þess gætt að farið sé eftir 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda, en þar segir: „Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó.“

Um skógrækt og landgræðslu á landbúnaðarsvæðum gilda að öðru leyti sérgreind markmið.

- Stefnt er að því að vinna að endurheimt landgæða á landbúnaðarsvæðum. Beita skal beitarstýringu samhliða uppgræðslu ógróinna og vangróinna svæða sem og gróðurbótum með skógrækt og skjólbeltarækt eftir því sem við á.
- Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s. vegna hverfisverndar, svæða á náttúruminjaskrá, friðlýstra svæða skv. náttúruverndarlögum og friðlýstra fornminja skv. þjóðminjalögum.
- Taka skal tillit til þekktra fornminja, sbr. einnig kafla 4.2.2. Skógrækt skal ekki fara nær friðlýstum fornminjum og öðrum merkjum minjum en 20 m.
- Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 37. náttúruverndarlaga. Hafa skal í huga að kennileitum í landslagi og jarðmyndunum verði ekki spillt.
- Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en farið er í skógrækt eða landgræðslu á þeim svæðum sem kveðið er á um í náttúruverndarlögum.

Eftirtaldir jarðir eru samningsbundnar Skjólskógum:

Jörð	Tegund	Stærð (ha)
Húsavík	Skjólbelti	30
Ármúli	Fjölnytjaskógrækt og skjólbelti	76



Melgraseyri	Fjölnytjaskógrækt og skjólbelti	22
Hafnadalur	Fjölnytjaskógrækt og skjólbelti	17
Víðidalsá	Fjölnytjaskógrækt	183


### Byggingar á landbúnaðarsvæðum

Á landbúnaðarsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri. Landbúnaðarsvæði eru skilgreind upp í 200 m hæð en ekki eru þó heimilaðar byggingar tengdar búrekstri ofar 200 m heldur gilda ákvæði um óbyggð svæði.

Heimilt er að afmarka lóðir og reisa allt að þrjú íbúðarhús þar sem aðstæður leyfa á lögbýlum auk þeirra íbúðarhúsa sem tilheyra búrekstrinum. Ný íbúðarhús skulu nýta sömu heimreið og lögbýlið og vera í ákveðnum tengslum og samhengi við aðra byggð. Markmiðið er að ekki verði fjölgað tengingum við þjóðveg, að þjónusta við ný hús tengist þeirri þjónustu sem þegar er veitt og að nýjum húsum verði komið fyrir í samræmi við byggingarhefðir og yfirbragð sveitarinnar. Forðast skal stök hús á víðavangi. Þó er heimilt að byggja allt að 3 stök frístundahús á lögbýlum, þ.m.t. veiðihús, auk aðstöðu fyrir ferðapjónustu og léttan iðnað, án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Um land jarða og lögbýla á landbúnaðarsvæðum gilda að öðru leyti ákvæði jarðalaga nr. 81/2004 og ábúðarlaga nr. 80/2004.


### Ferðapjónusta á landbúnaðarsvæðum

Heimilt er að veita almenna ferðapjónustu á landbúnaðarsvæðum s.s. „ferðapjónustu bænda“, gistingu og greiðasölu. Markmiðið er að gefa kost á nýtingu þess húsakosts sem fyrir er á viðkomandi bæjum fyrir almenna ferðapjónustu með minni háttar viðbótum og breytingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Bygging allt að fimm frístundahúsa á hverju lögbýli er heimil þar sem aðstæður leyfa og deiliskipulag hefur verið unnið en fleiri frístundahús verða einungis byggð á svæðum fyrir frístundabyggð. Heimilt verður, þar sem aðstæður leyfa á hverju lögbýli, að hafa sérhæfðar byggingar fyrir ferðapjónustu, þ.e. aðstöðu fyrir gistingu og veitingarekstur, svo fremi sem heildarstærð þeirra fari ekki yfir 150 m<sup>2</sup>. Umfangsmeiri rekstur sem krefst stærri bygginga verður einungis heimilaður á svæðum sem skilgreind eru fyrir verslun og þjónustu í aðalskipulagi.



Mynd 7-1. Fjörubeit rá Ströndum.





Mynd 7-2. Landbúnaðarsvæði í Strandabyggð.



### 7.1.2 Verslunar- og þjónustusvæði

#### VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI

Á verslunar- og þjónustusvæðum skal einkum gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi, m.a. ferðapjónustu. (Sjá einnig gr. 4.5 í skipulagsreglugerð).

#### MARKMIÐ:

Stuðlað verði að auknum atvinnutækifærum á sviði verslunar og þjónustu. Jafnframt er stefnt að aukinni þjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn á svæðinu.

#### LEIÐIR:

- Uppbygging ferðamannastaða og skilgreining verndarsvæða kalla á aukna þjónustu.
- Að fjölga gistimöguleikum innan svæðisins.

Hér á eftir er yfirlit yfir staði í flokki verslunar- og þjónustusvæða í sveitarfélaginu og tilgreint er hverskonar starfsemi fer fram á þeim í dag sem ekki er bindandi umfram ákvæði skipulags- og byggingarlaga og skipulagsreglugerðar. Á uppdrætti fá verslunar- og þjónustusvæði gult tákni og númer.

Fyrirhuguð er verslunar- og þjónustusvæði í nágrenni Sævangs, þar sem reist yrðu sumarhús til útleigu. Nánar um það í listanum hér á eftir. Ferðapjónusta er rekin á Kirkjubóli við Steingrímsfjörð og í Snartartungu við Bitrufjörð þar sem m.a. er boðið upp á gistingu í samvinnu við Ferðapjónustu bænda. Að Laugarholti við Djúp er boðið upp á langar hestaferðir á sumrin. Áhugi er fyrir að auka þessa starfssemi í sveitarfélaginu en nánar um ferðapjónustubæi í sveitarfélaginu í eftirfarandi töflu:

Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
V1	Snartartunga í Bitrufirði	Ferðapjónusta bænda. Gisting, hestaleiga og göngu-leiðir. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir verslun og þjónustu.	Snartartunga
V2	Broddanes	Ferðapjónusta í fyrrum Broddanesskóla. Fjölþætt aðstaða fyrir ferðamenn.	Broddanes
V3	Kirkjuból	Gisting og ferðapjónusta bænda. Fjölþætt aðstaða fyrir ferðamenn. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir verslun og þjónustu.	Kirkjuból



Mynd 7-3. Frá Kirkjubóli.



### 7.1.3 Svæði fyrir þjónustustofnanir

#### SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR

Á svæðum fyrir þjónustustofnanir er gert ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið. Til þeirra teljast m.a. menntastofnanir, trúarstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkisins. (Sjá einnig gr. 4.3 í skipulagsreglugerð).

#### MARKMIÐ:

Gert er ráð fyrri að starfsemi núverandi þjónustustofnana geti eflst og vaxið og þannig rennt styrkari stoðum undir byggð á svæðinu.

#### LEIÐIR:

- Bætt aðgengi að þjónustustofnunum

Eftirfarandi er yfirlit yfir svæði fyrir þjónustustofnanir í dreifbýli Strandabyggðar.

Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
S1	Óspakseyrarkirkja	Kirkjan sem nú stendur á Óspakseyri var reist árið 1939 úr steinsteypu og tekur um það bil 50 manns í sæti. Stærð svæðis 0,1 ha.	Óspakseyri
S2	Kollafjarðarneskirkja við Kollafjörð	Kirkja. Steinsteypuhús reist árið 1909. Svæði 5 m umhverfis hana. Stærð svæðis er um 450 m <sup>2</sup> .	Kollafjarðarnes
S3	Félagsheimili og Sauðfjársetur á Ströndum	Félagsheimilið Sævangur og þjónustusvæði. Stærð svæðis er 1.6 ha. Þarna er nú þegar komið Sauðfjársetur, tjaldsvæði, gisting ferðaþjónustu bænda og lóðir fyrir frístundahús ásamt íþróttavelli. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun.	Kirkjuból
S4	Staðarkirkja	Kirkja. Timburhús reist 1859. Stærð svæðis 0,1 ha.	Staður
S5	Nauteyrarkirkja á Langadalströnd	Kirkja. Kirkjan var reist árið 1885. Stærð svæðis 0,1 ha.	Nauteyri
S6	Melgraseyrarkirkja	Núverandi kirkja var vígð 10. september 1972. Hún tekur 60-70 manns í sæti.	Melgraseyri



Mynd 7-4. Staðarkirkja.





#### 7.1.4 Athafnasvæði

Ekkert athafnasvæði er í dreifbýli Strandabyggðar.

#### 7.1.5 Iðnaðarsvæði

##### IÐNAÐARSVÆÐI

Á iðnaðarsvæðum er gert ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, veitustöðvum, skólpdælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir olíur og móttökustöðvum fyrir úrgang. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum. Svæðin eru sýnd í dökkgráum lit. (Sjá einnig gr. 4.7 í skipulagsreglugerð).

##### MARKMIÐ:

Stuðlað verði að uppbyggingu iðnaðarsvæða til að renna styrkari stoðum undir byggð á svæðinu.

##### LEIÐIR:

- Auka framboð iðnaðarlóða fyrir mismunandi fyrirtæki.

Eftirfarandi er yfirlit yfir staði í flokki iðnaðarsvæða í dreifbýli sveitarfélagsins. Iðnaðarsvæði eru táknuð með dökkgráum lit og númeri á skipulagsuppdrætti.

Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
11	Iðnaðarsvæði II í landi Þorpa	Fyrir virkjun jarðhita. Svæðið verður að hámarki 0.25 ha í landi Þorpa.	Þorpar
12	Þverárvirkjun	Tók til starfa 1953, hámarksafli nú 2,5 mW en meðal raforkuframleiðsla 8,5 GWh/ári. Á svæðinu er stöðvarhús og tengivirki. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður. Stærð svæðis: Uppistöðulón og stíflumannvirki 1,6 km <sup>2</sup> , stöðvarhús og umhverfi 2,5 ha.	Þiðriksvellir
13	Þorskeldi	Þorskeldi á Nauteyri. Vatnsöflun vegna eldisins er í vatnsbólí fram með Hafnardalsá. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður. Stærð svæðis 6,7 ha.	Nauteyri
14	Blævardalsárvirkjun	Virkjun reist 1975 og endurbyggð 2005. Meðal raforkuframleiðsla er 0,9 GWh/ári en hámarksafli rúm 0,2 MW. Stöðin er fjarstýranleg frá Hólmavík. Á svæðinu er stöðvarhús og tengivirki. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður. Stærð svæðis 0,1 ha.	Blævardalur á Langadalsströnd við Ísafjörð
15	Blævardalsárvirkjun	Svæði fyrir uppistöðulón. Stærð svæðis 8 ha.	Blævardalur á Langadalsströnd við Ísafjörð



Mynd 7-5. Fiskeldi á Nauteyri.

### 7.1.6 Hafnarsvæði

#### HAFNARSVÆÐI

Á hafnarsvæðum tengist landnotkun fyrst og fremst hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu og starfsemi tengdri sjóflutningum og viðgerðum. (Sjá einnig gr. 4.8 í skipulagsreglugerð).

#### MARKMIÐ:

Stuðlað verði að viðhaldi og rekstri hafnarsvæðis við Arngerðareyri. Mikilvæg aðstaða fyrir þorskeldi og framtíðaruppbyggingu í ferðaþjónustu.

#### LEIÐIR:

- Athugun á því með hvaða hætti bryggjan á Arngerðareyri nýtist í ferðaþjónustu.

Eitt hafnarsvæði er í sveitarfélaginu utan Hólmavíkur og er það við Arngerðareyri á Langadalströnd við Ísafjörð og er því í þjóðleið en vegurinn yfir Steingrímsfjarðarheiði liggur þarna framhjá. Hafnarsvæði eru táknuð með blágráum lit og númeri á skipulagsuppdrætti.

Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
H1	Ferjubryggja Arngerðareyri	Árið 1996 var lokið við gerð ferjubryggja á Ísafirði og Arngerðareyri í Ísafjarðardjúpi, vegna siglinga Djúpbátsins. Siglingar Djúpbátsins eru aflagðar. Svigrúm er fyrir nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir hafnsækna starfsemi. Stuðlað verði að aðlaðandi ásynd byggðarinnar og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður. Stærð svæðis 0,5 ha	Arngerðareyri



Mynd 7-6. Höfnin við Arngerðareyri.

### 7.1.7 Efnistökusvæði

#### EFNISTÖKUSVÆÐI

Efnistökuastaðir eru svæði þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka utan þéttbýlis, s.s. malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. (Sjá einnig gr. 4.9 í skipulagsreglugerð).

#### MARKMIÐ:

Almennt er gert ráð fyrir sem fáum en tiltölulega stórum efnistökuvæðum.

#### LEIÐIR:

- Við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni.

Sækja þarf um framkvæmdaleyfi fyrir efnisnánum til sveitarstjórnar, í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Leyfið er ennfremur háð ákvæðum náttúruverndarlaga nr. 44/1999 og laga nr. 57/1998 og skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en framkvæmdaleyfi er gefið út ef ekki er í gildi staðfest aðalskipulag. Eiganda eða umráðamanni eignarlands er þó heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota, nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistgerðir sem njóta verndar skv. 37. náttúruverndarlaga, sbr. 47. gr. sömu laga. Þá verður að leita leyfis Umhverfisstofnunar ef um er að ræða efnistöku á svæðum sem eru friðlýst skv. 38. gr. laga um náttúruvernd eða ef efnistakan fer fram á verndarsvæði skv. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, nr 106/2000. Eftirfarandi þarf að liggja fyrir áður en sótt er um vinnslu á nýjum efnistökusvæðum:

- **Starfsleyfi.** Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða veitir starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna, sbr. reglugerð nr. 785/1999, m.s.br., um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
- **Áætlun um vinnslu.** Landeigendur og sveitarstjórn geri áætlun um efnistöku í samræmi við gildandi lög. Skv. 48. gr. náttúru-verndarlaga skal áður en framkvæmdaleyfi er veitt liggja fyrir áætlun námuréttarhafa um væntanlega efnistöku þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi efnistökusvæða.



- **Mat á umhverfisáhrifum.** Þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m<sup>2</sup> (5 ha) svæði eða stærra eða er 150.000 m<sup>3</sup> eða meiri eru háðar mati á umhverfisáhrifum framkvæmda sbr. lög nr.106/2000, viðauka 1. Ennfremur efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 50.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra. Þá ber framkvæmdaraðila að tilkynna Skipulagsstofnun um fyrirhugaða efnistöku skv. 6. gr. sömu laga og viðauka 2, þegar um er að ræða efnistöku sem raskar 25.000 m<sup>2</sup> (2.5 ha) svæði eða stærra eða ef magn jarðefna er 50.000 m<sup>3</sup> eða meira. Ennfremur ef um er að ræða efnistöku á verndarsvæðum.
- **Áhrif á lífríki vatna.** Leyfi Matvælastofnunar þarf að liggja fyrir efnistöku sem getur haft áhrif á lífríki veiðivatna, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði en þar segir: „Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigegnd, afkomu fiskistofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfir Landbúnaðarstofnunar.“ Heilbrigðisnefndir veita starfleyfi fyrir vinnslu jarðefna, sbr. reglugerð nr. 785/1999, m.s.br., um starfleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Eftirfarandi yfirlit er yfir núverandi efnistökusvæði í Strandabyggð. Ekki liggur fyrir vinnslutími né áætluð efnistaka á núverandi efnistökusvæðum.

Nr.	Heiti	Lýsing Staða/magn	Jörð
E1	Slitur	Setnáma	Þambárvellir
E2	Múlaendi	Storkubergsnáma	Óspakseyri
E3	Djúpagróf	Setnáma	Hvítárhlið
E4	Ennisháls	Ennisháls við Gvendarflóa, setnáma	Skriðnesenni
E5	Fellsá	Setnáma	Litla-Fjarðará
E6	Smáhamraháls <sup>*1</sup>	Setnáma	Smáhamrar 1
E7	Heiðarbær	Setnáma	Heiðarbær
E8	Kleifabjarg	Storkubergsnáma	Heiðarbær
E9	Húsavík	Setnáma	Húsavík
E10	Hnitbjörg	Storkubergsnáma	Víðidalsá
	Víðidalsá	Grjótnáma	
E11	Staðará í Steingrímsfirði*	Setnáma	Staður
E12	Selárdalur	Setnáma	Grænanes
E13	Sóleyjardalur	Ofan Sóleyjardals, setnáma	Bakkasel
E14	Hólmavað	Við Hólmavað-Þorskafjarðarheiði, setnáma	Bakkasel
E15	Grafarháls	Storkubergsnáma	Gröf
E16	Hafnardalur	Setnáma	Nauteyri
E17	Melgraseyri	Setnáma	Melgraseyri
18	Gjörvidalsá	Setnáma	Gervidalur

<sup>1</sup> \* Námur sem eru á Langtímaáætlun Vegagerðarinnar um námufrágang 2004-2018.



### 7.1.8 Sorpförgunarsvæði

Sjá kafla 8.1.5.

### 7.1.9 Umhverfisáhrif atvinnu

Umfjöllun um jákvæð og neikvæð áhrif markmiða aðalskipulags Strandabyggðar varðandi sorpförgun sneri að því að bæta umhverfisvitund og minnka úrgang sem þarf að urða og þar með skapa þann möguleika að nýta núverandi svæði lengur. Áhrif áforma sveitarfélagsins Strandabyggðar sem koma fram í aðalskipulagi 2010-2022 eru líkleg til að hafa jákvæð áhrif á landrymi og orku, neikvæð áhrif á gróður og landslag en óveruleg á aðra þætti umhverfisins.

Atvinna	Umhverfisþættir		
	Náttúra	Auðlindir	Samfélag
Sorpförgunarsvæði	-/0	+/0	0/-

## 7.2 BYGGÐ

### 7.2.1 Svæði fyrir frístundabyggð

#### SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDBYGGÐ

Til frístundabyggðar teljast sumar- og orlofshúsasvæði, auk veiðihúsa og samsvarandi byggð sem ekki er ætluð til heilsársúsetu. Til frístundahúsa teljast einnig fjallaskálar, gangnamannaskálar og neyðarskýli. (Sjá einnig gr. 4.11 í skipulagsreglugerð).

#### MARKMIÐ:

Gæta skal umhverfissjónarmiða við skipulagningu nýrra svæða fyrir frístundabyggð. Frekari uppbygging á eldri frístundabyggðarsvæðum verður háð því skilyrði að hún verði í samræmi við skipulag. Lóðir á nýjum svæðum vera að jafnan á stærðarbilinu 0,5-2 ha og nýtingarhlutfall skal ekki vera hærra en 0,03 en byggingar ekki stærri en 150 m<sup>2</sup>. Nýir áfangar innan hvernar jarðar verða ekki teknir til skipulagsmeðferðar fyrr en minnst 2/3 hlutar fyrri áfanga hafa verið byggðir.

Leyfilegt að byggja allt að 3 sumarhús á landbúnaðarsvæðum á lögbýlum, sem eru stærri en 70 ha, án þess að skilgreina þurfi svæðið sem frístundabyggð í aðalskipulagi. Leitast skal við að fjölga sem minnst veltengingum við stofn- og tengivegi. Leitast skal við að taka ekki gott landbúnaðarland undir frístundabyggð.

#### LEIÐIR:

- Við deiliskipulagsvinnu skal fara fram deiliskráning fornleifa og leita umsagnar Fornleifaverndar ríkisins.
- Frístundabyggð skal vera sem mest á samfelldum svæðum innan hvernar jarðar, þannig að vegir og veitur nýtist sem best.
- Að jafnaði er gert ráð fyrir að um ¼ hluti lands á sumarhúsasvæðum verði til almennrar útivistar.
- Gera skal úttekt á náttúrfari áður en deiliskipulagsvinna hefst til að koma í veg fyrir að mikilvæg gróðursvæði s.s. votlendi eða tegundir á valista verði fyrir áhrifum framkvæmda.
- Taka skal tillit til landslags, söguslóða, gróðurfars og útsýnisstaða við skipulag frístundahúsbýggðar. Slík byggð skal þar sem það á við taka mið af yfirbragði sveitarinnar.

Einkennandi fyrir frístundabyggð sveitarfélagsins Strandabyggð er stök frístundahús en samfelldust er byggðin að sunnanverðu í Staðardal í Steingrímsfirði, sunnan Staðarár og þar með þjóðvegur 61. Annað svæði er í Langadal norðan Kirkjubóls.





Skipulagsáætlunin sýnir frístundabyggð með ljósfjólubláum lit og eru aðeins sýnd þau svæði þar sem gert er ráð fyrir 4 eða fleirum húsum á samfelldu svæði innan sömu jarðar. Öll veiðihús og orlofshúsabyggð eru felld undir frístundabyggð og auðkennd á sveitarfélagsupprætti. Á landbúnaðarsvæðum er heimilt að reisa allt að 3 frístundahús án þess að breyta þurfi aðalskipulagi.

Skipulagið nær bæði til þegar byggðra svæða og óbyggðra svæða. Í sveitarfélaginu eru 40 sumarhús og veiðihús. Í flestum tilvikum er um að ræða einstök hús inn á jörðum í einkaeign.

Svæði sem eru auðkennd með hringtákn á skipulagsupprætti geta verið allt að 5 ha að stærð. Svæði undir frístundabyggð eru eftirfarandi;

Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
F1	Kirkjuból	Svæðið er staðsett um 150 m suðaustan við bæinn og tengt framtíðartjaldstæði og ferðaþjónustu Kirkjubóls. Fjarlægð að þjónustusvæði við félagsheimili (Sævang) er um 400 m. Lagt til að deiliskipulag verði 9 lóðir hver um sig 1000 fm, byggingarreitir 10 m frá lóðarmörkum og nýtingarhlutf.0,15 = háam. Stærð húss 150 m <sup>2</sup> . Stærð svæðis 1,6 ha	Kirkjuból
F2	Víðidalsá	Á svæðinu er heimilt að gera ráð fyrir byggð frístundahúsa. Hönnun byggðarinnar skal miða að því að byggðin falli vel að landslagi, s.s. með staðsetningu húsa, hæðarsetningu, formi bygginga og efnis- og litavali. Stærð svæðis 5 ha	Víðidalsá

### 7.2.2 Opin svæði til sérstakra nota

#### OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA

Í flokki opinna svæða til sérstakra nota eru svæði með útivistargildi þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við starfsemi sem þar er stunduð. Hér er t.d. um að ræða tjaldsvæði fyrir almenning, golfvelli, íþróttasvæði og skipulögð trjáræktarsvæði. (Sjá einnig gr. 4.12 í skipulagsreglugerð).

#### MARKMIÐ:

Stefnt er að því að efla starfsemi á sviði útvistar og ferðaþjónustu og að hafa opin svæði til sérstakra nota, aðlaðandi og áhugaverð.

#### LEIÐIR:

- Gert er ráð fyrir að starfsemi á núverandi svæðum til sérstakra nota geti eflst, eins og nánar verður skilgreint í deiliskipulagi.
- Útvistarsvæði í sveitarfélaginu verði gerð aðgengileg fyrir almenning.

Í flokki opinna svæða í sveitarfélaginu eru nokkur svæði : skógræktarreitir, tjaldsvæði, golfvöllur og kirkjugarður.

Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
O1	Kirkjuból	Tjaldsvæði að Kirkjubóli við Steingrímsfjörð. Á svæðinu má gera ráð fyrir mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins sem tjaldsvæðis kallar á. Stærð svæðis 1,1 ha.	Kirkjuból
O2	Klúka í Miðdal	Eldri skógarlundur í landi Klúku í Miðdal í fyrrum Kirkjubólshreppi. Stærð svæðis óþekkt.	Klúka



03	Víðidalsá	Jörðin Víðidalur er í nágrenni Hólmavíkur, rétt sunnan bæjarins og er í eigu sveitarfélagsins. Þar hafa einstaklingar hafið skógrækt og hestamenn hafa þar aðstöðu. Stærð svæðis óþekkt.	Víðidalsá
04	Húsadalur	Æfingavellir fyrir skotfimi. Uppbygging, landmótun og frágangur verði skv.deiliskipulagi.	Víðidalsá

### 7.2.3 Umhverfisáhrif byggðar

Sjá kafla 8.3



Mynd 7-7. Skemmtilegur frágangur á rotþró við Kirkjuból. (Mynd YPL)



Mynd 7-8. Sumarhús í Strandabyggð.





### 7.3 NÁTTÚRA OG VERNDARSVÆÐI

#### 7.3.1 Óbyggð svæði

##### ÓBYGGÐ SVÆÐI

Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð, þ.m.t. skógræktarsvæði. (Sjá einnig gr. 4.13 í skipulagsreglugerð).

Meiri hluti sveitarfélagsins er í flokknum óbyggð svæði en allt land ofan 200 m er skilgreint í þessum flokki og er skilgreint sem svæði sem eru opin til almennrar útiveru þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð.

##### MARKMIÐ

Stefnt er að því að auka möguleika fyrir heimamenn og ferðamenn til útivistar og ferðapjónustu á óbyggðum svæðum. Taka skal fyllsta tillit til umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða við skipulag á óbyggðum svæðum.

##### LEIÐIR:

- Lögð skal áhersla á uppbyggingu þeirra þjónustukerfa sem koma ferðapjónustu að gagni, s.s. vegi, merkingu á gönguleiðum og uppbyggingu á áfangastöðum.
- Í aðalskipulaginu eru gönguleiðir skilgreindar á óbyggðum svæðum.

#### 7.3.2 Náttúruverndarsvæði

##### NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI

Til náttúruverndarsvæða teljast annars vegar friðlýst svæði skv. náttúruverndarlögum og hins vegar svæði á náttúruminjaskrá. (Sjá einnig gr. 4.19 í skipulagsreglugerð).

##### MARKMIÐ:

Stefnt er að því að varðveita sérstakar- náttúru- og menningarminjar í hreppnum, óháð því hvort sé um lögformlega friðun að ræða eða ekki. Stuðlað verði að varðveislu friðlýstra svæða, annarra náttúruminja og umhverfislegra gæða almennt.

##### LEIÐIR:

- Að því skal stefnt að friða árbakka, strendur vatna og sjávar svo sem fram kemur í lögum og reglugerðum um skipulags- og byggingamál.

Samkvæmt 37. gr. náttúruverndarlaga njóta ákveðnar jarðmyndanir og vistkerfi sérstakrar verndar og skal forðast að raska þeim eins og kostur er. Þau eru:

- Eldvörp, gervigígar og eldhraun.
- Stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri.
- Mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri.
- Fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðabreiður, 100 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri.
- Sjávarfitjar og leirur.

Ekki hefur verið gerð úttekt á jarðmyndunum og vistkerfum á svæðinu sem ákvæði 37. gr. náttúruverndarlaga taka til, eða þær verið kortlagðar. Skipulagsáætlunin er því sett fram með þeim annmörkum. Leita skal umsagnar Umhverfistofnunar og náttúruverndarnefndar áður en framkvæmda- eða byggingarleyfi er veitt, sbr.



27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, í þeim tilvikum sem framkvæmdir geta haft í för með sér röskun á ákveðnum jarðmyndunum og vistkerfum. Minnt er á að samkvæmt 38 gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þarf leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum.

### Svæði á náttúruminjaskrá

Á náttúruminjaskrá eru svæði sem að mati Umhverfisstofnunar er æskilegt að friðlýsa skv. Náttúruverndarlögum.

Nr.	Heiti	Lýsing
320	Botn Ísafjarðar	(1) Dalbotninn vestan hreppamarka upp að efstu klettabrúnum, frá Hestakleif suður á móts við Torfadal. (2) Sérstætt gróðurfar. Um hálandið liggja fornar leiðir milli byggða.
323	Kaldalón	(1) Undirlendi, fjörur og grunnsævi sunnan og austan Lónseyrar og Jökulholts. (2) Fjölbreytt og mikilfenglegt landslag. Ýmsar berggerðir, jökulgarðar, óshólmar, leirur og surtarbrandur. Fjölskrúðugur gróður og dýralíf.
324	Snæfjallaströnd Æðey Drangajökull Drangar Furufjörður	Fjölbreytt og mikilfenglegt landslag með hrikalegum fjöllum, grónum dölum og hlíðum. Ýmsar berggerðir, jökull, jökulgarðar, surtarbrandur, leirur, óshólmar, fjörur, eyjar og grunnsævi. Drangaskörð, stórskorinn klettarni með djúpum skörðum, mótaður af rofi jökla frá Ísöld. Fjölskrúðugur gróður og dýralíf. Sérstætt gróðurfar, margar sjaldgæfar plöntutegundir m.a. deilitegundin hrísastör og dvergtungljurt sem hafa alþjóðlegt verndargildi. Texti úr Náttúruminjaskrá, sjá kafla 1.7.2 hér á eftir. Brot af friðlandinu nær inn í Strandabyggð við Kaldalón.
328	Húsavíkurkleif	(1) Opna í millilagi í blágrýtismyndun rétt við þjóðveginn nærri bænum Húsavík. (2) Fundarstaður plöntusteingervinga frá tertíer. Afsteypur og för eftir trjáboli.
329	Tröllatunga	(1) Steingervingalög við Grýlufoss og í Hrafnsklettum í Tröllatungu við Steingrímsfjörð. (2) Setlög með steingerðum plöntum frá tertíer.
330	Mókollsdalur	(1) Steingervingalög í Hrutagili í Mókollsdal, í landi Þrúðardals. (2) Setlög með steingerðum plöntum og skordýrum frá tertíer.
342	Strandlengjan Sýruvíkurgjá Rauðuskriður	(1) Svæði frá sjó að klettabrú, strandlengja, fjara og grunnsævi frá Sýruvíkurgjá í landi Broddadalsár að Rauðuskriðu í landi Skriðnesennis. (2) Strandlengja með fallegum jarðmyndunum, mikið fuglalíf og selalátur.

### 7.3.3 Þjóðminjavernd

#### ÞJÓÐMINJAVERNÐARSVÆÐI

Þjóðminjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt þjóðminjalögum nr.107/2001. (Sjá einnig gr. 4.20 í skipulagsreglugerð).

#### MARKMIÐ

Stefna ber að því að fram fari fornleifaskráning samkvæmt þjóðminjalögum á næstu 3-6 árum.

Einkum skal huga að minjum á framtíðar byggingarsvæðum og þeim svæðum öðrum sem ætluð eru til landnotkunar sem hefur í för með sér breytingar á landi. Í þessu sambandi mætti t.d. nefna rústir Skeljavíkurbæjar.

Stefnt er að því að varðveita sérstakar- náttúru- og menningarminjar í hreppnum, óháð því hvort sé um lögformlega friðun að ræða eða ekki.

Menningarminjar sveitarfélagsins eru merkilegur arfur sem hlúð sé að og virðing borin fyrir. Þær séu kynntar fyrir íbúum og gestum sveitarfélagsins og skapar það atvinnu sem er mikilvæg í samfélaginu.

Taka skal tillit til skráðra fornleifa áður en ráðist er í bygginga- eða framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir.



Í skógræktaráætlunum verði tekið tillit til fornminja og ekki plantað nær þekktum fornminjum en 20 m sbr. kafla 4.1.10.

#### LEIÐIR:

- Húsakönnun verði gerð í dreifbýli og á grundvelli hennar verði mótuð skýr stefna um það hvaða hús og mannvirki í sveitarfélaginu eigi að friða og hvernig skuli staðið að varðveislu og uppbyggingu þeirra.
- Leitast skal við að merkja fornleifar fyrir umhverfisfræðslu og til að fyrirbyggja að þær verði skemmdar.
- Ferðaþjónusta sem byggir á menningarminjum í sveitarfélaginu verði eflað.
- Örnefnaskrár í sveitarfélaginu verði endurskoðaðar.
- Merkingar á minjum í sveitarfélaginu verði bættar, t.d. verði sett upp merki við þjóðveginn sem vísi á merka staði, fjarlægð frá þeim o.s.frv.

Fyrir liggur samþykki frá Fornleifavernd ríkisins að fornleifaskráning fari fram eftir staðfestingu aðalskipulags: En í framhaldi af umsögn Fornleifaverndar ríkisins var gert óformlegt samkomulag við Minjavörð Vestfjarða að fornleifaskráning fari fram í samræmi við þau markmið og fyrirvara sem hér verður lýst:

Á deiliskipulagsstigi verða fornminjar staðsettar í nákvæmum mælikvarða en allar helstu framkvæmdir eru deiliskipulagsskyldar, s.s. svæði fyrir heilsársbyggð, frístundabyggð, iðnaðarstarfsemi o.fl. Á einstökum svæðum þar sem sérstakar aðstæður krefjast fari fram nákvæm skráning og kortlagning fornminja. Þá ber að leggja fram yfirlit yfir fornleifar í tengslum við skógræktaráætlanir sbr. kafla 4.1.10. Einnig eru stórfamkvæmdir umhverfismatsskyldar sbr. kafla 2.10.2, s.s. vegagerð, háspennulínur, virkjanir og efnisnámur“. Fjallað er um tvo flokka þjóðminjaverndarsvæða sem njóta verndar skv. þjóðminjalögum nr. 88/1989; (i) friðaðar og friðlýstar fornleifar og (ii) friðuð hús.

#### Friðlýstar fornleifar

Fornleifarnar eru listaðar upp og auðkenndar á skipulagsupprætti, eins og nákvæmni upprættar leyfir. Auk þeirra er fjöldi annarra fornminja á svæðinu sem ekki eru staðsettar eða metnar á þessu skipulagsstigi, en vakin er athygli þeim helstu og þau vernduð í flokki hverfisverndar sbr. kafla 4.2.5. Í þjóðminjalögum segir að til fornleifa teljist „*hvers kyns leifar forna mannvirkja og annarra staðbundinna minja, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á*“. Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, t.d. eru kirkjur reistar fyrir 1918 friðlýstar skv. þjóðminjalögum.

Í eftirfarandi töflu er samantekt úr friðlýsingartexta. Friðlýstar fornminjar eru sýndar á landnotkunarupprætti, svo langt sem þær hafa verið staðsettar og mælikvarði korts leyfir.

Nr.	Heiti	Lýsing
Þ1	Staður í Staðardal	a. Byggingarleifar fornar á Staðardal. b. Legstaðir frá heiðni á Staðardal. Sbr. Kálund 1877: 629. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.06.1933.
Þ2	Víðidalsá	Fornar dysjar tvær á holti, sem er í austnorður frá bænum, og forn mannvirki á tveim stöðum framar á holtinu. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.06.1933.

#### Friðuð hús

Í sveitarfélaginu eru nokkrar friðaðar kirkjur skv. aldursákvæðum þjóðminjalaga sem flokkast sem þjóðminjaverndarsvæði.



Nr.	Heiti	Lýsing
Þ3	Staðarkirkja í Staðardal við Steingrímsfjörð.	Timburhús reist 1859. Höfundur I.W. Grundtvig forsmiður. Þakturn og kvistur yfir predikunarstól gerðir 1888 – 1889. Höfundur Sigurður snikkari Sigurðsson frá Kleifum. Friðuð 1.jan.1990 samkvæmt aldursákvæði 1.mgr.36.gr. Þjóðminjalaga nr.88/1989
Þ4	Kollafjarðarneskirkja við Kollafjörð	Steinsteypuhús reist árið 1909. Höfundur Rögnvaldur Ólafsson arkitekt. Turninn rifinn 1959 og nýr í sömu mynd reistur sama ár. Friðuð 1.jan.1990 samkvæmt aldursákvæði 1.mgr.36.gr. Þjóðminjalaga nr.88/1989
Þ5	Nauteyrarkirkja á Langadalströnd	Nauteyrarkirkja er vestast í sveitarfélaginu á Langadalströnd austanmegin í Ísafirði. Kirkjan var reist árið 1885. Höfundur Guðni Árnason forsmiður. Kirkjan er úr timbri, bárujárnsklædd. Hún er veglegt hús og tekur hátt á annað hundrað manns í sæti. Setloft er í henni. Friðuð 1.jan.1990 samkvæmt aldursákvæði 1.mgr.36.gr. Þjóðminjalaga nr.88/1989.



Mynd 7-9. Verndarsvæði og friðlýstar fornleifar.

### 7.3.4 Verndarsvæði vegna neysluvatns

#### VATNSVERNDARSVÆÐI

Vatnsverndarsvæðin flokkast í þrjá flokka skv. 13. gr. reglugerðar nr. 796/1999 m.s.b. um varnir gegn mengun vatns. Flokkarnir eru brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. (Sjá einnig gr. 4.21 í skipulagsreglugerð).

#### MARKMIÐ:

Staðið verði vörð um vernd grunnvatns sem nytjavatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi.

#### LEIÐIR:

- Vatnsból verði afgirt og engar framkvæmdir sem gætu ógnað vatnsverndarsvæðum verði leyfðar á grannsvæðum eða fjarsvæðum þeirra.

Vatnsnám Vatnsveitu Hólmavíkur á óseyrum Ósár norðan bæjarins hófst 1988 er tekin var í notkun ný vatnslögn þaðan. Dælt er upp úr söfnunarbrunnum á áreyrunum í söfnunartank sem byggður var árið 1990 ofan Brandskjóla í bænum.

Vatnsverndarsvæðum er skipt í 3 flokka; i) brunnsvæði, ii) grannsvæði og iii) fjarsvæði og er afmörkun þeirra sýnd á landnotkunarupprætti.

#### Flokkur I. Brunnsvæði

Brunnsvæði ná til vatnsbóla og næsta nágrennis þeirra. Verndarákvæði brunnsvæða eru eftirfarandi;

Svæðin skulu vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar.

Heilbrigðisnefnd getur krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 m frá vatnsbóli.

Brunnsvæði vatnsveitu Hólmavíkur er í landi jarðarinnar Óss rétt norðan bæjarins, brunnsvæði vatnsverndarinnar nær umhverfis vatnssöfnunarbrunna sem eru á áreyrum Ósár og allar eyrnar teljast brunnsvæði. Nánari afmörkun svæðisins er á upprætti.

#### Flokkur II. Grannsvæði

Utan við brunnsvæði taka við grannsvæði vatnsbóla sem eru aðrennslissvæði grunnvatns. Verndarákvæði grannsvæða eru:

Á grannsvæðum er óheimilt að nota eða hafa birgðir af efnum, sem geta mengað grunnvatn. Hér er m.a. átt við olíu, bensín, og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar skordýrum eða gróðri og önnur efni sem geta mengað grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn.

Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu.

Vegalagning, áburðarnotkun og önnur starfsemi skal vera undir ströngu eftirliti.

Grannsvæði vatnsverndarinnar nær upp með Ósá og vestur fyrir Þjóðveg.

#### Flokkur III. Fjarsvæði

Fjarsvæði er á vatnasviði vatnsbóla en liggur utan þess lands sem telst til I. og II flokks verndarsvæða. Verndarákvæði fjarsvæða eru:

- Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal gæta fyllstu varúðar í meðferð efna sem talin eru upp í II. flokki. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu.
- Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á svæðinu, svo og um byggingu sumarhús og annarra mannvirkja.

Allt vatnasvið Ósár er skilgreint sem fjarsvæði vatnsverndar Ósáreyrarveitu Hólmavíkur. Allar framkvæmdir á þeim svæðum þurfa að bíða umsagnar og frekari fyrirmæla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða til þess að tryggja





öryggi vatnsverndarsvæða Ósáreyrarveitu. Ströng vatnsvernd er á brunnsvæði og grannsvæði vatnsbólans eins og fram kemur hér að ofan..

### 7.3.5 Skilgreining vatnsgæða og flokkun vatns

#### VERNDARSVÆÐI VEGNA MENGUNAR Í ÁM OG VÖTNUM

Verndarsvæði vegna mengunar í ám og vötnum eru svæði sem njóta verndar í samræmi við ákvæði reglugerðar um mengun vatns nr. 796/1999. (Sjá einnig gr. 4.21 í skipulagsreglugerð).

#### MARKMIÐ:

Frárennismál verði í góðu lagi.

#### LEIÐIR:

- Stefnt er að því að Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða í samráði við sveitarstjórn, flokki vatnsvæði í sveitarfélaginu og setji viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og notkunar áburðarefna. Stefnt er að flokkun vatnsgæða fari fram á skipulagstímabilinu.

Til þess að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi skulu heilbrigðisnefndir flokka vatn í samræmi við 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um mengun vatns. Vatnsvæðum á að skipta í fimm flokka, A-E, í samræmi við reglugerð um mengun vatns. Framangreind flokkun á vatnsvæðum í sveitarfélaginu hefur ekki farið fram.

### 7.3.6 Hverfisverndarsvæði

#### HVERFISVERNDARSVÆÐI

Um hverfisverndarsvæði gilda sérstök ákvæði sem sveitarstjórn setur, s.s. um verndun menningarsögulegra minja, náttúruminja eða trjágróðurs, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða. (Sjá einnig gr. 4.22 í skipulagsreglugerð).

#### MARKMIÐ:

Stuðlað verði að varðveislu náttúruminja, fornleifa og annarra söguminja, sem m.a. rennir styrkari stöðum undir ferðabjónustu á svæðinu

#### LEIÐIR:

- Markvisst verði reynt að vernda náttúru- og þjóðminjar á svæðinu.
- Í aðalskipulaginu hafa svæði og staðir verið skilgreindir sem hverfisverndarsvæði.

Hverfisverndarsvæði er af tvennum toga, (i) hverfisverndarsvæði vegna náttúruverndar og (ii) hverfisverndarsvæði vegna fornleifa.

#### Hverfisvernd í Strandabyggð vegna náttúruminja

Innan dreifbýlis sveitarfélagsins Strandabyggðar hefur hverfisvernd verið nýtt til friðunar á þremur stöðum:



Nr.	Heiti	Lýsing
H1	Tungugröf	<p>Hverfisvernd vegna auðugs fuglalífs. Stærð svæðis 3 km<sup>2</sup>. Svæðið tekur yfir land eyðijarðarinnar Tungugrafar og hluta af vestanverðu landi Húsavíkur (Hrafnasnes, Hrólfsmýri, Lómatjörn). Nánar er mörkum svæðisins lýst : (a) Takmarkast að mestu af veginum frá Húsavík að brú á Tunguá (Lómatjörn og aðliggjandi votlendi meðtalið), (b) af Tunguá og Hrófá, (c) Af ströndinni (6m dýpi).</p> <p>Ennfremur eru á Tungugröf séu fallegar klettaborgir sem sýni mikinn jarðlagahalla.</p> <p>Ákvæði hverfisverndar:</p> <p>Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og hefðbundnar nytjar eru því heimilar. Óheimil er frekari framræsla, stíflugerð, mannvirkjagerð eða aðrar framkvæmdir, sem gætu breytt náttúru og aðstöðu fuglalífs. Þó er heimilt að endurheimta votlendi og bæta aðgengi almennings að svæðinu. .</p>
H2	Kálfanes	<p>Hverfisvernd vegna sérstæðs náttúrufars og gróðurfars. Mjög sjaldgæf plöntutegund, brenninetla (<i>Urtica dioeca</i>), vex á bæjarhólnum. Hún er afbrigði af brenninetlu og svæðið, sem hún vex á, lítur út eins og dökkur blettur í landslaginu.</p> <p>Ákvæði hverfisverndar:</p> <p>Halda skal byggingaframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.</p> <p>Stefnt er að því að settar verði verndar- og umgengnisreglur um hverfisverndaða svæðið sem tryggi varðveislu svæðisins sem náttúruverndar- og útivistarsvæði.</p> <p>Almennt er reiknað með að gönguleiðir séu einungis merktar með staurum eða vörðum. Yfir læki og votlendi er reiknað með einföldum trébrúm og yfir girðingar verða settar prílur.</p>
H3	Suðurhluti Drangjökuls	<p>Hluti af stærra svæði sem nær frá Kaldá í Kaldalóni upp Skjaldfannarfjall, suður fyrir Drangajökul og með hæstu brúnum Skerjasandsfjalls til sjávar. Norðurmörk fylgja friðlandi á Hornströndum.</p> <p>Ákvæði hverfisverndar:</p> <p>Halda skal byggingaframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.</p> <p>Stefnt er að því að settar verði verndar- og umgengnisreglur um hverfisverndaða svæðið sem tryggi varðveislu svæðisins sem náttúruverndar- og útivistarsvæði.</p> <p>Almennt er reiknað með að gönguleiðir séu einungis merktar með staurum eða vörðum. Yfir læki og votlendi er reiknað með einföldum trébrúm og yfir girðingar verða settar prílur.</p>

### Hverfisvernd vegna fornleifa

Farið mun verða yfir með heimamönnum hvort taka beri einhver svæði út núna og hverfisvernda sérstaklega vegna menningar- og/eða fornminja. Fram kemur í Staðardagskrá 21 fyrir Strandabyggð 2008 áhugi á varðveislu minja og minjastaða í sveitarfélaginu og vakin athygli á verðmætum þeirra og mikilvægi bæði fyrir íbúa og atvinnulíf, ferðaþjónustu. Um þetta segir þar : *Menningarminjar sveitarfélagsins eru merkilegur arfur sem hlúð sé að og virðing borin fyrir. Þær séu kynntar fyrir íbúum og gestum sveitarfélagsins og skapar það atvinnu sem er mikilvæg í samfélaginu.*



Nr.	Heiti	Lýsing
H1	Kálfnæs	<p>Hverfisvernd vegna söguminja.</p> <p>Ákvæði hverfisverndar:</p> <p>Deiliskráning fornleifa skal fara fram áður en ráðist er í bygginga- eða framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir.</p> <p>Halda skal byggingaframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.</p> <p>Fylgjast þarf vel með skógrækt sem er í námunda við fornleifar og gæta þess að skógrækt fari aldrei nær minjum en 20 m. Einnig ber að forðast skógrækt í gömlum túnum þó að fornleifar séu ekki sýnilegar á yfirborði.</p> <p>Stefnt er að því að settar verði verndar- og umgengisreglur um hverfisverndaða svæðið sem tryggja varðveislu svæðisins sem minja- og útivistarsvæði.</p> <p>Hverfisvernduðu svæðin verða merktar og fræðslufni um þær komið á framfæri.</p> <p>Að öðru leyti gilda ákvæði þjóðminjalaga varðandi þekktar þjóðminjar.</p>



Mynd 7-10. Frá Kálfnæsi (Mynd Sögusmiðjan).

### 7.3.7 Svæði undir náttúruvám

#### SVÆÐI UNDIR NÁTTÚRUVÁ

Svæði undir náttúruvám eru svæði þar sem hættu er talin stafa af náttúruhamförum, s.s. snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum eldvirkni eða veðurfari). (Sjá einnig gr. 4.18 í skipulagsreglugerð).

#### MARKMIÐ:

Þess verði gætt að íbúðarbyggð og frístundabyggð verði ekki skipulögð á hættusvæðum. Metin verði þörf á endurbótum vegakerfis vegna ofanflóðahættu, þ.m.t. hugsanlegan flutning á vegarstæðum. Metin þörf á aðgerðum vegna landbrots af völdum sjávargangs.



#### LEIÐIR:

- Hættusvæði vegna ofanflóða verði kortlögð enn frekar.

Í skipulagsreglugerð (nr. 400/1998) kafla 4.18, sem fjallar um svæði undir náttúruvá segir m.a. að í svæðis- og aðalskipulagi skuli auðkenna og gera grein fyrir svæðum undir náttúruvá, staðsetningu þeirra, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð. Jafnframt skal gera grein fyrir byggðum eða fyrirhuguðum varnavirkjum. Í deiliskipulagi skal síðan útfæra þetta nánar m.a. skilyrði um styrkingu og útfærslu mannvirkja.

#### Ofanflóð


Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands mun stofnunin vinna að dreifbýlishættumati vegna ofanflóða fyrir allar byggðir landsins. Meðan niðurstöður liggja ekki fyrir er settur fyrirvari um gerð staðbundins hættumats, samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum (nr. 49/1997) og reglugerð um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð staðbundins hættumats (nr. 495/2007). Við vinnslu nýs deiliskipulags og við útgáfu byggingar- og framkvæmdaleyfi þarf í hvert og eitt sinn að meta hvort þörf sé á staðbundnu hættumati. Í bókaflokknum "Skriðuföll og snjóflóð" er mjög ítarleg umfjöllun um skriður og snjóflóð svo langt aftur í tímann sem annálar greina og fram til árana 1990 og 1991.

Snjóflóðasetur Veðurstofu Íslands á Ísafirði hefur gert yfirlit yfir þau snjóflóð sem fallið hafa í Strandabyggð og skráð hafa verið síðustu ár og það sem skráð er í bókaflokknum „Skriðuföll og snjóflóð“. Meðfylgjandi í fylgiskjölum er útskrift Hörpu úr gagnagrunni Veðurstofunnar, en helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

- Í Steinadal hafa þrjú flóðanna fallið : 1998, 1995 og 1900.
- Við Kaldalón á Langadalströnd Ísafjarðar falla flóð 1989 og 1968. Við Gervidal einnig í Ísafirði 1849 (inn undir fjarðarbotni).
- Við Steingrímsfjörð falla snjóflóð 1849 (Geirmundarstaðir) og 1873 .
- Í Staðardal féllu mörg snjóflóð 1995 úr hlíðinni milli Kirkjubóls og Kleppustaða.
- Krapaflóð hafa fallið nærri Kleifarbjarginu.
- Í Forvaðanum rétt við Kollafjarðarnes féll snjóflóð árið 2009.

#### Jarðskjálftar og eldvirkni

Skjálftasvæðum Íslands hefur verið skipt niður í fimm hönnunarhröðunarsvæði þar sem taldar eru 10% líkur á jarðskjálfta af ákveðinni stærðargráðu á 50 ára tímabili. Hæsti áhættuflokkurinn hefur hönnunarhröðunina  $a_g = 0,4$  (0,4g) en það er 40% af þyngdarhröðuninni. Næsti áhættuflokkur hefur hönnunarhröðunina 0,3g. Síðan koma 0,2g, 0,15g og að lokum 0,1g. Við hönnun á mannvirkjum er því notast við fyrrnefnda hönnunarhröðun hvers svæðis. Strandabyggð flokkast á svæði utan áhættuflokka.



Mynd 7-11. Skipting Íslands í hönnunarhröðunarsvæði miðað við 500 ára meðalendurkomutíma. Heimild: Staðlaráð Íslands, Íslenskur staðall.

### Aðrar náttúruhamfarir

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hættu af völdum sjávarflóða í dreifbýli. Í þeim skipulagsáætlunum sem hér hefur verið vitnað í er sú hættu ekki til umræðu. Ekki er að öðru leyti talin sérstök hættu á öðrum náttúruhamförum en áður er getið.

### 7.3.8 Umhverfisáhrif náttúra og verndarsvæði

Umfjöllun um náttúru- og verndarsvæði í aðalskipulagi tekur á eftirfarandi þáttum:

- Óbyggð svæði
- Náttúruverndarsvæði
- Þjóðminjavernd
- Verndarsvæði vegna neysluvatns
- Skilgreining vatnsgæða og flokkun vatns
- Hverfisverndarsvæði
- Svæði undir náttúruvá

Megin stefnumið sveitarfélagsins um náttúru- og verndarsvæði er að taka skal fyllsta tillit til umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða við skipulag og framkvæmdir á óbyggðum svæðum. Stefnit er að því að auka möguleika fyrir heimamenn og ferðamenn til útivistar á óbyggðum svæðum.



Mörkuð er stefna um verndun og friðlýsingu einstakra svæða og varðveislu friðlýstra svæða, náttúruminja, þjóðminja og umhverfislegra gæða almennt. Alls eru sex svæði á náttúruminjaskrá innan Strandabyggðar sem ná yfir um 39 km<sup>2</sup> svæði, sem gerir um 2% af heildarstærð sveitarfélagsins. Stærstu svæðin eru þau sem ná yfir Kaldalón og austurhluta Drangajökuls sem og strandlengjan frá Sýruvíkurgjá að Rauðuskriðu. Tvær friðlýstar fornleifar eru innan Strandabyggðar og fjögur hús eru friðuð.

Að tryggt sé að ávallt verði nægilegt framboð á hágæða neysluvatni fyrir íbúa og fyrirtæki í Strandabyggð. Vatnsverndarsvæði Strandabyggðar sem skilgreint er fyrir þéttbýli Hólmavíkur er í Ósdal. Vatnsnám Vatnsveitu Hólmavíkur á óseyrum Ósár norðan bæjarins hófst 1988 er tekin var í notkun ný vatnslögn þaðan. Dælt er upp úr söfnunarbrunnum á áreyrunum í söfnunartank sem byggður var árið 1990 ofan Brandskjóla í bænum. Alls ná vatnsverndarsvæðin yfir 48 ha, þar af er fjarsvæði 47 km<sup>2</sup> og grannsvæði 0,33 km<sup>2</sup>.

Skipulagsáætluninni er ætlað að skilgreina svæði þar sem talið er að náttúruvá sé til staðar. Metin verði þörf á endurbótum vegakerfis vegna ofanflóðahættu, þ.m.t. hugsanlegan flutning á vegarstæðum. Metin þörf á aðgerðum vegna landbrots af völdum sjávargangs

Í aðalskipulagi Strandabyggðar 2010-2022 er lagt til að komið verði hverfisvernd á nokkrum stöðum. Innan þéttbýlisins eru eftirfarandi svæði skilgreind sem hverfisverndarsvæði vegna náttúruminja, Rifshaus, Árnaklakkur, strandlengja frá Hólmavík að Lækjarósi og Kálfanes. Vegna menningaminja eru það Kópnes, Plássið og Skeljavík. Í dreifbýli Strandabyggðar eru gerð tillaga um hverfisvernd í Tungugröf, í Kálfanes og suðurhluta Drangajökuls.

Á heildina litið kemur stefnumörkun aðalskipulags Strandabyggðar 2010-2022 sem snýr að náttúru- og verndarsvæðum fyrst og fremst til með að hafa jákvæð áhrif á þá umhverfispætti sem metnir eru.

## 7.4 SAMGÖNGUR OG VEITUR

### 7.4.1 Vegir

#### VEGIR

Skipulagsáætlunin staðfestir núverandi vegakerfi Vegagerðarinnar. Lýsing vegakerfisins er samkvæmt flokkunarkerfi Vegagerðarinnar í stofnbrautir og tengibrautir. Safnvegir eru einungis sýndir til skýringar á skipulagsupprætti. (Sjá einnig gr. 4.16 í skipulagsreglugerð.)

#### MARKMIÐ:

Leitað verði hagkvæmstu lausna í vegagerð og stuðlað að umferðar- og rekstraröryggi og samtengingu byggðar. Tengivegir innan sveitarfélagsins verða endurbættir vegna vinnusóknar utan heimilis.

#### LEIÐIR:

- Aukið verði öryggi vegfaranda á vegum.
- Stofn- og tengivegir verði lagaðir og lagðir bundnu slitlagi.

Stærð	Gildi	Tilvísun
Veghelgunarsvæði stofnvega	30 m til beggja hliða frá miðlínu	Vegalög
Veghelgunarsvæði tengivega	15 m til beggja hliða frá miðlínu	Vegalög
Veghelgunarsvæði gatnamóta	Beinar línur milli punkta á miðlínu vega 40 m frá skurðpunkti	Vegalög
Mesta hljóðstig utan við húsvegg á jarðhæð og utan við opnanlega glugga	33-55 dB	Reglugerð nr. 742/2008 og 1000/2005

Vegsamgöngur og tenging við nágrennabyggðalög er góð í sveitarfélaginu. Djúpvegur (61) tengir Strandabyggð við hringveginum við Brú í Hrútafirði. Djúpvegur liggur norður eftir vestanverðum Hrútafirði og þar tengist Laxárdalsheiði yfir í Dalina. Vegurinn liggur áfram um Bitrufjörð, Ennisháls, Kollafjörð og Steingrímsfjarðarheiði





og inn í Ísafjarðardjúp. Um 128 km af Þjóðvegi 61 Djúpvegi liggja um Strandabyggð. Þar sem Djúpvegur sveigir yfir Steingrímsfjarðarheiði í botni Steingrímsfjarðar eru gatnamót Strandavegar (643) er liggur norður Strandir í Bjarnarfjörð og Ingólfsfjörð.

Tenging er við Ísafjarðarbæ um Steingrímsfjarðarheiði um Djúpveg, yfir í Reykhólahrepp er farið um Þorskafjarðarheiði (608) og Arnkötluveg (608) og um Steinadalsheiði (690) í Dalabyggð.

Við deiliskipulag svæða utan þéttbýlis skal gæta þess að ekki sé byggt nær stofnvegum en 100 m og ekki nær öðrum þjóðvegum og almennum vegum en 50 m.

### Stofnvegir

Skipulagsáætlunin staðfestir núverandi vegakerfi Vegagerðarinnar í sveitarfélaginu sem og samgönguáætlun sem gerð hefur verið til 2014 og þingsályktunartillögu til 2018. Á skipulagsuppráttum er auðkennt núverandi stofnvegakerfi og fyrirhugaðar breytingar á stofnvegum til loka skipulagstímabilsins skv. langtímaáætlun í vegamálum 2007-2018 og tillögum sveitarstjórnar. Ekki eru áætlaðar breytingar á stofnvegakerfi í Sveitarfélaginu. Í Strandabyggð eru eftirfarandi stofnvegir:

Vegnr.	Heiti	Lýsing
61	Djúpvegur	Frá Vestfjarðavegi í Reykhólahreppi (60) um Arnkötluadal að Hrófá.
67	Hólmavíkurvegur	Af Djúpvegi inn til Hólmavíkur
68	Innstrandavegur	Frá Hringvegi við Brú í Hrutafirði liggur vegurinn norður Strandir að Hrófá.

### Tengivegir

Eina breytingin sem gert er ráð fyrir á skipulagstímabilinu á tengivegum er í botni Steingrímsfjarðar, þar sem Strandavegur er færður.


Eftirfarandi tengivegir eru í sveitarfélaginu:

Vegnr.	Heiti	Lýsing
605	Snæfjallastrandarvegur	Liggur af Djúpvegi (61) í Langadal norður Langadalsströnd allar götur í Kaldalón.
643	Strandavegur	Af Djúpvegi í botni Steingrímsfjarðar að sveitarfélagamörkum Kaldraneshrepps.
690	Steinadalsvegur	Frá Steinadal, á Djúpveg í Kollafirði.

# Strandabyggð

Aðalskipulag 2010 - 2022

KORT IV SAMGÖNGUR.



**SKÝRINGAR**

- Stofnvegir
- Tengivegir
- Landsvegir
- Héraðsvegir

Heimild: Vegagerðin Dags.22.02.2010 LANDMÖRNUM.

Mynd 7-12. Vegir í Strandabyggð.



## 7.4.2 Gönguleiðir

### GÖNGULEIÐIR

Á skipulagsupprætti eru einungis sýndar helstu gönguleiðir. Lega gönguleiða í dreifbýli er einungis til leiðbeiningar á skipulagsupprætti. (Sjá einnig gr. 4.7 í skipulagsreglugerð).

### MARKMIÐ:

Stefnt er að því að búa til og merkja göngustígakerfi fyrir ferðamenn, tengt hefðbundnum slóðum og áhugaverðum stöðum í hreppnum. Íbúar og gestir séu hvattir til að nýta fallett umhverfi í sveitarfélaginu til útivistar, sér til ánægju og heilsubótar. Sveitarfélagið verði þekkt fyrir góða aðstöðu til útivistar og heilbrigðan lífstíl íbúanna. Stuðlað verði að almennri útivist í Strandabyggð með skráningu og merkingu gönguleiða.

### LEIÐIR:

- Athuga skal merkingu gönguleiða í samstarfi við áhugamannafélög og aðila í ferðaþjónustu.
- Lögð verður áhersla á að vinna að gerð nýrra gönguleiða í samstarfi við áhugamenn, svo og úrbótum á eldri leiðum.

Margar góðar gönguleiðir eru í sveitarfélaginu enda fjölbreytt og fagurt landslag með langa búsetusögu. Hér verður fyrst og fremst gerð grein fyrir gönguleiðum sem koma fram á Gönguleiðakorti Helga M. Arngrímssonar (Ferðamálaafélag Strandasýslu 1997), sjá annars kafla hér næst á eftir um reiðleiðir. Gönguleiðir eru færðar inn á skipulagsupprátt en lega getur verið ónákvæm vegna mælikvarða.

Helstu gönguleiðir eru færðar inn á skipulagsupprátt til skýringar.

Nr.	Lýsing
A	Krossárdalur- Snartartunguheiði. Að hluta til gömul leið landpóstanna. 10 km leið.
B	Ennishöfði fyrir Stiga. Gönguleið liggur frá bænum Skriðinsenni og út að Ólafsvík. 6.5 km leið.
C	Þiðriksvallavatn. Leiðin liggur umhverfis vatnið. 8 km leið.
D	Kálfanesborgir. 8 km gönguleið er liggur umhverfis Borgirnar.
E	Klakkur. Frá vegslóða við Þjóðveg 69 er skemmtileg leið upp á fjallið Klakk fyrir miðjum Kollafirði.
F	Vaðalfjallaheiði. Frá Hríshóli er fyrst farið vestan Hríshólsfjalls, skammt vestan Hótelis Bjarkarlundar. Þaðan er farið austan Vaðalfjalla með Músaá inn á heiðina. Tengist þar öðrum leiðum.
G	Kollabúðaheiði. Frá minnisvarða að Kollabúðum (sbr. Þorskafjarðarþing hið forna) er fylgt Þjóðvegi upp á heiðina og þaðan í Staðardal á Ströndum. 20 km.
H	Staðarfjall. Leið liggur frá Stað í Staðardal og norður yfir Staðarfjall og niður í Selárdal sunnan megin Þjóðbrókargils. Komið niður rétt norðan Gilsstaða. Gömul Þjóðleið.
I	Ófeigsfjarðarheiði. Leiðin liggur frá Skjaldfönn í mynni Skjaldfannardals fram Hraundal og austur yfir Ófeigsfjarðarheiði að bænum Ófeigsfirði í samnefndum firði. Gömul Þjóðleið.



### 7.4.3 Reiðleiðir

#### REIÐLEIÐIR

Á skipulagsupprætti eru einungis sýndar helstu reiðleiðir. Að hluta til fylgja þær gömlum þjóðleiðum og þjóðvegum. Meginreiðstígar verða byggðir upp, en auk þeirra eru aðrar reiðleiðir sýndar til leiðbeiningar á skipulagsupprætti. (Sjá einnig gr. 4.16 í skipulagsreglugerð).

#### MARKMIÐ:

Stefnt er að lagningu nýrra reiðleiða, auk endurbóta og viðhalds á núverandi leiðum. Þess verði gætt að umferð hestamanna valdi sem minnstum spjöllum á gróðurlendi og sögu- og náttúruminum.

#### LEIÐIR:

- Reiðleiðir verði færðar frá þjóðvegum þar sem því verður við komið.
- Byggt verði upp skilvirkt reiðstígakerfi í samvinnu við Vegagerðina og hestamannfélag.

Yfirlit reiðleiða styðst við útiverukort sem Ferðamálasamtök Vestfjarða gefa út og nefnist það Vestfirðir og Dalir sem nær rétt norður fyrir Hólmavík og nokkuð suður fyrir Prestbakka í Hrutafirði.

Stuðst er einnig við yfirlit yfir helstu reiðgötur sem tengjast þjóðvegakerfinu í Strandabyggð með beinum hætti er kallast „Reiðvegir Strandasýslu - Drög að vegaskrá“.

Meginreiðstígar tengja saman byggð og heiðalönd, en eru jafnframt reiðleiðir milli byggða innan héraðsins. Margar leiðanna eru mikið notaðar, bæði í atvinnuskyni og til almennrar útivistar. Nýjar reiðleiðir hafa verið skilgreindar í samvinnu við hestamannafélag á svæðinu, Vegagerðina og aðra hagsmunaaðila. Auk meginreiðstíga eru ýmsar aðrar reiðleiðir sem eru einungis sýndar til leiðbeiningar á skipulagsupprætti.

Reiðleið	Lýsing
A	<b>Gaffellsheiði.</b> Frá Bitrufjarðarbotni (þórustöðum) inn Brunngilsdal og inn á Gaffellsheiði, með austurbakka árinna Fáskrúð suður að Ljárskógaseli og áfram að Ljárskógum í Dölum, við botn Hvammsfjarðar. Leið 43 - 37km. Sunnan Skiphóls greinast leiðir og unnt að fara vestur og upp með Brunngilsá, niður Brekkudal og Hvalsdal að Skriðulandi (sunnanverður Hvammsfjarðarbotn).
B	<b>Snartartunguheiði.</b> Frá Kleifum í Gilsfirði yfir Snartartunguheiði niður Norðdal að Snartartungu í Bitrufirði. Leið 38 - 12 km.
C	<b>Kleifar – Krossárdalur.</b> Frá Kleifum í Gilsfirði út Krossárdal í Bitrufirði, að bænum Gröf og áfram. Leið 37 - 11.5 km.
D	<b>Bitruháls.</b> Frá Gröf í Krossárdal í Bitrufirði yfir að Stóra-Fjarðarhorni í Kollafirði. Leið 36 - 10km.
E	<b>Steinadalsheiði.</b> Úr Kollafjarðarbotni í Gilsfjarðarbotn. Leið 38 – 18 km.
F	<b>Tröllatunguheiði.</b> Frá Króksfjarðarnesi inn Geiradal yfir að Húsavík í Steingrímsfirði. Leið 29 – 26.
G	<b>Gróustaðir – Miðheiðarvatn.</b> Frá Gróustöðum við utanverðan Gilsfjörð er farið upp Króksfjarðarmúla að Miðheiðarvatni, þaðan er unnt að fara inn á Tröllatunguleið (sbr. hér næst á undan). Leið 30 – 13km.
H	<b>Bæjardalsheiði.</b> Frá bænum Bæ við Króksfjörð yfir Bæjardalsheiði um Arnkötludal að bænum Hrófá (eða Húsavík) við Steingrímsfjörð, um 4 km sunnan Hólmavíkur. Leið 28 – 23km.
I	<b>Laxárdalsheiði.</b> Frá þjóðvegi skammt austan Munaðartungu upp af botni Berufjarðar er farið upp á Laxárdalsheiði, niður um Húsadal sunnan Þiðriksvallavatns og að þjóðvegi 1 rétt sunnan Hólmavíkur (Víðidalsá). Leið 26 – 26km.



Í	<b>Þiðriksvallavatn.</b> Reiðleið umhverfis vatnið, frá Víðidalssá tengist Laxárdalsheið, sbr. hér fyrir ofan. Leið 27 – 11.5 km.
J	<b>Vaðalfjallaheiði.</b> Úr Berufirði upp á Vaðalfjallaheiði inn á Kollabúðarheiðargötu (sbr. hér næst fyrir neðan) nálægt Miðheiðarvatni.
K	<b>Kollabúðaheiði.</b> Frá Kollabúðum (Þorskafjarðarþing hið forna) upp á heiðina og svo út Staðardal á Ströndum. Gönguleið/reiðleið (a.m.k. að hluta?). Leið 12 – 20 km.
L	<b>Kollabúðadalur.</b> Farið er um Kollabúðadal austan Þorskafjarðarár fram um Þingmannarjóður og upp á Þorskafjarðarheiði.
M	<b>Þorgeirdalur – Langidalur.</b> Frá Múla á vesturströnd Þorskafjarðar er farið fram Þorgeirdal og komið inn á leið 6 skammt sunnan við Gedduvatn. Þaðan er farið í Langadal við Ísafjörð. Leið 10 – 42km.
N	<b>Kollafjarðarheiði.</b> Leið norður úr Kollafirði í Austur-Barðastrandarsýslu í Laugardal (Laugaból) á Langadalströnd (Ísafjörður).
O	<b>Þorskafjarðarheiði.</b> Úr Þorskafirði um Þorgeirdal yfir Þorskafjarðarheiði norður í Langadal.

Samkvæmt „Leiðbeiningum um gerð og uppbyggingu reiðvega“ sem unnar hafa verið í samvinnu Landssambands hestamannafélaga og Vegagerðarinnar eru reiðleiðir flokkaðar í þrjá meginflokka eftir hlutverki þeirra:

- Stofnleiðir. Aðalleiðir sem liggja á milli sveitarfélaga tengja saman sveitir og þéttbýli annars vegar og hálendið hins vegar. Þetta eru aðalleiðir í byggð utan þéttbýlis.
- Þéttbýlisleiðir. Leiðir í næsta nágrenni við þéttbýli og annars staðar þar sem búast má við mikilli hestaumferð. Einnig leiðir milli hesthúsa.
- Héraðsleiðir. Tengingar milli bæja og fornar leiðir, sem ekki þola mikla umferð. Yfirleitt aðeins gert ráð fyrir einstaklingsumferð.

Nr.	Lýsing reiðvega sem tengdir eru þjóðvegakerfinu
R	<b>Kollafjarðarheiði.</b> Kollafjarðarheiði frá Fjarðarhorni í botni Kollafjarðar um Kollafjarðarheiði ofan í Laugabólssdal og út hann að Laugabóli við Djúpveg(61). Eftir fáförnum akvegi. Samkvæmt flokkun Reiðveganeftndar ætti þessi gamla gata að vera í HL flokki. (F66)
S	<b>Frá Laugabóli</b> á Langadalströnd yfir Arngræðareyrarháls í Langadal, um Langdal, Heiðarbrekkur og Sóleyjardal að gamla Sæluhúsinu við Djúpveg(61) á Steingrímsfjarðarheiði. Yfir Arngræðareyrarháls er gömul leið e.t.v. fleiri en ein, um Langadal frá Kirkjubóli og upp á Steingrímsfjarðarheiði er aflagður akvegur. Flokkun: HL (R691)
T	<b>Steingrímsfjarðarheiði</b> frá gamla Sæluhúsinu við Djúpveg(61) á Steingrímsfjarðarheiði um Flókatungur niður að Kleppustöðum og um Staðardal að Hrófbergi. Um Flókatungur er aflagður akvegur, í Staðardal þarf að leggja og/eða merkja veg meðfram þjóðvegi eða í nágrenni hans. Flokkun: HL (R693)
U	<b>Trékyllisheiði</b> frá Hrófbergi við Djúpveg(61) út með Steingrímsfirði að norðan yfir Selárdal að Bólstað um Trékyllisheiði í Botn Reykjafjarðar. Með Steingrímsfirði við Strandaveg(643) yfir Trékyllisheiði um gamla varðaða leið og/eða línuslóð. Flokkun: D ( R694)
Ú	<b>Blakksvegur frá</b> Hrófbergi við Djúpveg(61) í Steingrímsfjarðarbotni út með Steingrímsfirði um Líkfararlág, Fellabök, Stakkamýri og Kálfnasflóa að hesthúsum við Hvítá um Tungusveit, Gálmaströnd, Kollafjarðarnes og norðurhlíð Kollafjarðar að Litla Fjarðarhorni. Leiðina þarf að leggja og/eða merkja veg meðfram þjóðvegi eða í nágrenni hans nema e.t.v. er mögulegt að fara gamlan veg í Kollafirði. Flokkun: HL eða SL2 ( R696)
V	<b>Bitruháls</b> frá Litlafjarðarhorni við Djúpveg(61) í botn Kollafjarðar og yfir Bitruháls frá Stórafjarðarhorni að Gröf í Krossárdal. Meðfram Djúpvegi(61) yfir Kollafjarðarbotninn og eftir gamalli leið um Bitruháls. Flokkun: HL ( R697). Kemur einnig fram á korti Helga Arngrímssonar sem leið nr. 30
Þ	<b>Hrútafjarðarvegur</b> frá Gröf um Krossárdal, botn Bitrufjarðar, Slitur, Stikuháls og inn allan Hrútafjörð að Brú við Hringveg(1). Leiðina þarf að leggja og/eða merkja veg meðfram þjóðvegi eða í nágrenni hans. Allvíða eru möguleikar að fara frá veginum. Flokkun: HL ( R699)



Mynd 7-13: Megin göngu- og reiðleiðir í Strandabyggð.



#### 7.4.4 Vatnsveita

##### VATNSVEITA

Til vatnsveitu teljast stofnkerfi veitunnar, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

##### MARKMIÐ

Stefnt er að því að öll byggð í sveitarfélaginu njóti nægjanlegs og góðs neysluvatns.

##### LEIÐIR:

- Vatnsból verði afgirt og engar framkvæmdir sem gætu ógnað vatnsverndarsvæðum verði leyfðar á grannsvæðum eða fjarsvæðum þeirra.

Sameiginlegar vatnsveitur eru ekki til en flestir bæir hafa eigin vatnsveitu og eru þær vatnsveitur teknar út þar sem ferðapjónusta er rekin. Vatnslagnir eru í flestum tilvikum ekki langar, lengst um 1 km Ekki stendur til að fara í sameiginlega vatnsveitu enda vatnsgæði allsstaðar góð og mengun lítil. Sjá nánar um þetta í kafla 4.2.4.

#### 7.4.5 Hitaveita

##### HITAVEITA

Til hitaveitna telst stofnkerfi veitnanna, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

Í Strandabyggð er aðallega kynnt með rafmagni. Gert er ráð fyrir stofnun sameiginlegrar hitaveitu og samið verði við Vegagerðina um lögn stofnæðar meðfram Þjóðvegi 61 innan helgunarsvæðis vegar. Áformin byggjast á athugunum á jarðhita á Gálmaströnd og í landi Þorpa og á því að útkoman verði sú að um jarðhita í nýtanlegu formi verði að ræða. Sjá annars kafla 8.4.3.

#### 7.4.6 Fráveita

##### FRÁVEITA

Til fráveitu teljast rotþrær og stofnkerfi fráveitu, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

##### MARKMIÐ:

Stefnt er að því að frárennismál í Strandabyggð verði til fyrirmyndar.

##### LEIÐIR:

- Unnin ný úttekt á frárennismálum og gerð áætlun um endurbætur.
- Unnið áfram í því að bæta frárennismálin.
- Rotþrær verði settar á þá sveitabæi, þar sem þær vantar enn, jafnframt því sem siturlagnir verði útbúnar þar sem þær vantar.

Ástand fráveitu í dreifbýli er víðast hvar í nokkuð góðu lagi. Rotþrær eru komnar á alla bæi, en á nokkrum bæjum, einkum í Bitrunni, eru siturlagnir ekki frá rotþrónum.



#### 7.4.7 Rafveita

##### RAFVEITA

Til rafveitna telst stofnkerfi veitnanna, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi ásamt helgunarsvæðum. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

##### MARKMIÐ:

Loftrínur munu smám saman víkja fyrir jarðstrengjum eftir því sem frá líður og að flutningskerfi raforku anni ávallt eftirspurn eftir raforku.

##### LEIÐIR:

- Að þrífösun rafmagns verði komið á í dreifbýli.

Strandbyggð tengist dreifikerfi Orkubús Vestfjarða og eru bæði orkuöflun og dreifikerfi á vegum fyrirtækisins. Orkubúið hefur starfsstöð á Skeiði á Hólmavík, þar sem bæði eru skrifstofa, lager og spennuvirki.

Eins og fram hefur komið í kafla um iðnaðarsvæði eru tvær vatnsaflsvirkjanir í sveitarfélaginu og sú stærri, Þverárvirkjun er í næsta nágrenni Hólmavíkur.

Samkvæmt reglugerð 586/2004 skal tilgreina lágmarksfjarlægðir háspennulína til annarra mannvirkja sem og opinna svæða til sérstakra nota. Ræktun hávaxinna plöntutegunda innan helgunarsvæðis er óæskileg og skal eftirfarandi regla gilda um fjarlægð trjáa frá háspennulínum. Fjarlægðin miðast við að hún sé hæð fullvaxinna trjáa sinnum 1,5. Reglugerðin vísar til íslenskra staðla sem ákvarða m.a. helgunarsvæði meðfram háspennulínum þar sem ekki er heimilt að reisa nein mannvirki á. Við framkvæmdir og við skipulag nýrra svæða skal gera ráð fyrir eftirfarandi helgunarsvæði (byggingarbann) háspennulína:

- 66 kV línur 25m.
- 132 kV línur 35-45 m.
- 220 kV línur 65-85 m.

Heit línu	Lýsing
Hólmavíkurlína	Frá Þverárstöð til Hólmavíkur 66 kV.

#### 7.4.8 Fjarskipti

##### FJARSKIPTI

Svæði fyrir fjarskiptamannvirki nær til stofnkerfa ljósleiðara og endurvarpsstöðva útvarps og sjónvarps. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

##### MARKMIÐ

Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu fjarskipta í sveitarfélaginu sem stuðlar að aukinni þjónustu við íbúa og styrkir atvinnustarfsemi. Unnið verði að því að koma á öruggu farsímasambandi í allri Strandabyggð.

##### LEIÐIR:

- Uppbygging háhraðanets í sveitarfélaginu.
- Fjölgun senda fyrir farsíma í sveitarfélaginu.



### 7.4.9 Umhverfisáhrif samgöngur og veitur

Á heildina litið kemur stefnumörkun aðalskipulags Strandabyggðar 2010-2022 sem snýr að samgöngum og veitum hafa óveruleg áhrif á gróður, ásýnd landslags og jarðefnanotkun en jákvæð áhrif efnahag og vegalengdir styttest.

Samgöngur og veitur	Umhverfisþættir		
	Náttúra	Auðlindir	Samfélag
Samgöngur	0	0	0/+

## 8 ÞÉTTBÝLIÐ Á HÓLMAVÍK

### 8.1 ATVINNA

#### 8.1.1 Verslun og þjónusta

##### VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI

Á verslunar- og þjónustusvæðum skal einkum gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi, m.a. ferðaþjónustu. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð yfir íbúðum á verslunar- og þjónustusvæðum, sérstaklega á efri hæðum nýbygginga. (Sjá einnig gr. 4.5 í skipulagsreglugerð).

##### MARKMIÐ:

Lögð er áhersla á að gott framboð á verslunar- og þjónustulóðum.

##### LEIÐIR:

- Gefið er eðlilegt svigrúm fyrir þróun á núverandi og nýrrar verslunar- og þjónustustarfsemi.
- Deiliskipulagsskilmálar fyrir verslunar- og þjónustuhúsnæði miði að gæðum húsnæðis og vönduðu yfirbragði byggðar.
- Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd og áhersla lögð á vandaðan umhverfisfrágang.
- Við skipulag byggðar og hönnun bygginga verði þess gætt að starfsemi geti þróast og breyst og hús og svæði nýst til annarra nota en upphaflega var áætlað. Þannig sé stuðlað að sveigjanleika og lífvænleika byggðarinnar.
- Stöðugt sé unnið að þróun nýrra tækifæra fyrir íbúa svæðisins til frekari atvinnusköpunar.

Á skipulagsupprætti fær verslunar- og þjónustusvæði ljósgulan lit. Þar er fyrst og fremst gert ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi. Eftirfarandi svæði á Hólmavík eru skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
V1	Hilmirsreitur	Óbyggður reitur. Svæðið er ætlað undir verslun og þjónustu. Stærð svæðis ha.
V2	Safnasvæði	Á svæðinu er galdrasafn og fiskverkun. Gert er ráð fyrir verslun og þjónustu á reitnum og önnur starfsemi sem fellur ekki undir þá skilgreiningu er víkjandi. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir verslun og þjónustu.  Plássið nýtur hverfisverndar í kjölfar húsakönnunar og um það svæði gildir: Heildarsvipur byggðarinnar verði varðveittur, nýbyggingar taki mið af stíl, stærð og byggingarefnum og stuðlað verði að því að viðhald og endurnýjun húsa taki mið af upprunalegri mynd. Stærð svæðis 0,5 ha.



V3	Þjónustureitur	Á svæðinu er gistiheimili og skrifstofur. Svæðið telst fullbyggt. Stærð svæðis 0,1 ha.
V4	Riisreitur	Á svæðinu er veitingastaður og gamla félagsheimilið. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir verslun og þjónustu. Plássið nýtur hverfisverndar í kjölfar húsakönnunar og um það svæði gildir: Heildarsvipur byggðarinnar verði varðveittur, nýbyggingar taki mið af stíl, stærð og byggingarefnum og stuðlað verði að því að viðhald og endurnýjun húsa taki mið af upprunalegri mynd. Stærð svæðis 0,3 ha.
V5	Þjónustureitur	Á svæðinu er gistiheimili. Reiturinn er ætlaður undir verslun og þjónustu og telst fullbyggt. Stærð reits 0,05 ha.
V6	Kaupfélagsreitur	Á svæðinu er dagvöruverslun, söluskáli og bensínstöð. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir verslun og þjónustu. Stærð svæðis 1,2 ha
V7	Veitingastaður	Á svæðinu er veitingastaður. Stærð svæðis er um 0,1 ha.

Nýtingarhlutfall á verslunar- og þjónustusvæðum skal almennt vera að meðaltali um 0,2-0,6.



Mynd 8-1. Café Riis.

### 8.1.2 Svæði fyrir þjónustustofnanir

#### ÞJÓNUSTUSVÆÐI

Á skipulagsupprætti fá svæði fyrir þjónustustofnanir appelsínugulan lit. Þjónustustofnun getur m.a. verið skóli, leikskóli, heilsugæslustöð og kirkjustaður. (Sjá einnig gr. 4.3 í skipulagsreglugerð).

#### MARKMIÐ:

Skólar sveitarfélagsins séu eftirsóknarverðir vinnustaðir fyrir nemendur og starfsmenn. Aðstaða sé fyrir fólk á öllum aldri til að stunda nám í heimabyggð. Skólalóð verði í góðum tengslum við íbúðahverfi og nýtist þannig sem útivistarsvæði. Félagsleg þjónusta verði sem mest miðsvæðis og aðgengileg öllum íbúum.

**LEIÐIR:**

- Haldið áfram á braut fjölpætrrar uppbyggingar á sviði menntunar og menningar.
- Útbúið verði fjarnámsver á Hólmavík. Það tengist grunnenntaskóla sem stofnaður var haustið 2007.
- Boðið verði upp á framhaldsskólanám (1-2 ár), í samstarfi við aðra framhaldsskóla í tengslum við námsver.

Á Hólmavík eru þjónustustofnanir sveitarfélagsins, grunnskóli, leikskólinn, kirkja, bókasafn o.fl.

Hólmavík er miðstöð þjónustu í sveitarfélaginu og þar er fyrir hendi öll sú þjónusta sem einkennir gott bæjarfélag, grunnskóli, leikskóli, heilsugæsla, sundlaug, lögreglu- og slökkvistöð o.s.frv. Fram kemur í Aðalskipulag Hólmavíkur 1994 – 2014 að í bænum verði *menntun þróuð og aðlöguð þörfinni á hverjum tíma*. Stefnumörkunin hefur borið árangur því undanfarin ár hefur átt sér stað mikil aukning á námsframboði á Hólmavík. Þannig eru í viðbót við grunnskóla, tónskóla og leikskóla komin Grunnenntaskóli, fjölgreinaþraut Háskólaseturs Vestfjarða, Námsver á framhaldskólastigi og Fræðslumiðstöð Vestfjarða stendur fyrir ýmsum tómsundanámskeiðum. Mikill áhugi er fyrir því að þróa áfram uppbyggingu fjölbreytts skólastarfs á Hólmavík.

Á skipulagsuppdrætti fá svæði fyrir þjónustustofnanir appelsínugulan lit. Nýtingarhlutfall á svæðum fyrir þjónustustofnanir skal almennt vera að meðaltali um 0,2-0,6. Eftirtalin svæði fyrir þjónustustofnanir eru á Hólmavík:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
S1	Björgunarsveitin	Á reitnum er Björgunarsveitin til húsa. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði, sem falla að nýtingu svæðisins sem þjónustustofnun. Stærð svæðis 0,05 ha.
S2	Spennistöð	Á reitnum er spennistöð, stærð svæðis 0,02 ha.
S3	Gamli barnaskólinn	Á reitnum er gamli barnaskólinn. Húsið er friðað síðan 2006. Reiturrinn telst fullbyggður. Stærð reits 0,05 ha.
S4	Heilsugæsla	Á svæðinu er heilsugæsla. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði, sem falla að nýtingu svæðisins sem þjónustustofnun. Stærð svæðis 0,3 ha.
S5	Spennistöð	Á reitnum er spennistöð, stærð svæðis 0,04 ha.
S6	Leikskóli	Á svæðinu er leikskóli. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun. Stærð svæðis 0,1 ha.
S7	Hólmavíkurkirkja	Á reitnum er kirkja. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun. Stærð svæðis 0,3 ha.
S8	Grunnskólinn á Hólmavík	Á svæðinu er grunnskóli og skólalóð með leiksvæði og sparkvelli. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun. Stærð svæðis 1,0 ha.
S9	Sýslumannsreitur	Á svæðinu er skrifstofa sýslumanns og banki. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun. Stærð svæðis 0,1 ha.
S10	Stjórnsýslureitur	Á svæðinu eru sveitarstjórnarskrifstofur, sparisjóður og aðrar skrifstofur. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun. Stærð svæðis 0,15 ha.
S11	Sundlaug og íþróttamiðstöð	Á svæðinu er íþróttahús og sundlaug. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun. Stærð svæðis 0,4 ha.





S12	Félagsheimili	Á svæðinu er félagsheimilið á Hólmavík. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun. Stærð svæðis 0,6 ha.
S13	Þjónustureitur	Óbyggður reitur og því svigrúm fyrir nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins. Stærð svæðis 0,6 ha.
S14	Spennistöð	Á reitnum er spennistöð. Stærð svæðis 0,01 ha.
S15	Þjónustureitur	Á svæðinu er aðveitustöð Orkubús Vestfjarða og áhaldahús. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun. Stærð svæðis 1,3 ha.
S16	Lögreglan	Á svæðinu er lögreglustöð og slökkvilið. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun. Stærð svæðis 0,25 ha.
S17	Vegagerðin	Á svæðinu er Vegagerð ríkisins með aðsetur. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun. Stærð svæðis 0,5 ha.
S18	Flugstöð	Á svæðinu er flugstöð. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun. Stærð svæðis 0,3 ha.
S19	Vatnstankur	Á svæðinu er vatnstankur fyrir neysluvatn. Stærð svæðis 0,2 ha.



Mynd 8-2. Leikskólalóðin á Hólmavík.





### 8.1.3 Athafnasvæði

#### ATHAFNASVÆÐI

Á athafnasvæðum er gert ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugæmslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum. Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrir tækja s.s. fyrir húsverði (Sjá einnig gr. 4.5 í skipulagsreglugerð).

#### MARKMIÐ:

Lögð verður áhersla á að skapa góðar umhverfisaðstæður fyrir fyrirtæki sem byggja á sérstöðu svæðisins. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd og áhersla lögð á vandaðan umhverfisfrágang á athafnasvæðum.

#### LEIÐIR:

- Við skipulag svæðis og hönnun bygginga verði þess gætt að starfsemi geti þróast og breyst og hús og svæði nýst til annarra nota en upphaflega var áætlað. Þannig sé stuðlað að sveigjanleika og lífvænleika byggðarinnar.
- Fjölbreytt framboð athafnalóða fyrir mismunandi fyrirtæki.
- Umhverfi athafnasvæða við Skeiði verði bætt með markvissri gróðursetningu en svæðið er aðalinnkoma inn á Hólmavík.

Athafnasvæði eru sýnd með ljósgráum lit. Nýtingarhlutfall á athafnasvæðum skal almennt vera að meðaltali um 0,3 - 0,6

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
A1	Norðurfjara	Svæðið er ætlað undir hafnsækna athafnastarfsemi. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika byggðar. Stærð svæðis 0,5 ha.
A2	Skeiði	Svæðið er ætlað undir athafnastarfsemi fyrir blandaða athafnastarfsemi. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika byggðar. Stærð svæðis 0,6 ha.
A3	Skeiði	Svæðið er ætlað undir athafnastarfsemi fyrir blandaða athafnastarfsemi, m.a. móttökustöð fyrir flokkaðan úrgang, endurvinnslufyrirtæki. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika byggðar. Stærð svæðis 2,1 ha.
A4	Skeiði	Svæðið er ætlað undir athafnastarfsemi fyrir blandaða athafnastarfsemi. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika byggðar. Stærð svæðis 2,3 ha.
A5	Skeiði	Svæðið er ætlað undir athafnastarfsemi. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar. Stærð svæðis 2,5 ha.
A6	Skeiði	Svæðið er ætlað undir athafnastarfsemi. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði. Stærð svæðis 0,6 ha.
A7	Djúpvegur	Óbyggður reitur og því svigrúm fyrir nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins. Frekari uppbygging á svæðinu miði að því að styrkja og fegra götumynd Djúpvegar og stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins við innkomu í bæinn og áhersla lögð á vandaðan umhverfisfrágang. Stærð svæðis 1,9 ha.



#### 8.1.4 Iðnaðarsvæði

##### IÐNAÐARSVÆÐI

Á iðnaðarsvæðum er gert ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, veitustöðvum, skólpælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir olíur og móttökustöðvum fyrir úrgang. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum. Svæðin eru sýnd í dökkgráum lit. (Sjá einnig gr. 4.7 í skipulagsreglugerð).

##### MARKMIÐ:

Tryggt verði eðlilegt svigrúm fyrir þróun á iðnaðarstarfsemi. Leggja þarf grundvöll að fjölbreyttum iðnaðarfyrirtækjum. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd og áhersla lögð á vandaðan umhverfisfrágang og vönduðu yfirbragði.

##### LEIÐIR:

- Lögð er áhersla á að gott framboð á rúmum iðnaðarlóðum, m.a. til að nýta tækifæri sem tengjast sérstöðu svæðisins og góðri hafnaraðstöðu
- Afmörkun og staðsetning iðnaðarsvæða taki mið af þörfum atvinnulífsins og sjónarmiða um fallega bæjarmynd.

Iðnaðarsvæðin eru sýnd sem dökkgráum lit. Nýtingarhlutfall á iðnaðarsvæðum skal almennt vera að meðaltali um 0,2 - 0,5.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
11	Djúpvegur	Svæði undir iðnaðarstarfsemi. Óbyggður reitur og því svigrúm fyrir nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins. Frekari uppbygging á svæðinu miði að því að styrkja og fegra götumynd Djúpvegur og stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins við innkomu í bæinn og áhersla lögð á vandaðan umhverfisfrágang. Stærð svæðis 1,9 ha.

#### 8.1.5 Sorpförgunarsvæði

##### SORPFÖRGUNARSVÆÐI

Á sorpförgunarsvæðum fer fram förgun sorps og annars úrgangs. Sorpförgunarsvæði eru starfsleyfis skyld og umhverfismatsskyld. Móttöku- og flokkunarstöðum fyrir sorp verður komið fyrir á landbúnaðarsvæðum og svæðum fyrir frístundabyggð og teljast eðlilegur hluti þeirrar landnotkunar. (Sjá einnig gr. 4.10 í skipulagsreglugerð).

##### MARKMIÐ:

Skipulagsáætluninni er ætlað að gera grein fyrir þeim svæðum þar sem fram fer og fyrirhuguð er förgun á sorpi og öðrum úrgangi en leita skal hagkvæmra leiða til að draga úr magni úrgangs til förgunar. Allur úrgangur sem hægt er að endurnýta, verði endurnýttur. Unnið verði að endurnýtingu og endurvinnslu þar sem það er mögulegt. Áhersla verður lögð á jarðgerð lífræns úrgangs og að móttöku- og flokkunarstöðvar í dreifbýli verði eflaðar. Ávallt sé leitað allra leiða til að draga úr myndun úrgangs og endurnýta hann eins og hægt er. Öll meðhöndlun úrgangs sé eins og best gerist á landinu.

##### LEIÐIR:

- Móttöku- og flokkunarstöðvum fyrir úrgang verður komið fyrir í þéttbýli og á landbúnaðarsvæðum og svæðum fyrir frístundabyggð og teljist slíkt eðlilegur hluti þeirrar landnotkunar.



- Komið verði á aukinni flokkun heima á heimilum, t.d. með tveggja eða þriggja tunnu leið. Jafnhliða verði mikið fræðsla til íbúa um flokkun og aðferðir við flokkun. Notuð verði maður-á-mann aðferð við miðlun upplýsinga.
- Íbúar verði fræddir um mögulegar leiðir til minnkunar á magni úrgangs sem fellur til.
- Útbúin verði svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, samanber lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og landsáætlun um meðhöndlun úrgangs.
- Útbúin verði áætlun um hvernig eigi að laga núverandi urðunarstað að hertum kröfum, sbr. reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.
- Útbúið verði lokað gámaplan með góðum flokkunarmöguleikum fyrir endurvinnanlegan úrgang.

### Úrgangsstjórnun

Sorpförgunarsvæði eru merkt með dökkbrúnum lit á skipulagsupprætti. Auk þess eru sorpgámar eru heimilaðir á landbúnaðar- og frístundabyggðarsvæðum. Öll sveitarfélögin í Strandasýslu standa sameiginlega að Sorpsamlagi Strandasýslu, sem fer með úrgangsmál á svæðinu. Sorpsamlagið er með samning við Endurvinnsluna/Sagaplast um að hirða eftirfarandi úrgangsflokka: rúlluplast, dagblöð, pappa, mjólkurfurnur, umbúðapappa, dekk og brotajárn. Endurvinnslan tekur hins vegar ekki timbur. Móttöku- og flokkunarstöð verður staðsett á Skeiði sjá umfjöllun um A3 í kafla 8.1.3.

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs hefur ekki verið gerð, þó að sveitarstjórnnum beri að gera slíkt samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Ákveðið var að Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða myndi útbúa slíka áætlun, en það hefur þó ekki enn verið gert. Úrgangur er hirtur vikulega á Hólmarvík af starfsmönnum Sorpsamlagsins. Í dreifbýli eru hins vegar gámar sem íbúar sjá sjálfir um að koma úrganginum í.

Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
U1	Skeljavík	Urðunarstaður sveitarfélagsins er í Skeljavík og er sorpsamlagið rekstraraðili svæðisins. Þar er allur almennur úrgangur urðaður en einnig er þar geymslustaður fyrir brotajárn o.fl. Stærð svæðis 4,0 ha.	Skeljavík

### 8.1.6 Hafnarsvæði

#### HAFNARSVÆÐI

Á hafnarsvæðum tengist landnotkun fyrst og fremst hafsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu og starfsemi tengdri sjóflutningum og skipasmíði eða viðgerðum. Almenn skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðum. Þó er, í undantekningartilvikum, unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdum starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði. Hafnarsvæði eru svæði sem heyra undir stjórn viðkomandi hafnarstjórnar. Um skilgreiningu hafnarsvæða, sjá hafnalög og reglugerðir um einstakar hafnar. (Sjá einnig gr. 4.8 í skipulagsreglugerð).

#### MARKMIÐ:

Tryggt verði eðlilegt svigrúm fyrir þróun hafnarstarfsemi.

#### LEIÐIR:

- Lögð er áhersla á að gott framboð á lóðum undir hafntengda starfsemi

Innan hafnarsvæða er unnt að gera óverulegar breytingar á hafnarbakka, bryggjum og landfyllingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi, en gera skal grein fyrir slíkum breytingum í deiliskipulagi.

Hafnarsvæðin eru sýnd sem blágráum lit. Nýtingarhlutfall á hafnarsvæðum skal almennt vera að 0.2 – 0.6 .



Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
H1	Höfnin	Meðalstór fiskihöfn. Svæðið nýtist til hafnsækinnar atvinnustarfsemi. Svigrúm verði fyrir breytingar á núverandi húsnaði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir hafnsækna starfsemi eða skylda starfsemi sem hentar á þess konar svæðum. Stuðlað verði að aðlaðandi ásynd og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður. Stærð svæðis 4,4 ha.

## 8.2 BYGGÐ

### 8.2.1 Landbúnaðarsvæði

Innan þéttbýlis er eitt svæði sem skilgreint er sem landbúnaðarsvæði. Um er að ræða frístundabúskap á um 4 ha svæði í landi Skeljavíkur. Um svæði gilda þau landnotkunarákvæði sem skilgreind eru í kafla 3.1.1.

### 8.2.2 Svæði fyrir íbúðabyggð

#### ÍBÚÐASVÆÐI

Á íbúðasvæðum skal fyrst og fremst vera íbúðarhúsnaði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé og þjónusti íbúa viðkomandi hverfis. Hér er átt við starfsemi sem hvorki er talið að valda muni óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrifa né heldur dragi að sér óeðlilega mikla umferð. (Sjá einnig gr. 4.# í skipulagsreglugerð).

#### MARKMIÐ

Stuðla að samfelldari byggð með því að tengja byggðina betur saman. Að mynda byggð sem samsvarar sér vel og sé aðlaðandi jafnt fyrir íbúa sem ferðalanga. Að varðveita og efla þau lífsgæði sem felast í fagurri náttúru, landslagi og lífríki, jafnframt því að bæta innra umhverfi bæjarins. Varðveita og bæta götumynd elsta bæjarkjarnans. Ekki skal byggja nærri sjávarkambi en 50-100 m.

#### LEIÐIR



- Komið verði til móts við mismunandi þarfir íbúa með fjölbreyttu framboði íbúðagerða og lóða.
- Unnið verði deiliskipulag af elsta hluta bæjarins.

Í stefnumörkun aðalskipulagsins er gert er ráð fyrir að fullbyggja núverandi íbúðasvæði. Á þeim svæðum sem teljast til framtíðar íbúðasvæða er æskilegt að hafa eftirfarandi töflu um nýtingarhlutfall eftir húsagerðum til viðmiðunar þegar unnið er deiliskipulag eða það endurskoðað:

Húsagerðir	Íbúðir / ha	Nýtingarhlutfall
Einbýlishús	10 - 15	0,2 - 0,4
Raðhús	15 - 25	0,4 - 0,6
Sambýlishús (2-5 íbúðir)	25 - 35	0,6 - 0,8

#### Íbúápróun

Íbúápróun síðastliðinna ára í sveitarfélaginu Strandabyggð hefur verið neikvæð. Þegar litið er aftur til ársins 2000 þá hefur íbúum í sveitarfélaginu fækkað um 38 en 1. janúar 2009 bjuggu 490 í sveitarfélaginu. Íbúum hefur þó fjölgað nokkuð á árinu 2009 en íbúar í Strandabyggð voru orðnir 506 1. des 2009. Mynd 4.1 sýnir íbúápróun frá 2000-2009.



Mynd 8-3. Íbúapróun 2000-2009 og íbúaspá.

**Framtíðaríbúapróun**

Spár um íbúapróun miða gjarnan við þróun undanfarinna ára hvað varðar búferlaflutninga, aldursamsetningu íbúafjöldans og náttúrulega fjölgun, sem er þá framreiknuð til tiltekinna ára. Í aðalskipulagi Strandabyggðar er gengið út frá því að íbúum muni fjölga í takt við landsmeðaltal sem hefur verið um 0,5-1%. Gangi sú spá eftir þá er gert ráð fyrir að íbúar Strandabyggðar verði á bilinu 530-535 í lok skipulagstímabilsins (m.v. 0,5%). Þróun síðastliðinna ára þýddi það að íbúum myndi fækka áfram (sjá mynd 4.1).

**Núverandi byggð-landþörf og þéttleiki byggðar**

Núverandi þéttleiki á þegar byggðum svæðum er um 10 íbúðir/ha. Miðaðast skal við að halda í byggðamynstur á núverandi svæðum fyrir íbúðarbyggð þannig að þéttleiki verði áfram 10 íbúðir/ha, þ.e. lágreist sérbýlishúsa-eða parhúsabyggð með allt að 700-1000 m<sup>2</sup> lóðum. Þannig eru u.þ.b. 6-7 lóðir óbyggðar innan núverandi byggðar á Hólmavík (sjá töflu 4.1).

Götur	Byggt	Óbyggt
Austurtún	13	0
Borgabraut	11	0
Brattagata	3	0
Brunngata	3	1
Hafnarbraut	21	2-3
Höfðagata	6	0
Kópnesbraut	19	0
Lækjartún	19	1
Miðtún	4	2
Skólabraut	4	0
Vesturtún	2	0
Vítabraut	12	0
Víkurtún	16	0
Hús utan gatnakerfis	3	0
Alls	136	6-7

Tafla 8-1. Byggðar og óbyggðar lóðir á Hólmavík.



### Ný íbúðasvæði

Miðað við framreiknaða íbúðarþróun þá er þörf fyrir um 11-13 íbúðum á skipulagstímabilinu. Innan núverandi byggðar eru um 6-7 lóðir lausar. Miðað við það þá fullnægir það ekki þörfinni fyrir nýtt húsnæði á skipulagstímabilinu og er því gert ráð fyrir nýju svæði fyrir íbúðarbyggð í Brandsskjóli þar sem rými er fyrir 17-25 íbúðir miðað við þéttleikann 10-15 íb/ha.

Gert er ráð fyrir eingöngu einbýlishúsum á þeim lóðum sem eru lausar við Miðtún og Hafnarbraut. Í Plássinu er gert ráð fyrir að hægt verði að koma fyrir 1-2 húsum sem yrðu í samræmi við þær byggingar sem fyrir eru á svæðinu.

Svæðið (götuheiti)	Stærð í ha	Íbúðir
Brandsskjól	1,7	17-25



Mynd 8-4. Mynd yfir fyrirhugað byggingarsvæði í Brandsskjóli.

### 8.2.3 Svæði fyrir frístundabyggð

#### SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDBYGGÐ

Til frístundabyggðar teljast sumar- og orlofshúsasvæði, auk veiðihúsa og samsvarandi byggð sem ekki er ætluð til heilsársbúsetu. Til frístundahúsa teljast einnig fjallaskálar, gangnamannaskálar og neyðarskýli. (Sjá einnig gr. 4.11 í skipulagsreglugerð).

#### MARKMIÐ:

Um frístundabyggð gilda almennt þau markmið sem sett eru fram í kafla 7.2.1. Stefnir er að eflingu frístundabyggðar innan þéttbýlismarka vegna nálægðar við þjónustu m.a. í þeim tilgangi að skapa fólki fjölbætta aðstöðu á svæðinu og lengja dvalartíma þess. Gætt verði umhverfissjónarmiða við skipulagningu nýrra svæða fyrir frístundabyggð. Frístundabyggð verður ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúruvafars, náttúruauðlinda, sögu eða almenns útivistargildis. Ekki skal byggja nærri sjávarkambi en 50-100 m.



**LEIÐIR:**

- Frístundahús verði í samræmi við deiliskipulag.
- Skipulag frístundabyggðar taki mið af því halda opnum gömlum og hefðbundnum göngu- og reiðleiðum, og tryggi að-gengi að áhugaverðum útivistarsvæðum og náttúrufrýrbærum. Um ¼ hluti lands á frístundasvæðum verði til almennrar útivistar.
- Á frístundasvæðum skulu lóðir að jafnaði vera á stærðarbilinu ½ - 2 ha og nýtingarhlutfall skal ekki vera hærra en 0,03 en byggingar ekki stærri en 150 m<sup>2</sup>..
- Huga skal að menningarminjum og náttúrfari áður en deiliskipulagsvinna hefst til að koma í veg fyrir að mikilvægar minjar, jarðmyndanir og gróður-svæði verði fyrir áhrifum vegna framkvæmda.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
F1	Borgarbraut	Á svæðinu hafa verið byggð fimm frístundahús. Á svæðinu er heimilt að gera ráð fyrir 2-4 húsum til viðbótar. Hönnun byggðarinnar skal miða að því að byggðin falli vel að landslagi, s.s. með staðsetningu húsa, hæðarsetningu, formi bygginga og efnis- og litavali. Stærð svæðis 1 ha. Fjöldi húsa 7-9.
F2	Skeljavík	Svæðið er þrískipt og er heimilt að reisa allt að 10 frístundahús. Hönnun byggðarinnar skal miða að því að byggðin falli vel að landslagi, s.s. með staðsetningu húsa, hæðarsetningu, formi bygginga og efnis- og litavali. Stærð svæðis 7,5 ha.



Mynd 8-5. Frístundabyggð við Borgarbraut.



#### 8.2.4 Opin svæði til sérstakra nota

##### OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA

Í flokki opinna svæða til sérstakra nota eru svæði með útivistargildi þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við starfsemi sem þar er stunduð. Hér er t.d. um að ræða tjaldsvæði fyrir almenning, golfvelli, íþróttasvæði og skipulögð trjáræktarsvæði. (Sjá einnig gr. 4.12 í skipulagsreglugerð).

##### MARKMIÐ:

Fjölbreytt aðstaða sé fyrir hendi til leikja- og tólmundastarfs og aukin áhersla verði lögð á vistlegt umhverfi og trjárækt innan þéttbýlisins til skjólmyndunar og fegrunar. Tryggt verði gott aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda að útivistarsvæðum.

##### LEIÐIR:

- Uppbygging opinna svæða og aukin trjárækt.
- Uppbygging stígakerfis verði haldið áfram.

Útivistarsvæði og önnur svæði ætluð til útiveru eru verulegur þáttur í landnotkun byggðarinnar. Eftirfarandi eru helstu svæði í bænum sem flokkast sem opin svæði til sérstakra nota :

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
O1	Útsýnishóll	Útsýnishóll við höfnina. Umhverfisfrágangur og aðgengi verði í samræmi við hlutverk svæðisins. Stærð svæðis 0,05 ha.
O2	Gróðurreitur	Gróðurreitur og samkomusvæði neðan Hólmavíkurkirkju. Unnið verði áfram að uppbyggingu svæðisins. Gott aðgengi fótgangandi og hjólandi verði að svæðinu. Huga þarf að umhverfisfrágangi, gróðri, yfirborðsfrágangi og aðstöðu s.s. bekkjum.
O3	Gróðurreitur	Trjáreitir ofan byggðar. Hlúa skal áfram að reitnum. Stærð 1,7 ha.
O4	Íþróttavöllur	Unnið verði áfram að uppbyggingu íþróttasvæðis sem nýttist til fjölbreyttrar íþróttaiðkunar. Gott aðgengi fótgangandi og hjólandi verði að svæðinu og frágangur vandaður. Stærð svæðis 3,7 ha.
O5	Tjald- og hjólhýsasvæði	Á svæðinu er tjaldsvæði. Á svæðinu má gera ráð fyrir mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins sem tjaldsvæðis kallar á. Stærð svæðis 0,8 ha.
O6	Minnismerki	Á svæðinu er minnismerki Stefáns frá Hvitadal. Tryggja skal gott aðgengi fótgangandi og hjólandi verði að svæðinu. Stærð svæðis 0,2 ha.
O7	Leiksvæði	Nærleiksvæði innan byggðar. Unnið verði áfram að uppbyggingu m.t.t. skjólmyndunar. Umhverfisfrágangur og aðgengi verði í samræmi við hlutverk svæðisins.
O8	Kirkjugarður	Á svæðinu má gera ráð fyrir mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins kallar á. Stærð svæðis 0,3 ha.
O9	Akstursæfingasvæði	Á svæðinu er mótorkrossbraut. Á svæðinu má gera ráð fyrir mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins kallar á. Stærð svæðis 4,8 ha.
O10	Hermannslundur	Á svæðinu er minnisvarði og trjáreitir um Hermann Jónasson alþingismann Strandamanna. Áfram skal vinna að uppbyggingu svæðisins og huga þarf að umhverfisfrágangi, gróðri, yfirborðsfrágangi og aðstöðu s.s. bekkjum og tengingu svæðisins við önnur útivistarsvæði. Stærð svæðis 2,7 ha.



O11	Skeljavík	Á svæðinu er skógrækt. Unnið verði áfram að skógrækt á svæðinu en að þess verði gætt að skógrækt fari ekki nær friðlýstum fornminjum og öðrum merkjum minjum en 20 m. Vinna skal að uppsetningu fræðsluskiltis um bæjarrústirnar. Stærð svæðis 7,1 ha.
O12	Golfvöllur og íþróttavöllur	Á svæðinu er níu holu golfvöllur og íþróttavöllur. Unnið verði áfram að uppbyggingu svæðisins sem nýtist til fjölbreyttrar íþróttaiðkunar. Gott aðgengi fótgangandi og hjólandi verði að svæðinu og frágangur vandaður. Stærð svæðis 26,0 ha.

### 8.3 UMHVERFISÁHRIF VEGNA BYGGÐAR

Umfjöllun um jákvæð og neikvæð áhrif markmiða aðalskipulags Strandabyggðar varðandi íbúðarsvæði sneri að því að stuðla að þéttingu núverandi íbúðabyggðar með góðum tengslum við miðlæga þjónustu- og útivistarsvæði. Stuðlað verði að fjölbreyttu framboði íbúðagerð og lóða. Áhrif áforma sveitarfélagsins Strandabyggðar sem koma fram í aðalskipulagi 2010-2022 eru líkleg til að hafa jákvæð áhrif á samfélag en óveruleg áhrif á náttúrufarslega þætti og auðlindir.

Byggð	Umhverfisþættir		
	Náttúra	Auðlindir	Samfélag
Íbúðarbyggð	0	0	+

### 8.4 NÁTTÚRA OG VERNDARSVÆÐI

#### 8.4.1 Óbyggð svæði

##### ÓBYGGÐ SVÆÐI

Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð, þ.m.t. skógræktarsvæði. (Sjá einnig gr. 4.13 í skipulagsreglugerð).

##### MARKMIÐ:

Nauðsynlegt er að koma fyrir gróðurbeltum er minnka skaflamyndanir í byggðinni sem og til fegrunar og skjólmyndunar.

##### LEIÐIR:

- Áfram verði unnið að áætlunum um skógrækt og uppgræðslu.
- Áhersla á góðar gönguleiðir

Gróðurbelti umhverfis byggðina er stærsta opna svæðið innan byggðarinnar. Svæðið er eins og áður er getið ætlað til markvissrar gróðursetningar næstu 20 árin.

Samkvæmt skipulagslögum þá er ekki neinn landnotkunarflokkur sem nær til almennra útivistarsvæða og því eru slík svæði skilgreind sem óbyggð svæði. Um er að ræða öll opin svæði innan þéttbýlisins og í næsta nágrenni þess sem ekki eru skilgreind sem opin svæði til sérstakra nota.

#### 8.4.2 Vernd, vág og friðun

##### MARKMIÐ:

Skipulagsáætluninni er ætlað að skilgreina þjóðminjaverndarsvæði. Skipulagsáætluninni er ætlað að skilgreina svæði þar sem talið er að náttúruvág sé til staðar. Unnið verði að því að nýta sem best möguleika sem felast í friðuðum húsum og minjum á Hólmavík, til eflingar ferðabjónustu og betra mannlífs.

**LEIÐIR:**

- Áfram verði unnið að friðun götumynda í gamla bænum. Það eflir og bætir upplifun heimamanna sem og ferðamanna af sögu bæjarins og fjölbreytileika.

**Friðlýst hús**

Nr..	Friðlýst hús	Lýsing
p1	Gamli Barnaskólinn	Friðað af menntamálaráðherra 13. desember 2006, samkvæmt 4. mgr. 8. gr. laga nr. 104/2001 um húsafriðun. Friðunin nær til ytra borðs hússins. Hönnuður Rögnvaldur Ólafsson arkitekt. Byggt 1913.

**Náttúruvá**

Flóðahætta er hverfandi á Hólmavík, Talsverður sjógangur getur orðið á Hólmavík í suð- og austlægum áttum. Sjávarrof er við strönd á nokkrum stöðum og í þéttbýlinu á Hólmavík hafa verið byggðir sjóvarnargarðar á um 350 kafla meðfram Kópnesbraut og Höfðagötu og einnig við Hólmavíkurveg við fiskmarkaðshús. Í drögum að samgönguáætlun 2009-2012 er gert ráð fyrir nýjum sjóvarnargarði á um 105 m kafla austan við Rifshausinn frá enda sjóvarnar sem komin er við Höfðagötu. Gera þarf ráð fyrir sjóvörn vegna stækkunar hafnarsvæðis. Önnur náttúruvá er ekki talin fyrir hendi á Hólmavík.

**8.4.3 Hverfisverndarsvæði****HVERFISVERNDARSVÆÐI**

Um hverfisverndarsvæði gilda sérstök ákvæði sem sveitarstjórn setur, s.s. um verndun menningarsögulegra minja, náttúrminja eða trjágróðurs, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða. (Sjá einnig gr. 4.22 í skipulagsreglugerð).

**MARKMIÐ:**

Stuðlað verði að varðveislu náttúruminja, fornleifa og annarra söguminja, sem m.a. rennir styrkari stöðum undir ferðaþjónustu á svæðinu.

**LEIÐIR:**

- Í aðalskipulaginu eru svæði og staðir skilgreind sem hverfisverndarsvæði.
- Unnið verði deiliskipulag af þessum hluta bæjarins.

**Hverfisvernd**

Hverfisverndarsvæði er af tvennum toga, (i) hverfisverndarsvæði vegna náttúruverndar og (ii) hverfisverndarsvæði vegna minja og fornleifa.

Nokkrir staðir eru friðaðir ýmist vegna minja eða náttúru, en eins og gefur að skilja eru saga og náttúra samtvinnuð í bænum.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
H1	Árnaklakkur	Varðveita upprunalegu einkenni svæðisins.
H2	Strandlengja frá Hólmavík að Lækjarósi	Falleg strandlengja með fjölbreyttu fuglalífi.
H3	Kálphanes	Sjá umfjöllun í kafla 3.3.6

Tafla (i) náttúruminjar



Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
H4	Kópnes	Kópneskotið er mjög sérstakt og með mikla sérstöðu í bæjarmynd Hólmavíkur. Húsið virðist hafa verið torfbær þar sem að undirstöður torfveggjar eru sýnilegar vestanvið. Það minnir mjög á þá þurrabúðargerð sem steinbæirnir spruttu af í Reykjavík og víðar. Útihúsin eru ómissandi hluti af heildarmyndinni sem er afar heilsteypt, lítið kot á litlu nesi með tún og ósnortið flæðarmál allt í kring. Afar ljóðrænt hús og geðþekkt. Húsið er afbragðsgott dæmi um smábúskap inni í þéttbýli á fyrri hluta 20.aldar.
H5	Plássíð	Mikið varðveislugildi vegna heildstæðrar götumyndar sem varðveist hefur. Nýbyggingar innan svæðisins skulu því vera í samræmi við þær byggingar sem fyrir eru. Elsta húsið í Plássinu er Riis húsið sem byggt var 1896 en það yngsta 1952. Flest húsin eru byggð 1920-1935.
H6	Skeljavík	Bæjarrústir Skeljavíkur. Bæjarins er fyrst getið í máldaga Kálfaneskirkju árið 1397, en þá var hún eign kirkjunnar og var það enn 1709.

Tafla (ii)minjar

## 8.5 SAMGÖNGUR OG VEITUR

### 8.5.1 Vegir

#### VEGIR

**Skipulagsáætlunin staðfestir núverandi vegakerfi Vegagerðarinnar. Lýsing vegakerfisins er samkvæmt flokkunarkerfi Vegagerðarinnar í stofnbrautir og tengibrautir. Safnvegir eru einungis sýndir til skýringar á skipulagsupprætti. (Sjá einnig gr. 4.16 í skipulagsreglugerð.)**

#### MARKMIÐ:

Ávallt sé unnið að öryggi í umferð og flutningum. Þær aðstæður séu skapaðar að öryggi sé sem mest bæði á vegum úti, sem og í þéttbýlinu. Lögð skal áhersla á heildarsýn á umferðarkerfi bæjarins.

#### LEIÐIR:

- Götur innanbæjar á Hólmavík verð lagðar bundnu slitlagi.
- Útbúnar verði göngu-/ hjólaleiðir innan þorpsins á Hólmavík.

Flokkun gatnakerfis miðast við hefðbundna flokkun gatna í stofnvegi, tengivegi, safngötur og húsagötur. Samkvæmt skipulagsreglugerð er einungis gerð grein fyrir stofnbrautum og tengibrautum á skipulagsupprætti. Safngötur og húsagötur eru teknar saman undir samheitinu „aðrar götur“ og eru einungis sýndar til skýringar á upprætti. Um veghelgunarsvæði sjá kafla 4.3.1. Hávaðamæling hefur ekki verið gerð enda uppfylla umferðartölur ekki bráðabirgðaákvæði *reglugerðar um hávaða nr. 933/1999*.

#### Stofnvegir

Djúpvegur (61) liggur um sveitarfélagið og í útjaðri Hólmavíkur og í raun í gegnum bæinn sé Skeljavíkur hluti hans tekinn með. Djúpvegur er lagður bundnu slitlagi að tveimur þriðju hlutum og er malarhlutinn víða ekki góður. Hólmavíkurvegur (67) telst einnig stofnvegur, en hann liggur af Djúpvegi og inn í bæinn eins og kunnugt er. Hólmavíkurvegur er einungis 1.63 km á lengd og nær að sýslumannshúsinu en þar tekur við Hafnarbraut. Hólmavíkurvegur er lagður bundnu slitlagi.



## Aðrar götur

**Safngötur** Götur sem flokka má sem safngötur á Hólmavík eru eftirfarandi : Brattagata sem er nyrst, Höfðagata, Kópnesbraut, Brekkugata, Vitabrekka, Vitabraut (að hluta, þ.e. við báða enda götunnar) og Höfðatún í Höfðahverfi. Í iðnaðarhverfinu er Skeiði að hluta til safngata.

**Húsaqötur** Eftirtaldir húsaqötur eru í bænum : Vitabraut, Skólabraut, Borgarbraut og Brunnngata í eldri hluta bæjarins. Í Höfðahverfinu eru Austurtún, Víkurtún, Vesturtún, Miðtún og Lækjartún.

Gerð er tillaga að breyttu fyrirkomulagi gatnakerfis Hafnarbrautar þar sem núverandi Hafnarbraut er gerð að vistgötu en nýr vegur verði lagður meðfram höfninni og ný tenging vestan við Galdrasafnið (sjá skýringarmynd). Mögulegt framtíðarfyrirkomulag er að færa þungaflutninga út fyrir gamla bæinn. Ljóst er að sú framkvæmd er mjög kostnaðarsöm og því óvíst hvenær af henni gæti orðið en sveitarfélagið áskilur sér þann rétt að breyta aðalskipulagi þegar hægt verður að fara í þessa framkvæmd. Gert er þá ráð fyrir að Hafnarbraut verði að stofnbraut, neðan við kirkjuna og í stað þess að beygja inn á milli húsa fylgir hún sjónum á brún uppfallingarinnar, beygir utan um Höfða og heldur áfram á uppfallingu neðan við gömlu fiskimjölsverksmiðjuna neðan við Hlein. Þar með verður þungaflutningur beint frá íbúðarhúsum við Hafnarbraut.



Mynd 8-6. Mynd sem sýnir mögulegt gatnakerfi innan Hólmavíkur, annað eru hugmyndir sem settar voru fram á vinnutíma aðalskipulagsins en eru ekki á áætlun.

## Stígakerfi

Meginhluti stígakerfisins eru gangstéttir með fram götum bæjarins. Stofnstígar tengja saman hverfi og megináfangastaði. Þeir eru að hluta jafnframt meginhjólaleiðir. Auk stígakerfisins inni í bænum er net helstu útivistarstíga. Meginútivistarstígar eru sýndir á aðalskipulagsupprætti en stofnstígar eru meðfram helstu götum bæjarins.

Reiðleið liggur meðfram Djúpvegi að hluta sem leið liggur framhjá flugvöllinum og tengist svo aftur Djúpvegi skammt frá Kálfanesi.





### Flugsamgöngur

Flugsamgöngur eru eingöngu að Gjögri og þar sem þar er um langan veg að fara er sá völlum ekki nýttur af íbúum í Strandabyggð. Flugvöllurinn sem liggur við Hólmavík er Neyðarflugvöllur með lágmarks viðhaldi.

#### 8.5.2 Rafveita

##### RAFVEITA

Til rafveitna telst stofnkerfi veitnanna, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi ásamt helgunarsvæðum. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

Stofnlínur Orkubús Vestfjarða færa raforku til Hólmavíkur frá Þverárstöð. Vísað er í þéttbýlisupprátt til að sjá legu stofnæða í þéttbýlinu.

#### 8.5.3 Hitaveita

##### HITAVEITA

Til hitaveitna telst stofnkerfi veitnanna, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

##### MARKMIÐ:

Sem fyrst verði lögð hitaveita á Hólmavík.

##### LEIÐIR:

- Kannaðir verði möguleikar á lagningu heitavatnslagnar frá Hveravík.

Hitaveita er ekki á Hólmavík en áhugi hefur lengi verið fyrir lagningu slíkrar veitu. Árið 1980 var boruð grunn hitastigulshola, en gaf ekki góðan árangur. Í greinargerð Aðalskipulags Hólmavíkur 1994 -2014 kemur þrátt fyrir það fram að líkur séu á leitað verði að heitu vatni í Hólmavíkurhreppi (nær kaptúninu) á næstu árum og sé það vegna þess að líklega sé óhagkvæmt að flytja heitt vatn frá Hveravík hinu megin við Steingrímsfjörð.

Nýverið hefur einkafyrirtæki (Hveraorka ehf) staðið fyrir borun til að ná upp heitu vatni í Hveravík handan fjarðarins með það að augnamiði að koma hitaveitu til Hólmavíkur. Fyrstu niðurstöður benda til að holan anni heitavatnspörf Hólmavíkur léttilega. Lagning stofnæðar yfir Steingrímsfjörð er talinn kostnaðar þröskuldur enn sem komið er.

#### 8.5.4 Vatnsveita

##### VATNSVEITA

Til vatnsveitu teljast stofnkerfi veitunnar, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

##### MARKMIÐ:

Mikilvægt er að standa er standa vörð um þau verðmæti sem gott vatnsból Hólmvík er.

##### LEIÐIR:

- Markviss vöktun er tryggir rekstraröryggi, tryggja afhendingu og vatnsgæði.
- Sveitarstjórn vinni markvisst að auka við þjónustu vatnsveitunnar

Vatnsveita er á Hólmavík. Vísað er í þéttbýlisupprátt til að sjá legu stofnæða í þéttbýlinu. Staðsetning vatnsbóls, grannsvæði og fjarsvæði eru sýnd á skipulagsupprætti. .



### 8.5.5 Fráveita

#### FRÁVEITA

Til fráveitu teljast rotþrær og stofnkerfi fráveitu, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

#### MARKMIÐ:

Hagkvæm lausn verði fundin á frárennismálum sveitarfélagsins í þéttbýli. Stefnt er að því að mengun frá fráveitu verði ætíð í lágmarki með því að tryggja heilbrigða losunarhætti. Að fráveitur í Strandabyggð uppfylli öll þau skilyrði sem sett eru í lögum og reglugerðum um málaflokkinn

#### LEIÐIR:

- Útrásir í sjó verði lengdar til að tryggja að viðtaki sé nægilega góður.
- Átak verði gert í að kortleggja lagnir í þorpinu og laga ástand þeirra.
- Ástand frárennislagna við íþróttahús verði kannað.
- Sett verði rotþró við Vesturtún og afrennilið leitt í sjó fram.
- Á þeim svæðum í þorpinu þar sem frárennili fer í rotþró, verði tryggt að húsaskolp og ofanvatn sé aðskilið.

Á Hólmavík er ástand fráveitu á þá leið að af 11 ræsum í bænum ná nokkur þeirra of stutt út í sjó, þar sem þau koma upp úr sjó á fjöru og reyndar oftár. Sérstaklega er það út frá Vesturtúni, sem lögnin er of stutt. Úti fyrir er þó viðtakinn almennt góður. Þynning frárennslis var mæld árið 2000 og var þá í mjög góðu lagi.

Helsta fráveituvandamálið er hið mikla magn rækjuskeljar sem fer í frárennili sem skapar mikinn vanda. Bæði vegna mikils vatns sem þarf til að flytja skelina um kerfið, en jafnframt vegna áhrifa í viðtakanum. Á Hólmavík eru ekki aðskilin kerfi fyrir húsaskolp og ofanvatn. Vísað er í þéttbýlisupphrátt til að sjá legu stofnæða í þéttbýlinu.

## 9 HEIMILDIR

### 9.1 RITAÐAR HEIMILDIR:

Arinbjörn Vilhjálmsson 1997-2000. Húsakönnun Hólmavíkur.

Aðalskipulag Kirkjubólshrepps, drög. Benidikt H. Björnsson.

Aðalskipulag Hólmavíkur 1994-2014.

Alþingi 1997: Skipulags- og byggingarlög m.s.b. Stjórnartíðindi A, nr. 73/1997, 23 bls.

Byggðastofnun 1999: Byggðir á Íslandi, aðgerðir í byggðamálum, 42 bls.

Byggðastofnun 1999: Byggðir á Íslandi, aðgerðir í byggðamálum, 42 bls.

Byggðastofnun 2001: Byggðarlög í sókn og vörn, Svæðisbundin greining á styrk, veikleika, ógnunum og tækifærum byggðarlaga á Íslandi, 188 bls.

Ferðamálaráð Íslands 2002: Auðlindin Ísland, 56 bls.

Félagsmálaráðuneytið 2005: Lokatillögur nefndar um sameiningu sveitarfélaga, 63 bls.

Fornleifastofnun Íslands: Svæðisskráning Fornleifa fyrir fyrrum Kirkjubólshrepp.

Húsafriðunarnefnd ríkisins 2000: Skrá yfir friðuð hús, lög reglugerðir og samþykktir, 133 bls.

Náttúrustofa Vestfjarða 2009: Gróður í Steingrímsfjarðarbotni Unnið fyrir Vegagerðina, Hafdís Sturlaugsdóttir, 11 bls.

Jón Benjamínsson 1981. Jarðhiti í Strandasýslu 11858 Orkustofnun OS-81017/JHD-11 79

Náttúruverndarráð 1996: Náttúruminjaskrá. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar. Reykjavík, 7. útgáfa, 64 bls.

Rit Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal (1983). Gísli Kristjánsson og Björn Sigfússon bjuggu til prentunar. Búnaðarfélag Íslands, Reykjavík.

Samgönguráðuneytið 2001: Samgönguáætlun 2003-2014. Tillaga stýrihóps.

Samgönguráðuneytið 2002: Þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005.

Samgönguráðuneytið 2003: Þingsályktun um samgönguáætlun 2003-2006.

Samgöngur á nýrri öld.

Siglingastofnun Íslands 2004: Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir árið 2004, 121 bls.

Skipulagsstofnun 2003: Leiðbeiningar um gerð Aðalskipulags

Skipulagsstofnun 2005: Leiðbeiningar um flokkun umhverfispátta, viðmið og vægi umhverfisáhrifa.

Vegagerðin 2002: Námur, efnistaka og frágangur.

Vegagerðin og Landssamband hestamanna 2006: Reiðvegir, gerð og uppbygging, 56 bls.

Veiðimálastofnun 2005: Lax- og silungsveiðin 2004, 29 bls. .

### 9.2 VEFÍÐUR:

Byggðarannsóknarstofnun Íslands: [www.brsi.is](http://www.brsi.is)

Flugmálastjórn Íslands: [www.caa.is](http://www.caa.is)

Frjálsa alfræðiritið: <http://is.wikipedia.org>

Hagstofa Íslands: [www.hagstofan.is](http://www.hagstofan.is)

Húsafriðunarnefnd ríkisins: [www.hfrn.is](http://www.hfrn.is)



Landsvirkjun: [www.lv.is](http://www.lv.is)

Landnet: [www.landsnet.is](http://www.landsnet.is)

Nordic Adventure Travel: [www.nat.is](http://www.nat.is)

Orkustofnun: [www.os.is](http://www.os.is)

Siglingastofnun Íslands: [www.sigling.is](http://www.sigling.is)

Norðurlandskógar: [www.nls.is](http://www.nls.is)

Umhverfisstofnun: [www.ust.is](http://www.ust.is)

Veðurstofa Íslands: [www.vedur.is](http://www.vedur.is)

Vegagerð ríkisins: [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is)

Norðurlandsvefurinn: [www.nordurland.is](http://www.nordurland.is)

## 10 VIÐAUKI

Umhverfispáttur	Forsendur	Upplýsingar	Matsspurning	Viðmið	Umhverfisvísar
Náttúra					
Landslag	Áhrif stefnumörkunar á ásjón landslags, þ.e. vegna aukinnar byggðar, samgöngumanvirkja og háspennulína.		Hefur áætlun áhrifa: Náttúrulegt landslag? Ásjón sveitarfélagsins?	Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Sjá markmið og leiðir um vernd náttúru Íslands og sjálfbæra nýtingu auðlinda. Skoða sérstaklega 9. kafla í III. hluta þar sem fjallað er um vernd víðernis.  Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Sjá 1. gr um markmið laganna og V kafla um landslagsvernd einkum gr. 34-37. Reglugerð um náttúruvernd einkum gr. 37. Skipulags- og byggingarlög. Sjá 1. gr. um markmið og 9. gr. um skipulagsskyldu og skipulagsreglugerð nr. 400/1998 gr. 4.9.2, 4.19.1. og gr. 10.2 Rammaáætlun II, sjá skýrslur faghóps 1.	



<p>Jarðfræði og jarðmyndanir</p>	<p>Áhrif stefnumörkunar kann að hafa bein áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir. Annars vegar að nýtt land er tekið undir byggð og samgöngumanvirki og hins vegar vegna efnisþarfa/námutöku við uppbyggingu.</p>		<p>Viðkvæm svæði? Svæði eða stök með verndargildi?</p>	<p>Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Sjá 8.kafli í III. hluta þar sem fjallar eru um jarðmyndanir. Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Sjá 1. gr um markmið laganna og V kafli um landslagsvernd einkum gr. 34-37. Reglugerð um náttúruvernd einkum gr. 37. Náttúruminjaskrá Náttúruverndaráætlun 2004-2008 og 2009-2013 sjá markmið náttúruverndaráætlunar. Rammaáætlun II, sjá skýrslur faghóps 1. Samráð/álit: Umhverfisstofnun</p>	
<p>Gróðurfar og dýralíf</p>	<p>Áhrif stefnumörkunar kann að hafa bein áhrif á lífríki. Áhrif vegna nýrra svæða sem tekin eru undir byggð eða mannvirki. Einnig eru óbein áhrif möguleg, t.d. vegna aukinnar umferðar, hávaða og framkvæmda.</p>	<p>Náttúrustofa Vestfjarða, Gróður í Steingrímsfja rðarbotni Unnið fyrir Vegagerðina</p>	<p>Stærð verndarsvæða? Mikilvæg búsvæði? Mikilvæg gróðursvæði? Hverfisverndarsvæði? Votlendi? Líffræðilegan fjölbreytileika? Sjaldgæfar vistgerðir? Válistategundir?</p>	<p>Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Sjá 7.kafli í III. hluta þar sem fjallar er um vernd lífríkis Íslands. Náttúruverndaráætlun 2004-2008 og 2009-2013 sjá markmið náttúruverndaráætlunar. Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Sjá 1. gr um markmið laganna og V kafli um landslagsvernd einkum gr. 34-37. Reglugerð um náttúruvernd einkum gr. 37. Náttúruminjaskrá Ríósamningur um líffræðilegan fjölbreytileika, Bernarsamningur um verndun búsvæða. Samráð/álit Umhverfisstofnun, Veiðimálastofnun,</p>	
<p>Vatnafar</p>	<p>Áhrif stefnumörkunar kann að hafa bein áhrif á vatnsverndarsvæði og vötn sem njóta sérstakrar verndar.</p>		<p>Vatnsverndarsvæði (brunn-, grann-eða fjarsvæði)? Vötn sem eru stærri en 1000m<sup>2</sup>? Ár og lækir?</p>	<p>Reglugerða um neysluvatn nr. 536/2001 og þá sérstaklega 9. grein. Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns. Reglugerð nr. 785/1999 um starfsemi sem getur haft í för með sér mengun.</p>	



				<p>Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Sjá 1. gr um markmið laganna og V kafla um landslagsvernd einkum gr. 34-37. Reglugerð um náttúruvernd einkum gr. 37.</p> <p>Samráð/álit: Heilbrigðiseftirlit Norðurlands Vestra</p>	
--	--	--	--	---	--

Umhverfisþáttur	Forsendur	Upplýsingar	Matsspurning	Viðmið	Umhverfisvísar
Auðlindir					
Landrými	Áhrif stefnumörkunar hefur bein áhrif á landrými sem fer undir byggð og samgöngumannvirki.		<p>Stærð byggðra svæða?</p> <p>Nýtingu landrýmis (íbúðir/ha) og samgöngur?</p> <p>Hlutfall milli byggðs og óbyggðs lands</p>	Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Sjá markmið og leiðir um vernd náttúru Íslands og sjálfbæra nýtingu auðlinda. Skoða sérstaklega 9. kafla í III. hluta þar sem fjallað er um vernd víðernis.	
Verndarsvæði	Áhrif stefnumörkunar kann að hafa áhrif á verndarsvæði.	Náttúruminjaskrá. Náttúruverndaráætlun	<p>Stærð verndarsvæða?</p> <p>Fjöldi verndarsvæða?</p> <p>Gæði/eðli verndarsvæða?</p>	<p>Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Sjá markmið og leiðir um vernd náttúru Íslands og sjálfbæra nýtingu auðlinda. Skoða sérstaklega 9. kafla í III. hluta þar sem fjallað er um vernd víðernis.</p> <p>Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Sjá 1. gr um markmið laganna og V kafla um landslagsvernd einkum gr. 34-37. Reglugerð um náttúruvernd einkum gr. 37.</p> <p>Náttúruminjaskrá</p> <p>Náttúruverndaráætlun 2004-2008 og 2009-2013 sjá markmið náttúruverndaráætlunar.</p> <p>Samráð/álit: Umhverfisstofnun</p>	
Orka	Áhrif stefnumörkunar hefur bein áhrif á orkunotkun, sérstaklega m.t.t. samgangna og		Orkunotkun (heild og á hvern íbúa)	Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Sjá kafla 2-10 um sjálfbæra nýtingu auðlinda.	





	uppbyggingu nýs iðnaðar.				
Vatn	Áhrif stefnumörkunar hefur bein áhrif á vatnsnotkun. Fjölgu íbúa og atvinnustarfsemi		Vatnsnotkun/íbúa Vatnsstöðu vatnsbóla? Þörf á nýjum vatnsbólum?	Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns. Reglugerð nr. 785/1999 um starfsemi sem getur haft í för með sér mengun. Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Sjá 1. gr um markmið laganna og V kafla um landslagsvernd einkum gr. 34-37. Reglugerð um náttúruvernd einkum gr. 37. Samráð/álit: Heilbrigðiseftirlit Norðurlands Vestra	
Jarðefni	Áhrif stefnumörkunar hefur áhrif á jarðefnanotkun, þ.e. vegna uppbyggingar.		Fjöldi náma?	Stefna aðalskipulags um námur. Námur- Efnistaka og frágangur	

Umhverfisþáttur	Forsendur	Upplýsingar	Matsspurning	Viðmið	Umhverfi svísar
Samfélag				Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Sjá kafla II.1 um heilnæmt andrúmsloft. Vegalög nr. 80/2007. Einkum 1. gr. og kafli IX um öryggi vega og umferðar. Samgönguáætlun 2007-2010. Sjá sérstaklega markmið 1.3. um umhverfislega sjálfbærar samgöngur	
Samgöngur	Áhrif stefnumörkunar hefur bein áhrif á samgöngukerfi og umferð	Samgönguáætlun 2002-2014 Umferðaspá Vegagerðarinnar (2004)	Ferðavenjur og fjöldi ferða? Akstursvegalengdir? Landrými fyrir samgöngumannvirki? Þjónustustig	Byggingaráætlun 2006-2009. Sjá megin áætlunarnnar um að bæta búsetuskilyrði á landsbyggðinni og efla samkeppnishæfni landsins. Sjá aðgerðir í byggðarmálum og svæðisbundna vaxtarsamninga sbr. vaxtarsamning fyrir	Daglegur ferðamat í til vinnu. Umferð og tegund umferðar



			samgöngukerfis? Aðgengi gangandi-, hjólandi og ríðandi vegfarenda?	Suðurland. Ferðamálaáætlun 2006-2015. Sjá markmið, leiðir og áherslur stjórnvalda í fjölmörgum grunnþáttum greinarinnar. Fjarskiptaáætlun 2005-2010. Sjá helstu markmið um háhraðanet, örugga fjarskiptaþjónustur, stafrænt sjón- og hljóðvarp.	
Efnahagur	Atvinna		Fjölbreytt atvinnutækifæri?	Skipulags- og byggingarlög. Sjá 1. gr. um markmið og 9. gr. um skipulagsskyldu og skipulagsreglugerð nr. 400/1998 gr. 4.2.2,	Fjöldi starfa í sveitarfél aginu.
Félagslegt umhverfi	Áhrif stefnumörkunar hefur áhrif á íbúapróun, húsnæðis- framboð og búsetukosti og útivistarsvæði		Fjölbreytt húsnæðisframboð ? Fjölbreytta búsetukosti? Íbúapróun?	Reglugerð 933/1999 um hávaða. Inniheldur viðmiðunargildi fyrir hávað við mismunandi aðstæður. Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði. Sjá 1. gr. um markmið sem er að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum loftmengunar á heilsu manna og umhverfið, meta loftgæði á samræmdan hátt, afla upplýsinga um loftgæði og viðhalda þeim þar sem þau eru mikil eða bæta þau ella. Jafnframt að draga úr mengun lofts. Reglugerð 1000/2005 um kortlagningu hávaða. Tilgreindir eru staðir þar sem kortleggja þarf hávaða.	
Heilsa	Áhrif stefnumörkunar kann að hafa áhrif á heilsu íbúa. Fyrst og fremst vegna mengunar frá umferð (útblastur og hávaði).	Reglugerð nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða.	Loftgæði (sbr. 2.1)? Fjölda/stærð svæða þar sem hljóðstig er yfir viðmiðunarmörku m?	Lög nr. 107/2001 um þjóðminjar. Sjá 1. gr. um markmið laganna. Samráð/álit: Fornleifavernd ríkisins.	Hávaði vegna umferðar
Menningarminja r	Áhrif stefnumörkunar kann að hafa áhrif á menningarminjar.		Fornminjar? Húsavernd? Búsetu/menningarl andslag?	Vegalög nr. 80/2007. Einkum 1. gr. og kafli IX um öryggi vega og umferðar. Samgönguáætlun 2007-2010. Sjá sérstaklega markmið 1.4	



				<p>um öryggi</p> <p>Lög nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Sjá 1. gr. laganna um að unnið skuli að vörnum og gegn tjóni og slysum af völdum snjóflóða og skriðufalla. Sjá einnig 4. gr. um að vinna skuli hættumat vegna ofanflóða og reglugerð nr. 637/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.</p> <p>Reglugerð nr. 505/2007 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðbirgðahættumats. Sjá einkum 11. gr. um staðaráhættu, 17-21. gr. um flokkun, skilgreiningu og nýtingu hættusvæða og 22. gr. um varnarvirki.</p> <p>Samráð/álit: Veðurstofa Íslands, Vegagerðin</p>	
Öryggi	Athuga þarf stöðu byggðar og samgöngumannvirki m.t.t. náttúruvár. Fyrst og fremst um að ræða jarðskjálfta og vatnsflóð.		<p>Er/verður náttúruvá til staðar á:</p> <p>Núverandi byggðasvæðum?</p> <p>Nýjum byggðasvæðum?</p> <p>Núverandi samgöngumannvirki?</p> <p>Nýjum samgöngumannvirki?</p>	<p>Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Sjá 1. gr. um markmið sem er að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og mengi ekki vatn, jarðveg né andrúmsloft, svo og draga úr hættu sem förgun úrgangs getur haft á heilsu manna og dýra.</p>	
Sorp og fráveita	Áhrif stefnumörkunar hefur áhrif á losun úrgangs.		<p>Hefur áætlun áhrif á:</p> <p>Sorpförgun?</p> <p>Veitukerfi</p>	<p>Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Sjá 1. gr. um markmið sem er að vernda almenning og umhverfið, einkum vatn og umhverfi þess, gegn mengun af völdum skólps. Einnig að koma á samræmdri og kerfisbundinni söfnun, meðhöndlun og hreinsun skólps frá tilteknum atvinnurekstri.</p>	